

**FYRIRMYNDIN AÐ REGNMANNINUM**
FÓLK 28



## SIMMI OG JÓI

**Stofnun Hamborgarafabrikkunnar verður efniviður í raunveruleikaþætti**

VIÐTAL 12






SPOTTIÐ 16


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

2. janúar 2010 — 1. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**VIÐTAL** 32



**Oddný Eir Ævarsdóttir rithöfundur í yfirheyrslu**

**ARKITEKTÚR** 22

**Verðlaunaarkitektar vilja byggja borg**

**TÍSKA** 42

**Það sem hæst bar 2009**



**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**






**TÍU HEIÐRAÐIR Á NÝÁRSDAG** Forseti Íslands veitti í gær tíu Íslendingum riddarakross fálkaorðunnar fyrir störf þeirra fyrir samfélagið. Vegna þessa mættu nýju orðuhafarnir á sérstaka hátíðarathöfn á Bessastöðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fær afhentar sextíu þúsund undirskriftir

**Forseti Íslands fær í dag afhentar undirskriftir hátt í sextíu þúsund Íslendinga sem skora á hann að synja Icesave-lögum stjórnvalda staðfestingar. Forsetinn segir að ætíð þurfi að meta aðstæður og afleiðingar þess að fela þjóðinni vald.**

**STJÓRNMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fær klukkan ellefu í dag afhentar undirskriftir tugþúsunda Íslendinga sem fara fram á að hann synji nýsamþykktum Icesave-lögum ríkisstjórnarinnar staðfestingar.

Undirskriftirnar nálguðust í gær sextíu þúsund. Til samanburðar skrifuðu tæplega 32 þúsund undir áskorun til forsetans um að hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar árið 2004. Hann varð við þeirri ósk, og vísaði til þess að gjá hefði myndast milli þingvilja og þjóðarvilja.

Ólafur Ragnar tók sér á gamlársdag tíma til að ákveða hvort hann myndi staðfesta Icesave-lögin eða skjóta þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

> Vilji þjóðarinnar er einmitt hornsteinninn sem stjórnskipan lýðveldisins hvílir á.
>
> **ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**
> FORSETI ÍSLANDS

Í nýársávarpi sínu í gær nefndi forsetinn að nú væri vaxandi stuðningur við það í þjóðfélaginu að auka veg hins beina lýðræðis og að fólkið fengi sjálft að ráða í ríkari mæli. „Þá er rétt að hafa í huga að vilji þjóðarinnar er einmitt hornsteinninn sem stjórnskipan lýðveldisins hvílir á,“ sagði Ólafur.

Hann áréttaði að þótt forsetanum væri falið að tryggja að valdið sé hjá þjóðinni þá þyrfti ætíð að meta aðstæður og afleiðingar slíkra ákvarðana.

Jóhannes Þ. Skúlason, einn af forsvarsmönnum InDefence-samtakanna, sem standa fyrir undirskriftasöfnuninni, segist bjartsýnn á að forsetinn taki til greina vilja allra þeirra sem skrifað hafa undir áskorunina. - sh / sjá síðu 4

Besta plata ársins valin:

## Terminal best

**TÓNLIST Önnur plata hljómsveitarinnar Hjaltalín er besta plata ársins samkvæmt niðurstöðum tuttugu manna dómnefndar Fréttablaðsins.**

**Fjórða plata Hjálma, IV, fylgdi fast á hæla Hjaltalín, en nokkru neðar komu plötur Kimono, Bloodgroup og Diktu.**

- drg / sjá síðu 30





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



skiptibokamarkadur.is
– fyrir framhalds- og háskólanema



## SPURNING DAGSINS



*Óskar, eru ekki borgaryfirvöld komin þarna út á hálan ís?*

„Það er stundum sleipt á svellinu en þetta er fyrst og fremst gert til að Reykvíkingar geti notið útivistar við góðar aðstæður í fallegu umhverfi.“

Reykjavíkurborg hefur, eftir óskir frá almenningi, útbúið skautasvell á Reykjavíkurtjörn og á Rauðavatni. Óskar Bergsson er formaður borgarráðs og formaður framkvæmda- og eignaráðs.

Talsverðar annir hjá lögreglu, slökkviliði og slysadeild en engin alvarleg mál komu upp um áramótin:

# Gamlárskvöld og nýársnótt stórslysalaus

**LÖGREGLUMÁL** „Það var nokkuð mikið að gera, sérstaklega hjá slökkvibílunum,“ segir Hafsteinn Halldórsson, aðstoðarvarðstjóri hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Að sögn Hafsteins fóru slökkvibílar í 25 útköll frá því hálfátta að morgni gamlárdags fram til klukkan hálfátta að kvöldi nýársdags. Þar af voru þrettán útköll eftir miðnætti á gamlárskvöld. „Þetta voru að stórum hluta íkveikjur þar sem menn eru að kveikja í rusli og öðru. Það kemur af þessu nokkur eldur og mikill reykur en það gekk vel að ráða niðurlögum þessara elda,“ segir Hafsteinn.

Þá segir Hafsteinn að 48 sinnum hafi verið kallað eftir sjúkrabílum á nýársnótt. „Af því voru 24 neyðartilfelli sem er mjög mikið á einni næturvakt en ekki óvenjulegt á gamlárskvöldi. Mér skilst að þetta hafi síðan flestallt reynst minni háttar,“ segir hann.

Friðrik Sigurbergsson, læknir á slysadeild Landspítalans, segir talsvert marga hafa leitað til slysadeildar. Sá síðasti kom þangað rétt fyrir kvöldmat í gær með brunasár. „Í þeim rimmum sem urðu manna á milli slasaðist enginn alvarlega og ekki heldur þeir sem lentu í flugeldasprengjum. Það var aðeins rólegra yfirbragð yfir þessu miðað við það sem verið hefur áður,“ segir Friðrik.

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fengust þær upplýsingar að talsvert hafi verið að gera fram undir milli átta og níu á nýársmorgun. Engin alvarleg mál hafi komið upp. **- gar**



**BRENNAN Á GEIRSNEFI** Engin alvarleg slys urðu á fólki þegar landinn fagnaði nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fæðingardeild Landspítalans:

## Fyrsta barnið 16 marka stúlka

**FÓLK Fyrsta barn ársins 2010 fæddist þegar 28 mínútur voru liðnar af nýja árinu. Það var stúlka sem fæddist á fæðingardeild Landspítalans.**

**Stúlkan vó rúmlega sextán merkur og er 52 sentimetrar á lengd. Hún er þriðja barn foreldra sinna, sem eiga tvo drengi fyrir. Að sögn ljósmóður í Hreiðrinu gekk fæðingin ljómandi vel og mæðgunum heilsast vel. Fjölskyldan fór heim til sín í gærmorgun. - þeb**



**EFTIR ÁRÁSINA** Slasaður maður er fluttur á sjúkrahús í Bannu í Pakistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blóðbað á blakvelli í Pakistan:

## Banaði níutíu í sjálfsmorðsárás

**ERLENT** Talið er að um níutíu manns hafi látið lífið í sjálfsmorðsárás í Pakistan í gær. Fjöldi annarra er alvarlega særður.

Árásin var gerð þar sem fram fór blakmót í norðvesturhluta Pakistans. Talið er að árásarmaðurinn hafi sprengt um 250 kílóa sprengju sem var í ökutæki sem hann ók inn á blakvöllinn. Auk þess að stráfella þá sem voru í kring hrundu nærliggjandi hús undan krafti sprengjunnar og óttast var að fólk væri grafið undir. Frá því að ríkisstjórnin í Pakistan fyrirskipaði í október hernum sókn gegn talibönum í Suður-Waziristan hafa um 500 manns farist. **- gar**



**TEKIÐ VIÐ ÁSKORUN** Þingmenn í fjárlaganefnd tóku ábúðarfullir við áskorun verktaka um að Vegagerðinni yrði gert kleift að bjóða út nýframkvæmdir á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Búið að ákveða að taka greinina af lífi

**Forstjóri verktakafyrirtækisins Magna er ómyrkur í máli í garð stjórnmálamanna. Hann segir ástandið í verktöku skelfilegt og sér ekki ljós í myrkrinu.**

**FRAMKVÆMDIR** „Það er búið að ákveða að taka greinina af lífi,“ segir Hilmar Konráðsson, forstjóri Magna verktaka. Hilmar fór fyrir Verktakalestinni svokölluðu sem á mánudaginn fyrir jól ók frá Hafnarfirði til Alþingis og færði fjárlaganefndarmönnum áskorun um að skila Vegagerðinni til baka óráðstöfuðum fjárheimildum og ráðast þegar í arðbærar framkvæmdir. Tæpum sólarhring síðar voru fjárlög næsta árs samþykkt. Ekki var tekið tillit til áskorunar verktakanna.

Hilmar segir ástandið í verktakabransanum skelfilegt. Verkefnum – og þar með störfum – hafi snarfækkað á stuttum tíma. Til marks um það má nefna að störfum í jarðvinnu og byggingariðnaði hefur fækkað úr meira en sautján þúsund árið 2007 í um þrjú þúsund nú.

Hann segir ekkert gefa tilefni til að ætla að staðan batni á næstunni, engin teikn séu á lofti um aukin verkefni. „Það er búið að tala um hitt og þetta síðan í júní, tvöföldun Suðurlandsvegar og ég veit ekki hvað og hvað en það er allt dautt. Menn berja sér reyndar á brjóst og segjast ætla af stað með Landspítalann árið 2011 en þá verða bara engir verktakar eftir.“

Bág staða verktaka bitnar ekki aðeins á starfsfólki verktakafyrirtækjanna sjálfra. Hilmar bendir á að ekki færri en fjögur stór fyrirtæki í vélasölu séu ýmist hætt starfsemi eða glími við gríðarlegan rekstrarvanda. Hið sama hljóti að verða uppi á teningnum hjá verkfræðistofum.

En ekki eru allar vélar stopp. Hér og þar eru verktakar að störfum en Hilmar segir verkin öllu jafna ekki arðbær. „Sannleikurinn er sá að menn eru að vinna fyrir kannski sjötíu prósent af kostnaðaráætlunum. Það hefur áður verið reynt en aldrei gengið til lengdar. Menn verða ekki feitir á þessu, ef þeir yfirleitt geta klárað þessi verk.“

Hilmar segir verktaka gera sér fulla grein fyrir samdrættinum í samfélaginu en óhæfa sé að ráðast ekki í neinar nýjar framkvæmdir. Án slíks komist efnahagslífið ekki á skrið á ný. **bjorn@frettabladid.is**

Banaslys voru 25 árið 2009:

## Flestir létust í umferðinni

**SLYS** Á árinu 2009 létust 25 manns af slysförum á Íslandi. Árið 2008 létust tuttugu. „Flestir létust í umferðarslysum eða sautján, þrír í vinnuslysum, þrír í drukknunarslysum, einn í sjóslysi, einn í flugslysi en enginn í heima- og frítímaslysum,“ segir í frétt frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg sem skráð hefur banaslys frá árinu 1928. „Langflestir sem létust voru karlmenn eða 21 einstaklingur. Konur sem létust í slysum á árinu voru fjórar. Engin börn 14 ára og yngri létust af slysförum á árinu og er það annað árið í röð sem ekkert barn á þeim aldri deyr af slysförum.“ **- gar**



**ODDVITAR Á ALÞINGI** Ríkisstjórnin fékk Icesave-samninginn samþykktan á Alþingi daginn fyrir gamlársdag.

Fyrirtækið Standard & Poor's:

## Segja samþykki Icesave jákvætt

**EFNAHAGSMÁL Matsfyrirtækið Standard & Poor' hefur breytt mati á lánshæfi ríkissjóðs Íslands. Horfur í efnahagsmálum séu nú stöðugar í stað þess að vera neikvæðar. S&P segir samþykki Alþingis á Icesave-samningnum stuðla að því að tryggja Íslendingum erlent fjármagn. „Við væntum þess að forseti Íslands muni undirrita lögin þegar þar að kemur,“ segir fyrirtækið sem telur áætlaða lækkun skuldanna hins opinbera leiða til enn betri lánshæfiseinkunnar. - gar**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**Glænýr fiskur í allan dag.**

Opið í dag til klukkan 15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Biskup segir dómsdag verða þegar það sem hulið sé verður gert opinbert:

# Stöndum öll undir dómi Guðs

**TRÚMÁL** „Hin tæra, íslenska viðskiptasnilld var hátt rómuð, en lítt var spurt út í heilindi og heiðarleika, aga og trúfesti. Afleiðingin verður menning gagnkvæmrar tortryggni og vantrausts,“ sagði Karl Sigurbjörnsson, biskup þjóðkirkjunnar, í áramótaávarpi.

„Um næstu mánaðamót má vænta niðurstöðu rannsóknarnefndar um bankahrunið. Þjóðin bíður í ofvæni og kvíða þess sem boðað hefur verið sem einhver verstu tíðindi sem nokkur nefnd hefur þurft að færa. Það verður dómsdagur þegar það sem hulið hefur verið verður opinbert. Og hvað verður gert með það, hvernig munum við sem þjóð vinna úr því? Það varðar mestu. Við megum ekki gleyma því að við erum ekki aðeins undir dómi manna. Það er annar dómur sem við stöndum öll undir: Dómur Guðs,“ sagði Karl.

Biskup sagði menn óspara á yfirlýsingar og sleggjudóma. „Níð og mannorðsmorð eru söluvara og ósjaldan stundað af þeim sem hæst hrópa og ákafast veifa fánum siðavendninnar.“

Karl sagði að áður hefðu Íslendingar verið þekktir fyrir orðheldni og heiðarleika. „Menn stóðu við orð sín, handsöluðu skuldbindingar og stóðu við þær. Nú er sem mörgum finnist munnlegir samningar og fyrirheit lítils virði, flestallt sé afstætt. Okkar kynslóð hefur notað Excel til þess að kæfa samviskuna. Stjórnmálin hafa lengi snúist um ímyndir og slagorð, sýndarmennsku og gylliboð,“ sagði biskupinn. **- gar**



**SÉRA KARL SIGURBJÖRNSSON** Biskup segir mannorðsmorð ósjaldan stundað af þeim sem ákafast veifa fánum siðavendninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Kringlan
Opið 10–18 í dag
Útsala!
Úllen, dúllen, doff!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 31.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,6 | 125,2 |
| Sterlingspund | 201,11 | 202,09 |
| Evra | 179,38 | 180,38 |
| Dönsk króna | 24,101 | 24,243 |
| Norsk króna | 21,608 | 21,736 |
| Sænsk króna | 17,464 | 17,566 |
| Japanskt jen | 1,3477 | 1,3555 |
| SDR | 195,18 | 196,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

232,8087

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkissjóður styður knattspyrnusambandið í gegnum ÍSÍ og með sérframlögum:

# 360 milljónir af ríkisfé til KSÍ

**STJÓRNMÁL** Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur á síðastliðnum fimm árum fengið 360 milljónir króna úr ríkissjóði. Hafa peningarnir ýmist runnið í gegnum Íþrótta- og Ólympíusambandið (ÍSÍ) eða beint til knattspyrnusambandsins til afmarkaðra verkefna.

Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur hjá Samfylkingunni.

Á síðustu fimm árum hefur ÍSÍ fengið samtals tæpan milljarð króna af ríkisfé. Af þeirri fjárhæð voru 200 milljónir ætlaðar til framlaga til sérsambanda. KSÍ fékk rúmar 10 milljónir af þeim. Framlög til Afrekssjóðs ÍSÍ námu 145 milljónum. Hlutdeild KSÍ í þeim var 23 milljónir á þessum fimm árum.



**LANDSLIÐ** Knattspyrnusambandið fékk tæpar 200 milljónir í byggingu stúkunnar á Laugardalsvelli.

Bróðurpartur ríkisframlaga til KSÍ hefur verið til afmarkaðra verkefna. Á tímabilinu 2005-2009 fékk sambandið tæpar 200 milljónir vegna stúkunnar á Laugardalsvelli, 100 milljónir vegna sparkvalla sem KSÍ setti upp víða um land í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki, 27 milljónir hafa runnið til Mannvirkjasjóðs KSÍ og á síðasta ári styrkti ríkið sambandið um tvær milljónir króna vegna kvennalandsliðsins.

Í svari ráðherra kemur jafnframt fram að reiknað sé með að KSÍ fái 3,4 milljónir af 145,5 milljóna framlagi ríkisins til ÍSÍ á næsta ári.

Í svarinu segir enn fremur að KSÍ hafi nokkra sérstöðu meðal sérsambanda ÍSÍ með tilliti til umfangs starfseminnar. Iðkendur séu 19.200 manns. - bþs

Skemmdarverk á nýársnótt:

# Rúður brotnar í Grensáskirkju

**LÖGREGLUMÁL Rauðri málningu var skvett á Grensáskirkju og 24 rúður brotnar um miðnætti á gamlárskvöld. Lögregla fékk tilkynningu um skemmdarverkið þegar nítján mínútur voru liðnar af nýársnótt. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í gærkvöldi voru engar öruggar vísbendingar komnar fram um það hver eða hverjir kunna að hafa verið að verki. Visir.is hafði eftir Þuríði Guðnadóttur kirkjuverði að aðkoman hefði ekki verið falleg. Hún telur að verknaðurinn hafi verið skipulagður. „Það var lítið annað í stöðunni en að loka þessu, þrífa og gera klárt í nótt,“ sagði Þuríður.** - gar

# Háð mati hvert sinn hvort valdið skuli fært þjóðinni

**Ólafur Ragnar Grímsson hefur tekið sér frest til að ákveða hvort hann staðfestir lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Liðsmenn InDefence funda með forsetanum í dag og afhenda undirskriftalista sinn.**

**STJÓRNMÁL** Forseta Íslands ber að tryggja það að valdið sé hjá þjóðinni, „þótt ætíð verði að meta aðstæður og afleiðingar ákvarðana.“ Þetta sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í nýársávarpi sínu í gær. Ólafur ákvað á ríkisráðsfundi á gamlársdag að taka sér nokkurra daga frest til að ákveða hvort hann myndi skrifa undir lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Lögin voru samþykkt með þriggja atkvæða meirihluta á Alþingi að kvöldi 30. desember.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafa lýst því yfir að þau hafi skilning á ákvörðun Ólafs Ragnars að gefa sér umþóttunartíma í málinu.

Ólafur hyggst meðal annars hitta liðsmenn samtakanna InDefence að máli áður en hann tekur ákvörðunina og veita viðtöku lista með á sjötta tug þúsunda undirskrifta fólks sem skorar á hann að synja lögunum staðfestingar og skjóta þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

InDefence-liðar ganga á fund forseta klukkan ellefu í dag. „Við munum afhenda forseta undirskriftirnar með því orði að það sé vilji þessara einstaklinga að hann synji lögunum staðfestingar og leyfi þjóðinni að taka ákvörðun um það hvort þessi breytingarlög öðlist gildi eða ekki,“ segir Jóhannes Þ. Skúlason.

Jóhannes segist treysta forsetanum fyllilega til að meta með hagsmuni þjóðarinnar í huga hvort hann eigi að skrifa undir lögin eða ekki. „Við erum hins vegar mjög bjartsýnir á það að hann taki til greina vilja allra þessara einstaklinga,“ segir hann. Ekki síst í ljósi þess að þeir séu töluvert fleiri en þeir sem skoruðu á forsetann að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar 2004, og einnig í ljósi orði hans við samþykkt fyrri Icesave-laganna í ágúst. Þá sagðist hann skrifa undir lögin með sérstakri vísan til þágildandi fyrirvara Alþingis. stigur@frettabladid.is




**MÓTMÆLT Á BESSASTÖÐUM** Hópur fólks kom saman við Bessastaði þegar ríkisráðsfundur fór þar fram á gamlársdag. Fólkið krafðist þess að forsetinn myndi fela þjóðinni ákvörðunarvald um Icesave-samningana. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## GAGNRÝNIR SKIPAN DÓMARA EFTIR FLOKKSSKÍRTEINUM

Einn veikasti hlekkur íslenskrar stjórnskipunar er að sjálfstæði dómstólanna er ekki tryggt í stjórnarskrá, sagði forsetinn í nýársávarpi sínu og gagnrýndi pólitískar skipanir í dómarastöður.

„Ráðherrar hafa í áratugi ákveðið einir hverjir verða dómarar og stjórnendur á sviði löggæslu og réttarfars án þess að óháð, faglegt og opinbert hæfnismat færi fram. Það vita allir sem söguna þekkja að oft hefur hollustan við flokk ráðherrans verið mælikvarðinn sem mestu skipti; iðulega við hann stóðst nær alla tuttugustu öldina við val á sýslumönnum. Stjórnkerfið, ráðuneyti og eftirlitsstofnanir hafa líka liðið fyrir hið flokkslega mat við ráðningar og slík meinsemd veikti getu stofnana til að veita aðhald. Flokksskírteinið var í mörgum tilvikum mikilvægara en fagleg hæfni; vinátta eða vensl við ráðherra riðu baggamuninn. Þeirri skyldu að vera sannleikanum ávallt vitni í áheyrn valdhafanna var iðulega vikið til hliðar,“ sagði Ólafur.

Við endurreisn Íslands sé forgangsmál að breyta þessum þáttum til betri vegar.

Þá sagði Ólafur að nú þyrfti þjóðin að einhenda sér í uppbygginguna, „forðast eftir föngum eintóna og neikvæða umræðu, sundurlyndisfjandann sem svo er nefndur, en varðveita um leið lærdómana af mistökunum og hafa þá að leiðarljósi.“ Mikilvægt sé að byggja nýtt land á hófsemi og fyrirhyggju, „setja græðgina í skammarkrók sögunnar“ og „láta ekki sýndargróða glepja okkur sýn“.

Þá sagðist Ólafur eiga von á því að langan tíma tæki að leiða til lykta öll þau sakamál sem rísa í kjölfar hrunsins.



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR** Setti upp hlífðargleraugu en afþakkaði áramótahatt í Kryddsíldinni. MYND/STÖÐ 2

Setti ekki upp áramótahatt:

# Segist ekki láta hafa sig út í allt

**STJÓRNMÁL** „Þetta er bara spurning um að láta ekki hafa sig út í allt,“ sagði Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, aðspurð á visir.is í gær hvers vegna hún setti ekki upp áramóthatt eins og aðrir þátttakendur í Kryddsíld Stöðvar 2.

Á visir.is segir að þótt Margrét hafi ekki þegið hattinn hafi hún sett upp skotgleraugu líkt og hinir stjórnmálaforingjarnir til að brýna fyrir fólki að gæta að varkárni við meðferð skotelda. - gar

Stúlku leitað í Svíþjóð:

# Fjögurra ára stúlka hvarf

**SVÍÞJÓÐ Fjögurra ára gömul stúlka hvarf í Malmö í Svíþjóð á nýársnótt. Talið er að henni hafi verið rænt.**

**Stúlkan var með fjölskyldu sinni á Gustaf Adolf torgi þar sem mikill mannfjöldi kemur venjulega saman um áramót. Fjörutíu lögreglumenn og leitarhundar hafa leitað að stúlkunni síðan, sem er ófundin.** - þeb

## ÁRÉTTING

Styrkir vegna prófkjörsþátttöku Jórunnar Frímannsdóttur árið 2006 voru rúmar tvær milljónir króna. 2,2 milljónir borgaði hún sjálf. Í frétt um fjárframlög til frambjóðenda á gamlársdag var heildarupphæð prófkjörsins birt.




YOGA

byrjar 12.jan í Drafnarhúsinu í Hafnarfirði Strandgata 75

Styrkur - liðleiki - kyrrð - orka - mataræði

Aldur fólks mælist ekki í árum heldur sveigjanleika hryggjarsúlunnar.

Yoga 2 x í viku kl. 18.15 þriðjudaga og fimmtudaga

Sanngjarnt verð

Skráning hefst 7. jan í síma 6910381 og 5650381


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**NÝTT ÁR HEILSAR MEÐ BJARTVIÐRI**
Í dag verður hægur vindur og víða léttskýjað, síst þó norðan- og austanlands. Horfurnar eru svipaðar fyrir næstu daga, áfram verður svalt í veðri, fremur hægur vindur og víða bjart en él á stöku stað norðan og austan til.



**Á MORGUN**
Hæg vestlæg eða breytileg átt.

**MÁNUDAGUR**
Norðlægar áttir, 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 6° |
| Berlín | -1° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 4° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 1° |
| Orlando | 13° |
| Ósló | -10° |
| París | 4° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Gleðilegt
nýtt ár
Nova!
Það hefur fjölgað hratt á stærsta skemmtistað í heimi!
Við þökkum yfir sextíu þúsund viðskiptavinum okkar samfylgdina
á nýliðnu ári og bjóðum nýja félaga velkomna í hópinn.
0 kr. Nova í Nova – vertu með!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**KJÖRKASSINN**



*Verður næsta ár betra?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Varstu ánægð(ur) með Áramótaskaupið?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Páll Magnússon útvarpsstjóri var harðorður í áramótakveðju sinni:

# Gjöldum fyrir siðlitla viðskiptajöfra

**FJÖLMIÐLAR** Íslenska þjóðin geldur fyrir athafnir siðlítilla viðskiptajöfra og athafnaleysi getulítilla stjórnvalda. Þetta sagði Páll Magnússon útvarpsstjóri í harðorðri áramótakveðju Ríkisútvarpsins á gamlárskvöld.

Sagði hann að einn alvarlegasti fylgifiskur kreppunnar væri sá að traustið á ýmsum stofnunum og fyrirbærum í samfélaginu hefði að miklu leyti farið forgörðum. Það væri það sem erfiðast yrði að endurheimta.



**HARÐORÐUR** Páll skóf ekkert utan af því á gamlárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

„Reiðin stafar af því að réttlætiskennd fólks hefur verið gróflega misboðið. Það geldur nú fyrir athafnir siðlítilla viðskiptajöfra og athafnaleysi getulítilla stjórnvalda.

Til að bæta gráu ofan á svart eru margir helstu leikendurnir í þessari hörmungaruppfærslu enn að, þiggjandi háar stöður eða heimtandi sérstaka fyrirgreiðslu úr bönkum sem þeir sjálfir settu á hausinn til að geta hangið eins og hundar á roði á fyrirtækjum sem þeir sjálfir fóru ránshendi um og skildu eftir í blæðandi sárum,“ sagði Páll.

Þessu verði að linna til að græða særða réttlætiskennd þjóðarinnar og endurheimta glatað traust.

Þá sagði Páll að Ríkisútvarpið væri ein örfárra stofnana samfélagsins sem hefði tekist að varðveita traust sitt og trúverðugleika að svo miklu leyti sem það mætti mæla í könnunum. Reynt yrði að gæta þess að svo yrði áfram. - sh

Danskir hagfræðingar:

## Kreppan er ekki að baki

**DANMÖRK** Botninum er náð, en kreppan er þó fjarri því að vera búin. Þetta er álit 45 fremstu hagfræðinga Danmerkur sem þátt tóku í efnahagspallborði Ritzau-fréttastofunnar og viðskiptablaðsins Børsen.

Kreppunni lýkur á næstu 6 til 24 mánuðum segja þeir. 16 af hagfræðingunum 45 skjóta á áframhaldandi kreppu í 6 til 12 mánuði, og aðrir 16 að hún vari í 12 til 24 mánuði.Kreppa á fjármálamarkaði er sögð afstaðin og vöxtur á þriðja fjórðungi slái á krepputal. Vandræði á vinnumarkaði muni hins vegar vera mest áberandi á komandi mánuðum. - óká



**UPPBYGGING Á KÓPAVOGSTÚNI** Lóðaúthlutanir vöktu deilur sem enn standa.

Hjón fengu ekki sjávarlóð:

## Telja sig eiga að fá 33 milljónir

**DÓMSMÁL** Hjón sem fengu ekki byggingarlóð í úthlutun seint á árinu 2005 hafa stefnt Kópavogsbæ og krefjast 33 milljóna króna í bætur.

Hjónin sóttu um nokkrar lóðir á Kópavogstúni, þar á meðal sjávarlóð við götu sem nú heitir Kópavogsbakki. Þau fengu enga lóð. Félagsmálaráðuneytið, sem þá fór með sveitarstjórnarmál, komst að þeirri niðurstöðu að úthlutunin á sjávarlóðinni hafi verið ólögmæt. Krafa hjónanna um 33 milljóna króna bætur er meðal annars byggð á mismun á söluverði lóðarinnar frá bænum og niðurstöðu matsmanna um markaðsverðmæti hennar. - gar

Áskorun Evrópusamtakanna:

## RÚV hafi mann í Brussel

**FJÖLMIÐLAR Evrópusamtökin skora á Ríkisútvarpið að endurskoða ákvörðun sína um að hætta við að hafa fréttaritara staðsettan í Brussel.**

**„Evrópusamtökin telja það algerlega nauðsynlegt að íslenskum almenningi verði gert kleift að fylgjast með framvindu aðildarviðræðna Íslands og ESB,“ segir í ályktun samtakanna. „Upplýsingar sem skipta máli fyrir þjóðina, mega og eiga ekki að vera „útvalin vara“ fyrir fáa aðila.“** - pg

# Nærri 80 milljónir í ritun sögu Akraness

**Bæjarfulltrúi á Akranesi samþykkti ekki 4,3 milljóna króna viðbótarframlag við 73 milljónir sem á tólf árum hafa farið til ritunar sögu Akraness. Glapræði að klára ekki verkið segir bæjarstjórinn sem kveður það vera framúrskarandi.**

**STJÓRNSÝSLA** „Nú er svo komið að ég hef misst alla tiltrú á orðum sagnaritarans og get því ekki greitt atkvæði með nýjum samningi,“ segir í bókun Karenar Jónsdóttur þegar hún ein níu bæjarfulltrúa á Akranesi neitaði að samþykkja viðbótagreiðslur vegna ritunar á Sögu Akraness.

„Í rúm tíu ár hefur núverandi sagnaritari þegið greiðslur frá Akraneskaupstað. Samtals að upphæð 73.337.692, miðað við uppreiknaða vísitölu, fyrir það eitt að rita sögu Akraneskaupstaðar,“ segir í bókun Karenar þegar bæjarstjórnin samþykkti fyrir jól að bæta við 4,3 miljónum króna til að ljúka fyrstu tveimur bindum verksins.

Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur kveðst hafa fengist við ritun sögu Akraness með hléum frá árinu 1997. Fyrir hafi verið til eitt bindi sem Jón Böðvarsson hafi skrifað. Ákveðið hafi verið að Gunnlaugur tæki við og skrifaði söguna frá árinu 1700. Seinna hafi verið ákveðið að Gunnlaugur myndi skrifa alla sögu bæjarins frá landnámi. Ýmsar aðrar breytingar hafi verið gerðar og hlé verið gert á verkinu oftar en einu sinni.

Gunnlaugur segir að fyrstu tvö bindin, sem nái frá landnámi til ársins 1700 og yfir átjándu öldina verði tilbúin til prentunar næsta sumar, með fjölbreyttum myndun og kortum. Þessi tvö bindi verði samtals á milli 900 og 1.000 blaðsíður.

Þá segist Gunnlaugur búinn að skrifa þriðja bindið. Fjórða bindið, sem nái frá aldamótunum 1900, sé hálfskrifað fram til 1941. „En það hefur enn ekki verið ákveðið hvort ritið verður látið ná fram á sjöunda áratug þessar aldar eða allt til ársins 2000 eins og lagt var upp með,“ útskýrir hann.

Að sögn Gunnlaugs áttar hann sig ekki á hvort sú framreiknaða tala sem Karen nefnir í bókun sinni sé öll vegna greiðslna til hans eða vegna alls kostnaðar sem hlotist hafi af verkinu. Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir að um sé að ræða heildargreiðslur.

„Ég tel að það sé komið svo langt með þetta verk að það væri glapræði að klára það ekki. Þetta er framúrskarandi fagmannlega unnið,“ segir bæjarstjórinn.

Undir þetta tekur formaður ritnefndar Sögu Akraness. „Við erum mjög ánægð með það sem komið er og það hefði verið fáránlegt að bæta ekki lokapunktinum við,“ segir Jón Gunnlaugsson.

Karen Jónsdóttir er hins vegar ósátt. „Þau tæp fjögur ár sem ég hef setið hér sem bæjarfulltrúi þá hafa verið gerðir í það minnsta þrír samningar um verklok. Í gegnum tíðina hafa bæjarfulltrúar og nefndarmenn í góðri trú samþykkt/keypt þau rök sem sagnaritari hefur lagt á borð fyrir þá í þeirri trú að senn líði að verklokum.“

gar@frettabladid.is



**SÉÐ TIL AKRANESS** Íbúar hafa beðið lengi eftir að saga bæjarins kæmi út. Þegar hefur verið varið áttatíu milljónum króna til verksins en ekkert er komið á prent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KAREN JÓNSDÓTTIR**



**GÍSLI S. EINARSSON**

Rúmlega 43 milljónir:

## Úthlutað úr sprotasjóði

**MENNTUN Um 43,4 milljónum króna hefur verið úthlutað úr sprotasjóði fyrir skólaárið 2009 til 2010. Sjóðurinn var stofnaður í fyrra og hefur það hlutverk að styðja við þróun og nýjungar í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur samþykkt tillögu stjórnar um úthlutun til 44 verkefna. Umsóknir voru samtals 143.**

**Áherslusviðin að þessu sinni voru annars vegar sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum og hins vegar lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi.**

**Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar fékk hæstu úthlutunina að þessu sinni, 3 milljónir króna, vegna verkefnisins PALS – læsi í leik- og grunnskólum í Mosfellsbæ.** - kóp

Tekist á um einkaleyfi:

## Nokia kvartar undan Apple

**UPPLÝSINGATÆKNI** Finnski fjarskiptarisinn Nokia segir að tæknifyrirtækið Apple brjóti á einkaleyfarétti Nokia í nær öllum farsímum, tónlistarspilurum og tölvum sem Apple framleiðir.

Í tilkynningu finnska fyrirtækisins kemur fram að það hafi í gær sent kvörtun til Verslunarráðs Bandaríkjanna (ITC).

Umkvörtunin snýr að sjö einkaleyfum sem varða uppfinningar Nokia sem fyrirtækið segir Apple nota í lykilþáttum notendaviðmóts, sem og í myndavél, loftneti og orkustýringartækni.

Nokia hefur áður höfðað mál á hendur Apple sem rekið er í Delaware í Bandaríkjunum vegna notkunar Apple á stöðlum í þráðlausum samskiptum sem Nokia hefur þróað. - óká






Hátíðleg athöfn og móttaka á nýársdag á Bessastöðum:

# Forsetinn veitti tíu fálkaorðu

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Íslands veitti í gær tíu manns riddarakross fálkaorðunnar við athöfn á Bessastöðum.

Orðuna fengu Áshildur Haraldsdóttir tónlistarmaður fyrir störf á vettvangi íslenskrar tónlistar, Einar Kárason rithöfundur fyrir ritstörf og framlag til íslenskra bókmennta, Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn fyrir störf í þágu löggæslu og félagsmála, Helgi Seljan, fyrrverandi alþingismaður, fyrir störf á opinberum vettvangi og í þágu bindindis- og velferðarmála, Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur fyrir rannsóknir í fiskifræði og hafvísindum.

Þá fékk Högna Sigurðardóttir arkitekt riddarakross fyrir framlag til íslenskrar og alþjóðlegrar húsagerðarlistar, Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri og skipstjóri, fyrir frumkvæði í ferðaþjónustu, Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, fyrir störf í þágu samfélagshjálpar, Sigríður Jóna Kristjánsdóttir útskurðarmeistari fyrir framlag til þjóðlegrar listar og Sólveig Guðlaugsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur á Barna- og unglingageðdeild Landspítala, fyrir framlag til heilbrigðismála og umönnunar ungmenna. - gar



**Á BESSASTÖÐUM Í GÆR** Tíu Íslendingar tóku í gær við fálkaorðu úr hendi forsetans í viðurkenningarskyni fyrir störf sín í þágu þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Útsala

## Allar útsöluvörur

## 250-3000 kr

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799-999~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1.299-1.699~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-3.999~~ kr. | 2.000 kr. |
| ~~4.499-6.999~~ kr. | 3.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað,skó og heimilisvöru, ekki raftæki, leikföng og húsgögn

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu háa styrki utan ríkisframlaga fékk Framsóknarflokkurinn árið 2006?*
2. *Hvaða þáttur kemur aftur á dagskrá Skjás eins í febrúar?*
3. *Við hvaða knattspyrnufélag samdi Gunnar Heiðar Þorvaldsson á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Ungur maður handtekinn um miðjan desember við komuna frá Berlín:

# Með tæp fjögur kíló af amfetamíni

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli handtók um miðjan desember karlmann á þrítugsaldri sem flutti með sér amfetamín til landsins. Maðurinn situr nú í gæsluvarðhaldi.

Maðurinn var handtekinn við komuna í Leifsstöð frá Berlín 14. desember. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann með tæp fjögur kíló af amfetamíni falin í farangri sínum. Ekki hafa fengist nánari upplýsingar um aldur mannsins en að hann sé á milli tvítugs og þrítugs.

Maðurinn var daginn eftir handtökuna úrskurðaður í gæsluvarðhald í þrjár vikur, og rennur það því út næsta þriðjudag. Hann kærði ekki úrskurðinn til Hæstaréttar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum beinist ekki síst að því hverjir vitorðsmenn smyglarans eru og hvort hann hafi aðeins verið burðardýr eða átt stærri þátt í skipulagningunni. Af þeim sökum fást afar takmarkaðar upplýsingar um málið frá lögreglu. - sh



**LEIFSSTÖÐ** Maðurinn var að koma frá Berlín þegar hann var handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐUR

Karlmaður á fertugsaldri:

# Þrjú ár fyrir smygl á kókaíni

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri, Óskar Svanur Barkarson, hefur í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot.**

**Hann stóð, þriðjudaginn 16. desember árið 2008, að innflutningi á tæplega 1,5 kílói af kókaíni. Efnið ætlaði hann til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi. Fíkniefnin flutti maðurinn til Íslands frá Amsterdam, sem farþegi með flugi. Tollverðir fundu þau falin í botni ferðatösku mannsins við komu hans til Keflavíkurflugvallar. Maðurinn játaði sök fyrir dómi. - jss**

Frelsaður uppljóstrari í Ísrael:

# Tekinn fyrir að hitta útlendinga

**ÍSRAEL, AP** Maður sem á árum áður upplýsti um kjarnorkuleyndarmál Ísraela og sat í fangelsi fyrir það hefur nú verið handtekinn á ný.

Samkvæmt upplýsingum ísraelsku lögreglunnar var Mordechai Vanunu handtekinn vegna gruns um að hann hefði hitt útlendinga, en með því hafi hann brotið gegn skilyrðum lausnar hans úr fangelsi árið 2004. Færa átti Mordechai fyrir dómara síðdegis í gær.

Mordechai sat í fangelsi í átján ár. Hann var lágt settur tæknimaður í ísraelsku kjarnorkuveri og lak upplýsingum um starfsemina til Sunday Times í London árið 1986. Af gögnunum gátu sérfræðingar ráðið að Ísrael ætti sjötta stærsta kjarnorkuvopnabúr heims. - óká

Kvenfélagasambandið heldur upp á 80 ára afmæli:

# Öll nýfædd börn fá handprjónaða húfu

**FÉLAGSMÁL** Öll börn sem fæðast á þessu ári munu fá handprjónaða húfu að gjöf frá Kvenfélagasambandi Íslands. Kvenfélagskonur um land allt hafa ákveðið að ráðast í þetta verkefni í tilefni af 80 ára afmæli sambandsins. Fyrstu húfurnar voru afhentar á fæðingardeild Landspítalans í vikunni.

Gert er ráð fyrir því að um fimm þúsund börn fæðist á þessu ári. Fæðingar fara fram á tíu stöðum og munu ljósmæður sem annast fæðingarnar afhenda foreldrum húfurnar. Með þessu vilja konur í kvenfélögunum senda hlýja kveðju til nýrra þjóðfélagsþegna og vekja athygli á því mikla og hljóðláta starfi sem unnið er af kvenfélögum um landið allt.

Hverri húfu mun fylgja heillaóskakort með nafni þeirrar konu sem hana prjónaði og nafni kvenfélagsins sem hún tilheyrir. Einnig hafa margir sem ekki tilheyra kvenfélögum boðist til að prjóna húfur. - þeb



**FYRSTA HÚFAN** Rósa G. Bragadóttir ljósmóðir heldur á nýfæddum dreng sem fékk húfu frá Ásu Atladóttur úr stjórn Kvenfélagasambands Íslands.



**MÓTMÆLI** Þúsundir streymdu á götur Teheran á miðvikudag til stuðnings ríkisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tilbúinn að deyja fyrir málstaðinn

**Mir Hossein Mousavi segist reiðubúinn að deyja í baráttunni fyrir umbótum í Íran. Ekki muni róa ástandið að handtaka stjórnarandstöðuleiðtoga.**

**ÍRAN** Mir Hossein Mousavi, helsti stjórnarandstöðuleiðtogi Írans, segist ekki vera hræddur við að deyja fyrir málstað sinn. Þetta sagði hann í yfirlýsingu á heimasíðu sinni, en það var í fyrsta skipti sem hann tjáði sig opinberlega síðan frændi hans var meðal þeirra sem voru drepnir í mótmælum seint í síðasta mánuði.

Mousavi setti einnig fram í yfirlýsingunni fimm þrepa lausn við ástandinu sem ríkt hefur í Íran frá því eftir forsetakosningar í júní síðastliðnum. Hann segir ríkisstjórnina, þingið og dómstóla þurfa að taka ábyrgð á ástandinu. Þau þurfi líka að gera gegnsæ lög til að tryggja sanngjarnar kosningar, leysa pólitíska fanga úr haldi, viðurkenna fjölmiðlafrelsi og frelsi fólks til að mótmæla.

Mousavi segir nauðsynlegt að stjórnvöld viðurkenni að alvarleg krísa ríki í landinu. Þangað til það sé gert sé ekki mögulegt að ráða fram úr vandanum. Þá segir hann að verði hann eða aðrir stjórnarandstöðuleiðtogar handteknir eða drepnir muni það ekki róa ástandið. Hann væri þó ekki hræddur við að deyja fyrir vilja fólksins. Þannig svaraði hann hótunum klerka, sem sumir hverjir hafa krafist þess að stjórnarandstöðuleiðtogar verði teknir af lífi fyrir að hlýða ekki valdstjórninni.

Mousavi minntist þó ekki beint á lát frænda síns í þessu samhengi. Hann hét Seyed Ali Mousavi, og var meðal þeirra sem létu lífið þegar lögreglumenn skutu á mótmælendur sem söfnuðust saman í Teheran 27. desember. Hann var skotinn í bakið, en stjórnvöld hafa neitað því að hann hafi verið skotinn af lögreglumönnum. Líkum þeirra sem voru drepnir var haldið á spítala og baðst var komið í veg fyrir að hægt væri að jarðsetja þau strax, eins og venja er. Fjölskylda Mousavis segir lík hans hafa verið tekið án leyfis fjölskyldunnar, til þess að koma í veg fyrir að jarðarför hans yrði notuð í mótmæli. Líkinu var skilað í vikunni gegn því að fjölskyldan héldi jarðarförina í kyrrþey.

thorunn@frettabladid.is




*Gleðilegt nýtt ár*

Landsbankinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári með þökkum fyrir viðskiptin á liðnu ári.

Útibú Landsbankans eru opin mánudaginn 4. janúar milli kl. 11 og 16.

landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

ENNEMM / SÍA / NM40367


ÚTSALAN
ER
HAFIN
í Smáralind
Allt að 70% afsláttur
Gerðu frábær kaup
Opið til kl. 18 í dag
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Karakterskerpandi tímar:

## Um hvað á að kjósa?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Veraldarvanur móðurbróðir minn neitar að nota orðið kreppa um það ástand sem ríkir í landinu. „Þetta eru karakterskerpandi tímar,“ segir hann. Það er vel að orði komist. Mótlæti greinir á miskunnarlausan máta á milli þeirra sem halda haus, axla ábyrgð og vinna sig út úr vandanum, og svo hinna sem missa móðinn og vilja kenna öllum öðrum en sjálfum sér um ófarir sínar.

Undanfarin misseri höfum við séð með óvenju skýrum hætti útkomu fjölmargra áberandi einstaklinga úr athafna- og stjórnmálalífinu á þessu karakterprófi.

Fallið hefur verið sérstaklega hátt fyrir þá sem fóru með himinskautum viðskiptalífsins. Mannorð þeirra sumra er sigið vel niður fyrir sjávarmál. Sama henti orðspor Íslands. Það beið hnekki.

Á slíkum stundum er hverjum og einum hollt að hugleiða að það er ekkert athugavert við að mistakast. Hinn raunverulegi ósigur felst í því að standa ekki á fætur aftur.

Ekki fer á milli mála að mikill meirihluti þjóðarinnar hefur kosið að setja undir sig hausinn og halda áfram veginn. Lífleg jólaverslun og flugeldasalan um áramót bera ekki merki uppgjafar. Þvert á móti.

Það er mikið styrkleikamerki að almennt hefur ekki lukkast að tala niður kjarkinn hjá fólki. Hafa þó margir gefið sig fram í þeim erindagjörðum, bæði í netheimum og niður við Austurvöll, en einmitt þar, á þinginu, hefur karakterskerpingin verið hvað áköfust.

Steingrímur J. Sigfússon stendur þar uppi sem hinn afgerandi leiðtogi á sama tíma og aðrir forystumenn flokka hafa látið mismikið undan síga. Sumir reyndar svo djúpt að ljóst er að þeir verða ekki langlífir á sínum stólum.

Sá djöfull sem Steingrímur mátti draga frá fyrsta degi sínum í fjármálaráðuneytinu, var loks kveðinn niður á Alþingi næstsíðasta dag ársins, þegar ríkisábyrgðin á Icesave var samþykkt. Púkinn var færður í poka til Bessastaða og nú bíða landsmenn þess hvort húsráðandi ætli að sleppa honum lausum á nýjan leik.

Yfir fimmtíu þúsund manns hafa sett nöfn sín á undirskriftarlista Indefence-hópsins þar sem er skorað á forsetann að synja Icesave-lögunum um staðfestingu og vísa þeim þar með til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um hvað á að kjósa er hins vegar ekki með öllu skýrt. Forystumenn Indefence hafa sjálfir lýst því yfir að þeir viðurkenni ábyrgð Íslands á Icesave-skuldbindingunum, en vilja bakka aftur til fyrri laga Alþingis og þeirra fyrirvara sem þar eru, í stað nýju laganna.

Ekki þarf á hinn bóginn að efast um að ástæðan fyrir nöfnum stórs hluta þeirra sem eru á lista Indefence, er andstaðan við að ríkið taki á sig skuldir einkafyrirtækis. Þeir virðast ekki átta sig á því að þann beiska bikar hefur ríkið þegar tæmt að stærstum hluta þegar það ábyrgðist allar innstæður með neyðarlögunum haustið 2008 og dældi auk þess milljörðum á milljarða ofan í peningamarkaðssjóði bankanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

150-200 fm. skrifstofuhúsnæði óskast - traustur leigutaki

Eignaumboðið auglýsir eftir snyrtilegu ca. 150-200 fm. skrifstofuhúsnæði til leigu fyrir félag í eigu opinberra aðila. Þarf að vera miðsvæðis, með þægilegri aðkomu og góðum bílastæðum. Góðar tölvulagnir þurfa að vera fyrir hendi. Aðgangur að sameiginlegri móttöku, fundarherbergjum, kennslustofum og eldhúsi æskilegur. Langtímaleiga.

**Allar upplýsingar veitir Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali, í síma 893 2495, tölvupóstur adalheidur@eignir.is**

EIGNAUMBOÐIÐ
FASTEIGNASALA
Aðalheiður Karlsdóttir, lögg.fasteignasali
Sími 580 4600 Faxafen 10 - 108 Reykjavík - www.eignir.is




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Nýtt ár í nýju boði



ÞORSTEINN PÁLSSON

Áramótin marka kaflaskil á dagatalinu. Að þessu sinni gætu þau líka markað nokkur kaflaskil í pólitískum vopnaburði og að því leyti haft áhrif á vígstöðu stjórnmálaflokkanna.

Fjármálaráðherrann sem borið hefur hita og þunga stjórnarsamstarfsins hefur réttilega lýst liðnu ári sem einhverju því erfiðasta í sögunni. Pólitíska þverstæðan er sú að engin ríkisstjórn hefur þurft að hafa jafn lítið fyrir að verja gerðir sínar.

Talsmenn hennar hafa ekki þurft annað en að enduróma orð fjármálaráðherrans: Við erum að moka flórinn. Allt sem við gerum er í boði stjórnarandstöðunnar og alveg sérstaklega Sjálfstæðisflokksins. Satt best að segja hefur Sjálfstæðisflokkurinn fáu svarað þessari einföldu röksemdafærslu. Viðspyrna flokksins veiktist í þessu tilliti eftir að eldur var borinn að endurreisnarskýrslunni á landsfundi.

Þessi einfalda málsvörn ríkisstjórnarinnar hefur náð eyrum fólksins. Hér verður ekki gerð tilraun til að greina hvað í henni á við gild rök að styðjast og hvað ekki. Veruleikinn er sá að ríkisstjórnin komst upp með þessa röksemdafærslu hvort heldur menn telja það sanngjarnt eða ósanngjarnt.

Á þessum pólitísku undirstöðum hefur ríkisstjórnin þegar tekið allar stærstu grundvallarákvarðanir um framtíð Íslands. Sumt hefur hún tekið beint frá Sjálfstæðisflokknum eins og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Annað hefur hún gert á eigin forsendum eins og skattkerfisbreytingarnar.

Nú þegar ríkisstjórnin hefur tekið allar þessar stóru ákvarðanir, að eigin sögn í boði forvera sinna, tekur við nýr kafli. Sá kafli er í boði ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Á því nýja ári sem í garð er gengið þarf ríkisstjórnin að sækja og verja málstað sinn á eigin ábyrgð.

Þetta er ný vígstaða. Það á hins vegar eftir að koma á daginn hvort hún kemur til með að veikja ríkisstjórnina eða styrkja. Það ræðst nokkuð af því hvort stjórnarandstöðunni tekst að sýna fram á að annar eða aðrir raunhæfir kostir geti verið í boði.

Með nýju ári mun reyna meir á rökstuðning fyrir skýrri og raunhæfri framtíðarsýn. Sú áskorun stendur bæði á ríkisstjórnina og stjórnarandstöðuna.

## Láglaunastefnan

Fjármálaráðherrann lofar ekki gulli og grænum skógum. Hann boðar hins vegar að á síðari hluta ársins verði komin betri tíð, jafnvel blóm í haga. Er það raunhæft mat? Að einhverju leyti hlýtur svar við slíkri spurningu að byggjast á huglægri afstöðu.

Verðbólga mun ganga niður ef að líkum lætur. Vextir munu að sama skapi fara lækkandi. Þrotabankarnir þrír hafa fengið nýja efnahagsreikninga. Fjármálaráðherra er kátur með þetta og ástæðulaust fyrir aðra að sýna vanþakklæti.

Af hinu segir minna að vextir verða að óbreyttu hærri hér en í samkeppnislöndunum um fyrirsjáanlega framtíð. Engar líkur eru á að verðbólga lækki svo á næstu árum að jafna megi henni við það sem gerist í grannríkjunum. Þrátt fyrir yfirlýst markið um afnám gjaldeyrishaftanna bendir ekkert til að á komandi árum skapist þær aðstæður að það markmið verði að veruleika.

Hvað sem þessu líður fullyrðir fjármálaráðherra að samkeppnisstaða útflutningsgreina sé með besta móti. Í hverju er sá samkeppnisstyrkur fólginn? Svarið er einfalt: Hann næst með því að gleyma skuldunum og nota gengisskráningu krónunnar til að halda lífskjörum fólksins í landinu langt fyrir neðan það sem gengur og gerist í samkeppnislöndunum.

Þjóðin þarf að gera upp við sig hvort það eru þau blóm í haga sem framtíðarsýnin um betri tíð beinist að. Aðrar leiðir eru færar, ef um þær væri pólitísk samstaða. Meðan svo er ekki gildir framtíðarsýn fjármálaráðherrans um samkeppnisstöðu á forsendum lágra launa.

## VG styrkir undirtökin

Framtíðarsýn fjármálaráðherrans um að reisa samkeppnisstöðuna á lágum launum má gera nokkuð bjartari með skynsamlegri skattastefnu. Hjá hinu verður þó ekki komist, hvernig svo sem skattastefnunni verður hagað, að með óbreyttum gjaldmiðli verður Ísland láglaunaland í samanburði við norrænu velferðarríkin.

Laun sjómanna eru tengd erlendum gjaldeyri þó að þau séu greidd út í íslenskum krónum. Það er maklegt. Spurningin er: Hvers vegna mega hinir níutíu og sjö hundraðshlutar vinnuaflsins í landinu ekki fá laun í samkeppnishæfri mynt?

Þegar gengi krónunnar hækkaði sem mest var það ekki vegna skilningsleysis stjórnenda peningamála á hagsmunum útflutningsgreinanna. Þeir réðu einfaldlega ekki ferðinni þó að fullveldisráðin yfir krónunni væru í orði kveðnu í þeirra höndum. Í litlu opnu hagkerfi eru það erlendir vogunarsjóðir sem fara að mestu með það vald á borði veruleikans.

Fjármálaráðherrann mun ekki halda þessum fullveldisyfirráðum nema í lokuðu peningakerfi. Þann kost hefur hann valið fyrir Ísland. Það gerir hann í skjóli samstarfsflokksins og án andófs þingflokka stjórnarandstöðunnar sem enn hafa ekki talið tímabært að móta framtíðarstefnu á þessu lykilsviði íslenskrar hagstjórnar. Þannig sýnast pólitísk undirtök VG vera að styrkjast.

Upptaka evru er ekki trygging fyrir bættum hag. Hún opnar hins vegar möguleika á að bæta samkeppnisstöðu landsins með öðrum hætti en lágum launum til frambúðar. Nýtt ár kallar á dýpri umræðu um þessi efni því kostur fjármálaráðherrans er ekki sérlega fýsilegur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

...ekki veitir af!

## Við þökkum traustið

*Múrbúðin er fjölskyldufyrirtæki sem ekki hefur tekið þátt í að tæma banka eða lagst á spenann hjá íslenskum skattgreiðendum.*

*Viðskiptavinum Múrbúðarinnar fjölgaði um helming á árinu 2009. Ástæðan er einföld. Við bjóðum meiri gæði á lægra verði. Hófleg álagning Múrbúðarinnar stendur nefnilega undir rekstri en ekki rugli.*

*Við lítum björtum augum til framtíðar og reynum að gera enn betur á næsta ári.*

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



**BRJÁLAÐIR MENN?** Þeir hafa lagt allt sitt og fjölskyldunnar að veði til þess að opna hamborgarastað, þar sem þeir fullyrða að bestu hamborgara landsins verði að fá. Ferlið allt hefur verið fest á filmu og úr verður sex þátta sería sem verður sýnd á Stöð 2 í kringum páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Hamborgarafabrikka Simma & Jóa á leið í loftið um páskana*

Nafn annars er sjaldan nefnt án þess að nafn hins fylgi í kjölfarið, enda hafa þeir verið í einu löngu samlokuknúsi frá því seint á unglingsárum. Hjarta þeirra er farið að slá svo reglulega í takt að þeir geta börn samtímis og dreymir sömu draumana. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti þá **Jóa** og **Simma** og skoðaði með þeim nýjasta barnið þeirra, Íslensku hamborgarafabrikkuna.

Allt frá því að Hard Rock hvarf af sjónarsviðinu hefur þá Jóhannes Ásbjörnsson og Sigmar Vilhjálmsson, Jóa og Simma, þótt eitthvað vanta í íslenska veitingastaðaflóru. Þegar þeir svo komust í kynni við Cheese Cake Factory í Bandaríkjunum varð sá draumur til að þeir myndu opna sinn eigin veitingastað. Svo leið tíminn og önnur verkefni fóru framar í forgangsröðina. Eftir efnahagshrunið og gildismatsbreytinguna sem því fylgdi ákváðu þeir félagar hins vegar að láta slag standa. Íslenska hamborgarafabrikkan opnar, ef áætlanir ganga eftir, í mars á fyrstu hæð Turnsins á Höfðatorgi.

### Gleði og góður matur

Íslensku hamborgarfabrikkunni mun að vissu leyti svipa til þessara tveggja fyrrnefndu veitingastaða, auk þess að búa yfir öðrum eiginleikum sem þeir félagar eru vissir um að muni falla vel í kramið. „Okkur hefur lengi þótt vanta stað þar sem gaman er að fara með vinum sínum, þar sem kostar ekki mikið að borða en maturinn er frábær, stemningin góð og fólkið sem þjónar þér hresst og skemmtilegt. Svo verður alltaf góð íslensk tónlist á fóninum, Stolt siglir fleyið mitt í hádeginu og Hey kanína á kvöldin,“ útskýrir Simmi og Jói tekur af honum orðið: „En lagalistarnir verða útfærðir eftir dögum vikunnar og tímum dagsins, allt eftir stemningu. Við erum þegar komnir í samstarf við Senu í sambandi við hönnun á lagalistunum. Okkur langar að byggja brú á milli tónlistarbransans og staðarins. Við viljum komast í samstarf við aðrar útgáfur líka og sjáum fyrir okkur að afhenda gull- og platínuhljómplötur á Fabrikkunni.“

> Við höfum aldrei verið í fjölmiðlum með okkar einkalíf, nema það hafi átt sérstakt erindi þangað. Fólk veit þess vegna ósköp lítið um okkur

### Bæta hvor annan upp

Það er vel hægt að sjá fyrir sér að þeir Simmi og Jói kunni að búa til góða stemningu, enda hafa þeir verið í því að hafa ofan af fyrir fólki mestallt lífið. En kunna þeir eitthvað fyrir sér í eldhúsinu og eru þeir réttu mennirnir til að opna veitingastað? Með öðrum orðum, eru það ekki alveg galin áform sem þeir hafa – að búa til bestu hamborgara sem fólk hefur á ævi sinni smakkað?

Simmi: „Ja, ég ætlaði nú alltaf að verða kokkur og vann meðal annars á veitingastað sem bróðir minn rak, veitingahúsaútgáfunni af Pizza 67 í Hafnarfirði. Og Jói er algjör gourmetkokkur. Munurinn á mér og honum er að þegar við förum í útilegu tek ég með mér kótilettur og kartöflusalat, á meðan hann er að dunda með sveppi og gráðost í tvo tíma.“

Jói: „Við ætlum auðvitað ekki að elda sjálfir og erum komnir með frábæran kokk í lið með okkur, Hinrik Inga Guðbjargarson. En eiginleikar okkar Simma eru góð blanda. Og svo höfum við ákveðið forskot vegna alls þess sem við höfum verið að gera undanfarin ár.“

Forskotið felst ekki síst í því að þeir eiga auðvelt með að fá gott fólk með sér í lið. Þannig eru stórstjörnur á sínum sviðum fengnar til að bæta upp það sem þeir Jói og Simmi eru ekki sérhæfðir í sjálfir.

### Aldrei skemmtilegra

Þeir Jói og Simmi voru báðir að vinna í Landsbankanum á góðæristímanum. Simmi var reyndar hættur þegar hrunið mikla varð og gegndi þá starfi forstöðumanns sölu- og markaðssviðs Tals. „Fljótlega eftir hrunið áttaði ég mig á því að þetta var akkúrat ekkert gefandi. Þannig að ég sagði upp strax um síðustu áramót en hætti í vinnunni í maí,“ segir Simmi. Jói hélt áfram örlítið lengur í sinni vinnu, en fylgdist grannt með gangi mála hjá Simma, enda eru hagsmunir þeirra svo rækilega samtvinnaðir að það hefur bein áhrif á annan þegar hinn hættir að vinna. „Svo hringdi hann bara eitt kvöldið í vor og sagði að við værum að fara að opna veitingastað. Ég vísaði þessu frá mér eins og hverju öðru bulli fyrst, enda stóð ekki til að segja upp í vinnunni.“

Það gerði hann nú samt og fljótlega voru þeir komnir á fullt í að undirbúa opnun veitingastaðarins. Báðir segjast þeir aldrei hafa verið ánægðari í vinnunni.

### Farnir að spýta

Matseðillinn á Fabrikkunni minnir frekar á fínan veitingastað en sveittan

### → FARSÆLT SAMSTARF

Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson, eða Simmi og Jói eins og þeir eru kallaðir, skipuðu sér í hóp vinsælustu sjónvarpsmanna landsins þegar þeir kynntu Idol-stjörnuleit. Þeir voru órjúfanlegur hluti stjörnuleitarinnar og stálu oft senunni. Simmi og Jói byrjuðu í útvarpi og slógu svo rækilega í gegn þegar þeir birtust á skjánum sem fyrstu stjórnendur spjallþáttarins galsafulla 70 mínútur. Þeir hafa komið víða fram í gegnum árin og stjórna nú meðal annars vinsælum útvarpsþætti á Bylgjunni á laugardagsmorgnum auk þess að vera kynnar Wipeout Ísland og sinna því vandasama verki að lýsa gangi mála í þrautabrautinni.

hamborgarastað. Enda á ekki að vera neitt sveitt við staðinn. Hráefnið verður allt með ferskasta móti, hamborgararnir búnir til úr hreinu kjöti og fitu og án íblöndunarefna. Og hvorki brauðið né hamborgararnir verður nokkurn tímann fryst.

„Þetta verður hágæðamatur á eðlilegu verði,“ segir Simmi og Jói tekur við. „Þú átt að geta komið inn til okkar í hádeginu og fengið þér að borða og drekka fyrir 1.500 kall. Og máltíð með bjór á 2.000 kall. Þetta eru viðmiðin. Við gefum eftir af framlegðarkröfunni til að byrja með. Við getum gert þetta því við erum ekki hugsa þetta til skamms tíma.“

Á matseðlinum verður allt mögulegt, ýmsar tegundir af forréttum, aðalréttum og ekki síst eftirréttum. Fyrsti kvenkokkur Íslands, Erla Ívarsdóttir á Geirlandi, á heiðurinn að eftirréttamatseðlinum. „Hjá Erlu smökkuðum við bestu skyrtertu sem við höfum nokkurn tímann fengið og hún var svo góð að gefa okkur uppskriftina,“ segir Simmi og virðist fá vatn í munninn við að rifja upp bragðið.

Hamborgararnir verða þó alltaf í aðalhlutverki, en útfærslur þeirra verða þrettán talsins. Undanfarna fjóra mánuði hefur stíf smökkun farið fram og þeir félagar segjast líklega hafa borðað meira en hundrað borgara hver. Nú séu þeir hins vegar farnir að smakka og spýta, eins og sannir atvinnusmakkarar.

### Sjónvarpsþáttur í bígerð

Allt ferlið frá hugmynd til framkvæmdar, hefur verið skrásett að Þór Freyssyni hjá Saga Film. Það á nefnilega að búa til sjónvarpsþætti um tilurð Fabrikkunnar sem verða sýndir á Stöð 2 í kringum páskana. „Allt sem við höfum gert í sjónvarpi frá því vorum á Popp Tíví hefur verið gert í samstarfi við Þór. Honum fannst við ruglaðir að hafa sagt upp vinnunni til að opna veitingastað, ekki síst af því konurnar okkar voru báðar óléttar. Það var hans hugmynd að gera úr þessu sjónvarpsþætti,“ segir Jói. Þættirnir verða sex og hefur hver sitt þema, nokkuð í anda Klovnþáttanna dönsku sem hafa vakið svo miklar vinsældir hér á landi. „Við ákváðum að hleypa kamerunum alveg inn að okkur, heim til okkar og upp í heila,“ segir Jói og Simmi tekur af honum orðið. „Við höfum aldrei gert það áður. Við höfum aldrei verið í fjölmiðlum með okkar einkalíf, nema það hafi átt sérstakt erindi þangað. Fólk veit þess vegna ósköp lítið um okkur.“

Allt sem gerist í þáttunum er raunverulegt og þeir voru teknir upp á svo viðburðaríkum tíma í lífi drengjanna að það verður alltaf nóg að gera. Myndavélarnar fylgdi þeim gegnum súrt og sætt, til útlanda í smökkunarferð og meira að segja alla leið upp á fæðingardeild. „Tökuliðið mátti nú reyndar ekki koma inn, út af svínaflensunni. En ég kom beint út og sagði frá því að dóttir mín væri fædd. Þetta er bara ekta og fólk sér það alveg. Ég eignast barn í þætti þrjú og Simmi í þætti fjögur. Þetta er náttúrlega ógeðslega gott sjónvarp.“

### Vel giftir menn

*Eruð þið svona vel giftir eða verða konurnar ykkar aldrei neitt þreyttar á uppátækjum ykkar?*

Simmi: Jú, jú, það kemur nú alveg fyrir að þær pirrist á okkur. Til dæmis þegar við förum í heimsókn til hennar Erlu á Geirlandi um daginn og fórum aðeins í lax í leiðinni…“

Jói: „…í tvo daga.“

Simmi: „En ég veiddi maríulaxinn minn í þessari ferð!“

Jói: „Þær eru löngu orðnar þaulvanar þessu stússi í okkur. Það var mesta lukka í heiminum að þær yrðu óléttar á sama tíma. Þær hafa aldrei verið með okkur í sjónvarpi, þannig hefði ekki verið eftirsóknarvert fyrir aðra að vera kasólétt með hina vel til hafða og fína.“

Simmi: „En þær þola okkur nú betur þessa dagana en oft áður þar sem þær spila stórt hlutverk í tilurð fabrikkunnar.“

### Allt undir

Það sem þeim Simma og Jóa þykir áhugaverðast við sjónvarpsþáttinn

> Við erum raunverulega að leggja aleigu okkar í að stofna veitingastað á krepputímum. Ef þetta klikkar förum við á hausinn. Auðvitað erum við með hjartað í buxunum yfir því

er hvað hann er raunverulegur raunveruleikaþáttur. Þeir leggi allt sitt að veði til þess að draumurinn um eigin veitingastað geti orðið að veruleika. „Við erum raunverulega að leggja aleigu okkar í að stofna veitingastað á krepputímum. Ef þetta klikkar förum við á hausinn. Auðvitað erum við með hjartað í buxunum yfir því,“ segir Simmi.

Þeir halda að þetta hafi einmitt ráðið því að þeir fengu besta manninn á markaðnum – svo kalla þeir hann – Skúla Gunnar Sigfússon, eiganda Subway, með sér í lið. Hann stóð í sömu sporum og þeir fyrir fimmtán árum, sagði upp vinnunni hjá Landsbréfum og opnaði Subway-stað. „Hann er „old school bisnissmaður“ og á sitt fyrirtæki skuldlaust. Þegar hann frétti að við ætluðum að vera þarna sjálfir með tuskuna á lofti, og að við værum að leggja allt að veði, ákvað hann að vera með okkur í þessu,“ segir Simmi.

### Auglýsa eftir starfsfólki

Það má leiða að því líkur að það verði nóg að gera í Íslensku hamborgarafabrikkunni í hádeginu, enda vinna um átta þúsund manns í um fimm kílómetra radíus kringum staðinn. Og vandamálið með miðbæjarkúnnana sem ætla strax út að skemmta sér á eftir hafa þeir leyst með amerískum fótboltamömmukagga sem þeir fjárfestu í gagngert til að ferja matargesti niður í miðbæ á fimmtudögum og um helgar.

Þegar talið berst að því hvað styttist í opnun segir Simmi í hálfum hljóðum: „Já, þetta minnir mig á að við þurfum að fara að huga að starfsmannamálum!“

Svo þeir auglýsa hér með eftir starfsfólki og biðja áhugasama um að senda sér línu á joi@fabrikkan.is eða simmi@fabrikkan.is. Hverjir eiga séns?

„Háskólafólk á fyrsta ári ætti að sækja um, það yrði mjög líklega ráðið,“ segir Simmi og Jói bætir við: „Ég myndi segja að þetta væri svipuð kríteria og að gerast flugfreyja eða flugþjónn.“

Þurfa umsækjendur þá að kunna nokkur tungumál? „Já, helst,“ heldur hann áfram með bros á vör. „Nei, nei, en við viljum fólk sem finnst gaman að vera í kringum aðra og er umfram allt heiðarlegt.“




Á ÞÍN REKSTRARHUGMYND HEIMA Í **HÖRPU?**

**EFNT ER TIL FORVALS Á VERSLUNAR- OG VEITINGAÞJÓNUSTU Í HÖRPU, TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSINU Í REYKJAVÍK**

Ago, dótturfélag Portusar, leitar að áhugasömum rekstraraðilum í húsið sem verður opnað vorið 2011. Við val á þeim verður styrkleiki vöru og þjónustu, þekking, reynsla, geta og nýbreytni lögð til grundvallar.

Forvalsgögn munu liggja frammi á skrifstofu Portusar, Austurstræti 17, 5. hæð, 101 Reykjavík frá og með föstudeginum 8. janúar.

Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skila á sama stað, eigi síðar en kl. 16:00, föstudaginn 29. janúar, merktum: **Ago – viðskiptatækifæri: FORVAL.**

Sérstök athygli er vakin á **kynningarfundi** sem verður haldinn á **Grand Hóteli, fimmtudaginn 7. janúar kl. 15.** Þar verða veittar nánari upplýsingar um forvalið og forvalsgögnum dreift.

Almennar upplýsingar á: www.portusgroup.is

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ PORTUS

ÍSLENSKA/SIA.IS/POR 48607 12/09









herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
ÚTSALA
40%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO RALPH LAUREN
CANALI






ÚTSALA

40%

afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

568 9234 544 2410

PAL ZILERI FINUCCI collezione bugatti LLOYD eterna Van Gils gardeur



## ÁRIÐ Í GRÓFUM DRÁTTUM









# Spottið 2009

**Gunnar Karlsson** teiknari birtir vikulega myndir í Fréttablaðið þar sem hann dregur upp mynd af þjóðfélagsumræðunni eins og honum er einum lagið. Fréttablaðið fer yfir árið og birtir úrval af teikningum Gunnars sem birtust á síðum blaðsins á árinu sem leið.
























GLERÁR-
TORG
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM!
GILDIR HELGINA
2.-3. JANÚAR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
SKEIFAN
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR!
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM UM HELGINA!
KORPU-
TORG
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SMÁRA-
TORG

## ÁRIÐ Í GRÓFUM DRÁTTUM




































Opið
11 til 18
Útsalan
hefst í dag
Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum
Óskum landsmönnum gleði og gæfu á nýju ári
með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

NAD OG DENON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 120.000 KR. AFSLÆTTI
WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP BÍLTÆKI FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, TÖFRASPROTAR
OG STRAUJÁRN FRÁ KR. 1.995
KÆLISKÁPAR, FRYSTISKÁPAR OG
KISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

Opið laugardaga
kl. 10 – 16

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido OBH NORDICA INDESIT DeLonghi Whirlpool

# Viljum byggja borg

**Steinþór Kári Kárason og Ásmundur Hrafn Sturluson** hafa vakið athygli fyrir hönnun sína á húsnæði Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** settist niður með þeim og ræddi um hús, götur og uppbyggingu borga.

Leið blaðamanns til fundar við þá félaga liggur um Skólavörðustíginn, stofan þeirra er til húsa neðst á honum, upp á annarri hæð þar sem gluggarnir eru stórir og útsýnið yfir miðborgina gott. Borgin, vöxtur hennar og viðgangur er þeim mjög hugleikin og því ekki undarlegt að spjallið fari að mestu leyti fram við gluggann stóra þar sem fjölbreytileg húsin og lífleg götumyndin eru notuð sem dæmi í umræðu um hús og götur. „Við skulum samt ekki tala um götumynd, það er búið að eyðileggja það hugtak alveg," segir Steinþór. „Það er búið að tala of mikið um götumynd undanfarin ár og það undarlega er að það er iðulega verið að tala eingöngu um húsin þegar orðið er notað um miðbæinn og örlög hans," bætir Ásmundur við.

„Við erum hins vegar mjög miklir áhugamenn um rýmið á milli húsanna það hefur verið of lítil umræða um það. Hús eru ekki reist í tómarúmi þau hafa áhrif á umhverfi sitt og umhverfið hefur áhrif á þau. Það er svo í rýminu á milli húsanna, á götum og torgum þar sem fólk hefst við þar sem borgarlífið á sér stað."



**Í TRYGGVAGÖTU** Ásmundur og Steinþór í nýju húsnæði i8 Gallerís, sem þeir hönnuðu en galleríið opnar í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Austurvöllur vel heppnaður

Götur og torg í Reykjavík og nágrenni eru hins vegar afar misvel lukkuð að mati þeirra félaga. „Austurvöllur er dæmi um mjög vel heppnað almenningsrými. Hlutföllin eru rétt og það hvað torgið er vel heppnað skilar sér í notkun þess, sem reyndar hefur aukist mjög á undanförnum árum," segir Steinþór Kári. „Húsin í kringum torgið eru hins vegar hvert með sínu lagi, þau eru mjög ólík meira að segja en það breytir engu um að rýmið sjálft er afar vel heppnað."

Austurstræti er líka í uppáhaldi hjá þeim og ekki síst gatnamót Austurstrætis og Pósthússtrætis. „Þar eru fjögur falleg hús hvert á sínu horni og allt umhverfið mjög borgarlegt," segir Ásmundur. Húsin þar eru há og reisuleg og eru þeir sammála um að há hús í miðbæ Reykjavíkur, til að mynda við Laugaveginn, standi fyrir sínu. „Sjáðu til dæmis þetta hús," segir þeir og benda út um gluggann á hús sem Guðjón Samúelsson teiknaði og stendur við Laugaveg 3. „Það eru góðar fimm hæðir en það nýtur sín samt vel við Laugaveginn."

Laugavegurinn hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár en þeir félagar eru ekkert sérstaklega á því að hafa þurfi miklar áhyggjur af framtíð og skipulagi verslunargötunnar, ekki frekar en hafa þurfti áhyggjur af Skólavörðustíg sem þróaðist fallega á meðan mikið var verið að velta vöngum yfir Laugavegi. „Það hafa margir jákvæðir hlutir gerst undanfarið á Laugaveginum, upp hafa sprottið nýjar búðir og það er mjög líflegt um að litast á Laugaveginum," segir Ásmundur sem gengur stundum götuna á leið í vinnuna. „Hugsanlega er Laugavegurinn of langur sem verslunargata, og kannski eiga verslanir eftir að raðast betur við götuna, þó að það hafi myndast vísir að því, til dæmis hér neðst við Laugaveginn," segir Steinþór Kári og bendir á hönnunarbúðirnar Steinunni, Spaks manns spjarir og Elm máli sínu til stuðnings.

### Hverfisgatan í uppáhaldi

Kurt og pí átti eina af verðlaunatillögunum að byggingu nýs listaháskóla á reitnum sem markast af Laugavegi, Hverfisgötu og Frakkastíg vestanmegin, þó ekki þá sem hreppti fyrsta sætið. Í tillögunni var gert ráð fyrir að byggingarnar tvær sem standa við Laugaveginn, númer 41 og 43, myndu halda sér, byggt yrði á milli þeirra en fyrir aftan þær yrði hærri bygging. Þannig myndi borgin teikna húsið eins og þeir kalla það sjálfir, hæð þakkantsins sem vegfarandi sæi væri óbreytt. Opnar neðri hæðir byggingarinnar myndu svo tengja saman starfsemi hússins og vegfarendur en eitt einkenni verka þeirra félaga er einmitt samspil húsa við umhverfi sitt. Reiturinn markast sem fyrr segir af Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu en sú síðastnefnda er í miklu uppáhaldi hjá þeim. „Það er eitthvað mjög mikið við þessa götu, breiddin á henni er svo rétt, og prófíllinn og mælikvarðinn sömuleiðis, það er eitthvað evrópskt við hana sem má alls ekki eyðileggja, segja þeir og benda á að það sé miklu frekar ástæða til að hafa áhyggjur af þróun Hverfisgötu en Laugavegs, þar séu miklir möguleikar til uppbyggingar sem og eyðileggingar ef teknar verða glataðar ákvarðanir af þeim sem valdið hafa í skipulagsmálum.

Ásmundur bendir á að gæta þurfi vissrar íhaldssemi í borgarskipulagi, íhaldssemin eigi hins vegar ekki að ná til húsanna, enda ætti arkitektúr ætíð að endurspegla samtímann og draga af honum dám.

„Borgin er eins og skepna, það þarf að hlúa að henni og leyfa henni að vaxa í rólegheitum, sem var kannski ekki beinlínis fyrir að fara í tryllingnum sem ríkti hér í góðærinu. Þá snerust tillögur í borgarskipulaginu ekki um borgina heldur um hagnað, það var verið að versla með deiliskipulag eins og hlutabréf og markmiðið var að græða sem mest, en borgin gleymdist," segir hann og þeir félagarnir eru fegnir yfir að þessu tímabili sé lokið.

> Við förum alltaf í mjög miklar efnispælingar þegar við erum að teikna hús og hugsum mikið um samspil þess og umhverfisins í kringum það.

Möguleikarnir í miðbænum leynast víða að þeirra mati, Óðinstorg er dæmi um vannýttan möguleika til að gera Reykjavík að betri borg. „Við notuðum það einmitt í kennslu í Listaháskólanum, lögðum upp það verkefni að gera eitthvað annað við torgið en nýta það sem bílastæði eins og nú er gert," segir Steinþór. „Við létum nemendur vinna í hópum, líka til þess að koma þeirri hugsun að hjá þeim að egóið þarf oftast að víkja fyrir samvinnu," segir Ásmundur.

### Samstarf og samþætting

Samvinna og samstarf eru mikilvæg þeim Steinþóri og Ásmundi eins og liggur í hlutarins eðli þegar rætt er við tvo arkitekta sem vinna saman að verkefum sínum. En það nær víðar en til bara samstarfs þeirra. Þeirra þekktasta bygging, Menntaskóli Borgarfjarðar, varð einmitt til að undangengnu miklu samstarfi og samvinnu við aðstandendur skólans. „Við vorum ráðnir mjög snemma til verksins og fengum því að vera með í allri umræðunni um skólann, nemendafjölda og hvers konar hlutverki byggingin ætti að gegna," segir Ásmundur. „Við fengum að vita að skólinn ætti að vera fyrir 200 nemendur og að í honum ætti að vera hátíðarsalur sem hægt væri að nota fyrir aðra en nemendur skólans en afgangurinn þróaðist hjá okkur í mjög nánu samstarfi við stjórnendur skólans," segir Steinþór.

Afraksturinn varð bygging sem þegar hefur unnið sér sess sem ein best heppnaða nýbygging samtímans. Hún kúrir milli kletta þar sem áður var íþróttavöllur í miðjum bænum, dregur svo mikið dám af umhverfi sínu að ökumaður á leið í gegnum Borgarnes tekur ekki endilega eftir húsinu sem þó hefur vakið athygli innanlands sem utan. „Við förum alltaf í mjög miklar efnispælingar þegar við erum að teikna hús og hugsum mikið um samspil þess og umhverfisins í kringum það. Menntaskólinn stendur við klettabelti, sem er úr bergtegund sem kallast íslandít, við leituðum að klæðningu sem félli vel að þessu landslagi og niðurstaðan var sú að klæða það brassi, sem er málmblanda kopars og zinks sem veðrast og breytist með tímanum. Breytingin á klæðningunni var mest fyrsta hálfa árið en eftir það gengur hún hægar fyrir sig en breytist eigi að síður," segir Ásmundur.

Önnur bein tilvísun til umhverfisins er lynggróður á lægri þökum byggingarinnar, sem blasir við af annarri hæð hússins og í sömu sjónlínu má sjá sama lynggróður á hæðunum í kringum húsið. Þannig dregur húsið athygli að umhverfinu um leið og það klæðist því. Stórir gluggar á göngum þar sem Hafnarfjallið blasir við gegna sama hlutverki, að fá umhverfið til að leika hlutverk innandyra og tengja þannig saman hús og umhverfi.

### Borgarskipulag í kringum einkabílinn

Þó á öðrum skala sé eru þeir Steinþór Kári og Ásmundur í sömu pælingum í einbýlishúsunum sem þeir hafa teiknað. Blaðamaður skoðar líkön af tveimur, sem eru að rísa í Garðabænum, sem eiga það sammerkt að íbúðarhúsnæðið umlykur port – inngarða – þannig að skilin á milli útirýmis verða töluvert öðruvísi en í hefðbundnari íslenskum húsum. Sum portin eru máluð líkt og veggir innanhúss, önnur notast við klæðningu. Efnispælingarnar eru sömuleiðis miklar þegar að einbýlishúsunum kemur, eitt húsanna í Garðabænum er til dæmis klætt með svokölluðu kortenstáli, ryðrauðu stáli sem minnir á mýrina sem áður var þar

FRAMHALD Á SÍÐU 24

### MENNTAÐIR Í ENGLANDI OG SVISS

Ásmundur Hrafn Sturluson lauk BS-námi í arkitektúr frá Polytechnic of North London árið 1991 og diplóma í arkitektúr frá Bartlett School of Architecture árið 1995. Hann hefur í félagi við Steinþór Kára rekið Kurt og pí arkitekta frá árinu 2004, vann á Tark teiknistofunni ehf. á árunum 1995-2007 auk þess að starfa sjálfstætt að ýmsum verkefnum.

Steinþór Kári Kárason lauk diplóma í arkitektúr frá École Polytechnique Fédérale de Lausanne í Sviss árið 1998. Hann hefur rekið Kurt og pí arkitekta ásamt Ásmundi síðan 2004. Áður vann hann hjá Stúdíói Granda í Reykjavík og Tony Fretton Architects í London.

BÖRN ERU OG VERÐA ALLTAF BÖRN, VIÐ ÞURFUM AÐ LEYFA ÞEIM AÐ VERA BÖRN EINS LENGI OG HÆGT ER! VIÐ MEGUM EKKI ÆTLAST TIL AÐ ÞAU VAXI HRATT OG VERÐI SKYNSÖM, IÐIN OG FRAMÚRSKARANDI FYRR EN ÞAU HAFA NOTIÐ ÆSKUNNAR • ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ EYÐIR Í BARNIÐ ÞITT ER TÍMI • ÞÚ GETUR LÆRT MARGT AF BÖRNUNUM, TIL DÆMIS HVERSU MIKLA ÞOLINMÆÐI ÞÚ HEFUR • BÖRN EIGA HVORKI FORTÍÐ NÉ FRAMTÍÐ, ÞAU LIFA Í NÚINU, SEM FÆST OKKAR GERA • BARN ER MANNESKJA SEM GETUR EKKI SKILIÐ AF HVERJU EINHVER MYNDI GEFA FRÁ SÉR LÍTINN KETTLING • BÖRNIN OKKAR ERU ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM VIÐ EIGUM



sem byggingin er nú. Sömuleiðis minna veggklæðningar úr koluðu timbri á mýrina sem var.

Einbýlishúsin eru í úthverfum á höfuðborgarsvæðinu, sem mikil uppbygging varð á í góðærinu undanfarin ár. Ásmundur og Steinþór Kári eru ekki mjög hrifnir af þeim línum sem voru lagðar þá – hverfin eru flest bara aðgengileg í bíl og yfirhöfuð hefur borgarskipulagið tekið alltof mikið mið af einkabílnum að þeirra mati.

**Gangstéttin vanmetin**

„Það má líka velta fyrir sér af hverju hverfi eins og Þingholtin eru jafn vinsæl og þau eru, þar er skipulagið einfaldlega hús gangstétt götur, göturnar eru svokallaðar gegnumakstursgötur þannig að um þær liggur bílaumferð en þar þykir fólki gott að vera.“ segir Steinþór Kári sem bendir á að börn sem alast upp við þannig götur læri á umhverfið og umferðina, þannig að í sjálfu sér sé ekki hægt að skilgreina þær hættulegri.

„Gangstéttin er líka mjög vanmetið fyrirbæri í borgarskipulagi,“ segir Ásmundur og bendir blaðamanni á að leiða hugann að muninum á því að ganga á Laugaveginum neðst – þar sem hann blasir við út um gluggann, eða ofar, til dæmis við Kjörgarð, þar sem skil bílastæða og gangstétta eru miklu óljósari með tilheyrandi óöryggi gangandi vegfarenda, skýrari skil geri gangstéttina miklu betri fyrir þá sem gangandi eru og hjálpi þeim að fóta sig í borginni.

Við erum sem sagt aftur komin frá húsum og út á götu í samræðu okkar, þar sem hjarta borgarinnar slær. Blaðamaður vill þó gjarnan fá að vita að lokum hvort þeir eigi óteiknað draumahús. „Við viljum bara fá að byggja borg, halda áfram að byggja borg,“ er svarið og með það er kvatt.

## BYGGING SEM VAKIÐ HEFUR ATHYGLI



MYND/HÁKAN LUDWIGSON



MYND/HÁKAN LUDWIGSON



MYND/SIGURGEIR SIGURJÓNSSON



MYND/SIGURGEIR SIGURJÓNSSON

Þekktasta bygging arkitektanna Steinþórs Kára Kárasonar og Ásmundar Helga Sturlusonar er Menntaskóli Borgarfjarðar í Borgarnesi.

Arkitektarnir fengu Menningarverðlaun DV 2008 fyrir bygginguna og komust nýverið í 25 manna úrslitahóp í samkeppni tímaritsins Architectural Review en um 500 framlög bárust í þá keppni.

Menntaskólinn er klæddur kopar sem hefur sterka skírskotun til umhverfisins og spilar með því og á það. Tengsl byggingarinnar við umhverfi sitt eru sterk, bæði í efnisvali og formi. Stórir gluggar ramma til að mynda útsýnið inn og draga það inn í bygginguna.



# Létt og ljúft
# á nýju ári!

OPIÐ til 20 alla daga



ÓDÝRT Í HAGKAUP

KJÚKLINGA BRINGUR
**1.854** kr/kg.
Merkt verð 2.898.-



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.739** kr/kg.
Merkt verð 2.899.-

**Kjúklingalundir**
ferskar



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**559** kr/pk.
Merkt verð 798.-

**Ungnautahamborgarar**
4 x 90 g stk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.079** kr/kg.

**Lambalæri**
frosið



**2.698** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Nautalundir**
frosnar




HAGKAUP
## LÚXUS ÍS

Ítalskur hágæða rjómaís, lagaður eftir gamallri ítalskri hefð sem tryggir ómótstæðilegan eftirrétt á hátíðarborðið þitt. Þrjár girnilegar bragðtegundir hver annarri betri, verði þér að góðu!

ávöxtur mánaðarins



MANGÓ
**398** kr/kg.



DR. MARTENS KÓKOSVATN
**499** kr/stk.



16" PIZZUR FERSKAR
**998** kr/stk.



LÍFRÆNAR HRÍSKÖKUR
**299** kr/pk.



HEILHVEITI PASTA LÍFRÆNT
**298** kr/pk.



LÍFRÆNT SPELT 2 TEG.
**598** kr/pk.

OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. janúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**ÍSRAELSKT SPRENGJUREGN** Þegar árið var nýhafið heiftarlegt stríð á Gasasvæðinu, sem átti eftir að kosta þrettán Ísraela og nærri 1.500 Palestínumenn lífið áður en átökunum lauk hinn 18. janúar. Um það bil tveir þriðju hinna látnu voru almennir borgarar, flestir á barnsaldri. Á myndinni sjást almennir borgarar og heilbrigðisstarfsfólk hlaupa í skjól undan sprengjuregni, sem ísraelskir hermenn létu vaða á skóla á vegum Sameinuðu þjóðanna í Beit Lahia 17. janúar. Fjöldi fólks hafði leitað skjóls í skólanum, en Ísraelar sögðust hafa beint skotum sínum að herskáum Palestínumönnum. Þetta var í þriðja sinn sem Ísraelar réðust á skóla á vegum Sameinuðu þjóðanna. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

# Fréttir sem snertu allan heiminn

Þegar heimurinn allur er undir er úr vöndu að ráða þegar kemur að því að velja fréttnæmustu stundirnar á nýliðnu ári. ***Guðsteinn Bjarnason*** stiklar því á stóru í myndvali sínu. Sumir segja að fall sé fararheill og því ef til vill við hæfi að hefja yfirferðina á árásunum á Gasa sem stóðu fyrstu vikur ársins. Blessunarlega eru ekki allar fréttirnar á hörmungarnótum, þótt vissulega berist „slæmar“ fregnir stundum víðar en aðrar.



**Í LOFTSLAGSRÁÐSTEFNULOK** Heimsleiðtogar funda á lokadegi ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Frá vinstri José Mario Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svía, Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, Barack Obama Bandaríkjaforseti, og Gordon Brown, forsætisráðherra Breta.



**VORKOSS** Flensufælni slær ekki á rómantík vorsins, í það minnsta ekki hjá þessu pari sem kysstist við Sagnfræðimiðstöðina í Mexíkóborg undir apríllok í fyrra. Þá stóð sem hæst ótti fólks í Mexíkó og Bandaríkjunum við að svínaflensan, sem uppruna sinn átti í Mexíkó, yrði að heimsfaraldri sem leggja myndi megnið af heimsbyggðinni í rúmið sökum skorts á ónæmi. Flensan fór svo um allan heim og hefur orðið allmörgum að bana, án þess þó að verða jafnskæð og margir óttuðust. Hún hefur víðast hvar náð hámarki á norðurhveli jarðar og er í rénun hér á landi, en á eftir að ná hámarki í sumum löndum heims, að sögn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.



**OBAMA SVARINN Í EMBÆTTI** Barack Obama sver embættiseið sem 44. forseti Bandaríkjanna við þinghúsbygginguna í Washington DC í Bandaríkjunum, undir janúarlok í fyrra. Með Obama er eiginkonan Michelle og dæturnar, Malia (önnur frá hægri) og Sasha.

# NICOTINELL

## getur hjálpað þér að hætta að reykja




## ...með ávaxtabragði!

**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni þegar reykingum er hætt. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. **Munnsogstöflur:** skammtar mega þó aldrei vera stærri en 30 stykki á dag af 1 mg og mest 15 stykki á dag af 2 mg. **Lyfjatyggigúmmí:** skammtar mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Maður er nefndur Kimputer

Nafnið **Kim Peek** kveikir kannski ekki á perunni hjá mörgum en hann er betur þekktur sem fyrirmyndin að Raymond Babbitt sem Dustin Hoffman túlkaði í kvikmyndinni Rain Man og hlaut Óskarsverðlaunin fyrir. Regnmaðurinn hefur kvatt sviðið en hann lést í desember. *Svavar Hávarðsson* lagðist í rannsóknir og komst að því að yfirburðamenn geta ekki allir tannburstað sig.



LAURENCE KIM PEEK Hann er betur þekktur sem Regnmaðurinn. Minni Kims var talið takmarkalaust á nokkrum sviðum en hann var þó ófær um að klæða sig á morgnana. Hér er hann staddur í borgarbókasafni Salt Lake borgar sem var hans annað heimili. Hann las að meðaltali átta bækur á dag – og mundi þær allar orðrétt ævilangt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjónunum Fran og Jeanne Peek fæddist sonur 11. nóvember 1951. Frá fyrsta degi var ljóst að drengurinn var ekki heilbrigður og læknar tjáðu foreldrum hans að hann væri svo mikið fatlaður, bæði andlega og líkamlega, að best væri fyrir alla að hann yrði vistaður á stofnun þar sem hægt væri að sinna þörfum hans. Fran og Jeanne eru mormónar og höfðu búið í Salt Lake City í Utah allt sitt líf. Þau virtu ráð læknanna að vettugi, skírðu drenginn Laurence Kim, og fóru heim.

### Heilaskaði og snilligáfa

Þegar Kim var aðeins níu mánaða gamall fundu læknar ástæðuna fyrir því að hann þroskaðist ekki eðlilega. Stórt kýli vinstra megin í höfði hafði stórskemmt vinstra heilahvelið. Ekki nóg með það heldur kom í ljós mörgum árum síðar að hann fæddist einnig án hvelatengsla, taugaknippis sem tengir hægra og vinstra heilahvel.

Kim var frá upphafi erfiður, grét nær stanslaust fyrstu mánuðina og lærði ekki að ganga fyrr en hann var á fimmta aldursári. Hins vegar komu hæfileikar hans fram þegar hann var þriggja ára þegar foreldrar hans sannreyndu að Kim var fluglæs. Daginn sem þau gerðu þessa uppgötvun kom Kim til þeirra og spurði þau um merkingu enska orðsins confidential, eða leynilegur. Þau sögðu Kim í gríni að fletta orðinu upp. Þeim til mikillar furðu gerði Kim það án erfiðleika. Eftir nokkur einföld próf gerðu þau sér ljóst að þrátt fyrir ungan aldur gat Kim lesið dagblöðin og hafði á þeim tímapunkti lagt á minnið nokkrar blaðsíður úr hverfissímaskrá Salt Lake borgar.

Kim var sendur í skóla sjö ára eins og tíðkaðist. Opinber skólaganga hans varð þó aðeins nokkrir dagar. Skólastjórnendur sögðu hann trufla aðra nemendur það mikið að ekki væri hægt að leyfa honum að stunda nám við hverfisskólann. Það væri heldur ekki til neins þar sem hann væri ófær um að tileinka sér námsefnið. Þar kusu kennarar skólans að horfa framhjá þeirri staðreynd að Kim hafði lagt Biblíuna orðrétt á minnið ásamt fleiri flóknum trúarlegum textum sem hann hafði sérstakan áhuga á. Skilningsleysi bandarískra heilbrigðisyfirvalda á þörfum fatlaðra barna varð til þess að Kim gekk menntaveginn heima í stofu. Faðir hans réð kennara á eftirlaunum til að leiðbeina Kim, með þeim árangri að hann hafði lokið sama námsefni til stúdentsprófs við fjórtán ára aldur. Honum var neitað um próftöku og fékk ekki árangur sinn viðurkenndan fyrr en hann var orðinn heimsfrægur, áratugum síðar.

### Að leggja bækur á minnið

Líf Kims Peek var sennilega í litlu frábrugðið lífi annarra fatlaðra á þessum tíma. Hann eyddi dögunum með foreldrum sínum, sem þurftu að aðstoða hann við allar daglegar þarfir hans. Kim gat nefnilega ekki hneppt skyrtu, greitt sér eða burstað tennurnar eða nokkuð annað sem heilbrigt fólk tekur sem sjálfsögðum hlut. Hann var þó mest einn, og hélt til á bókasafni borgarinnar þar sem honum voru færðar bækur til lestrar. Í hans tilfelli var það reyndar fullt starf fyrir eins og einn starfsmann safnsins þar sem Kim las að meðaltali átta bækur á dag. Ólíkt öðrum las hann ekki einungis bækurnar sér til ánægju heldur lagði þær allar á minnið. Rannsóknir sýndu að lestrartækni Kims var einstök. Hann las nefnilega tvær blaðsíður í einu, eina með hvoru auga samtímis. Hverja opnu tileinkaði hann sér á átta til tíu sekúndum. Yfir ævina er talið að hann hafi lagt tólf þúsund bækur á minnið. Helst hafði hann gaman af alfræðiorðabókum en símaskrár lagði hann einnig á minnið – og útskýrði fyrir foður sínum að það væru skemmtilegar æfingar fyrir heilann. Það má fylgja sögunni að það skipti Kim engu máli hvort bókin var á hvolfi eða á hlið þegar hann las. Hann las bókina jafn hratt og áður og mundi 98 prósent af innihaldi hennar – ævilangt. Kannski var það þess vegna sem hann sneri lesnum bókum öfugt í bókahillunni heima og annars staðar; sem var hans kerfi til að greina á milli þeirra bóka sem hann átti eftir að leggja á minnið.

### Heimsfrægð

Allt breyttist þetta svo einn góðan veðurdag þegar Fran og Kim sóttu heim ráðstefnu á vegum Landssamtaka þroskaheftra í Bandaríkjunum. Ferðin var lítt skipulögð og í raun hugdetta föður Kims. Ekki hefði verið frá miklu að segja ef ráðstefnuna hefði ekki sótt handritshöfundurinn Barry Morrow. Hann var að vinna að handriti og notaði ráðstefnuna til efnisöflunar. Morrow hafði hitt nokkra þinggesti áður en leiðir hans og Kims lágu saman. Stutt samtal breyttist í margra klukkustunda setu þar sem Morrow reyndi að reka Kim á gat með spurningum um allt og ekkert – án árangurs. Þegar Kim hafði fengið nóg kom Morrow að máli við Fran og spurði hvort hann vissi að sonur hans þekkti öll póst-, svæðis- og veganúmer í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Fran gerði lítið úr spurningu handritshöfundarins þar sem hann vissi manna best hvað Kim gat – og hvað hann gat ekki. Þess vegna hafnaði hann eftirleitan Morrow um að fá meiri tíma með syni hans.

Það var svo tveimur árum síðar að Morrow hringdi í Fran Peek til að segja honum að kvikmyndaver í Hollywood hefði keypt af honum handrit. Myndin fjallaði um bræður, annan sjálfselskan ævintýramann en hinn einhverfan ofvita, og ferðalag þeirra yfir Bandaríkin. Hann sagði Fran að sonur hans hefði haft mikil áhrif á sig og hvort það væri nokkur leið til þess að hann gæti leyft aðalleikara myndarinnar að hitta Kim í nokkra klukkutíma í tengslum við undirbúning hans fyrir myndina. Fran varð við þeirri ósk.



KVIKMYNDIN Dustin Hoffman og Tom Cruise í hlutverkum sínum sem Raymond og Charlie Babbitt í myndinni Rain Man.

Dustin Hoffman varð, eins og Morrow, upprifinn yfir hæfileikum Kims. Þeir voru saman dagpart og áður en Hoffman kvaddi sagði hann við Fran að hann yrði að koma syni sínum á framfæri með einhverjum hætti. Heimurinn yrði að kynnast honum.

Fran gerði ekkert með þessa ósk leikarans en velgengni myndarinnar varð til þess að Kim varð heimsfrægur á undrastuttum tíma. Hoffman hlaut Óskarsverðlaunin fyrir túlkun sína á Raymond Babbitt og Morrow fékk einnig verðlaunin fyrir besta handritið. Báðir minntust þeir á Kim Peek í þakkarræðum sínum á verðlaunahátíðinni og meira þurfti ekki til. Fjölmiðlar, bæði ljósvakamiðlar og dagblöð, sáu um afganginn.

### Staðlausir stafir

Það er útbreiddur misskilningur að persónan sem Hoffman leikur í myndinni, hinn einhverfi Raymond Babbitt, sé spegilmynd af Kim Peek. Svo er ekki. Hoffman tileinkaði sér eitt og annað í fari Kims, eins og innihaldslaust tuð hans á tímum, hvernig hann var sífellt á iði og tilfinningalegt ójafnvægi. Einnig getu Kims til að leggja mikið magn upplýsinga á minnið, þar á meðal spil, eða telja spil eins og fjárhættuspilarar nýta sér í sölum spilavíta. Öfugt við það sem fram kemur í myndinni kom Kim aldrei í spilavíti, og hafnaði tækifæri til þess þegar honum var boðið það í algleymi frægðarinnar sem myndin naut árið 1988. Til að svara algengri spurningu gat hann heldur ekki talið tannstöngla sem hent var á gólfið.

### Margslunginn persónuleiki

Kim var í reynd mun margslungnari persónuleiki en sá sem birtist í líki Raymonds Babbitt í myndinni. Ólíkt mörgum öðrum einstaklingum með áþekka fötlun stöðvaðist tilfinningalegur þroski Kims ekki á unga aldri. Faðir hans hefur til dæmis bent á að kímnigáfa Kim breyttist mikið með árunum og hann gat til dauðadags tileinkað sér nýja hluti. Hann lærði á píanó um fimmtugt og hafði við dauða sinn lagt á minnið þúsundir lagasmíða sem hann gat spilað allvel. Á móti er vert að minnast þess að hann gat ekki lagt á minnið hvar hnífaparaskúffan var staðsett í húsinu sem hann bjó í alla ævi.

Athyglin sem Kim hlaut í kjölfar myndarinnar gjörbreytti lífi hans og er því þakkað hversu mikið hann náði að rjúfa þá einangrun sem hann lifði í fram til þess tíma. Hann forðaðist umgengni við ókunnuga lengi vel en eftir að hann fékk viðurkenningu, sem hann skildi og var stoltur af, sóttist hann eftir samtölum og kynnum við fólk.

Eftir að myndin kom út breyttist líf Kims eins og áður sagði. Hann og faðir hans ferðuðust um Bandaríkin og héldu fyrirlestra í háskólum, fangelsum, á elliheimilum og samkundum stjórnmálaflokka. Fyrirlestrarnir voru fyrir flestum skemmtiatriði, enda makalaust að fylgjast með Kim leika hugarlistir sínar. En þung undiralda fylgdi þessum uppákomum því Fran notaði tækifærið til að boða mikilvægi þess að búa vel að þeim sem lifa með fötlun af einhverju tagi. Á ferðum sínum sóttu um tvær milljónir manna fyrirlestra þeirra feðga, sem aldrei tóku borgun fyrir.

### Lifandi leitarvél

Sérfræðingar frá fimm háskólum í Bandaríkjunum og Bandaríska geimferðastofnunin (NASA) rannsökuðu Kim til að læra meira um snilligáfu hans. Niðurstaða þeirra í stuttu máli var sú að minni hans ætti sér enga þekkta hliðstæðu. Í raun hefði minni hans verið takmarkalaust. Staðfest var að yfirburðageta hans náði að minnsta kosti til fimmtán sviða og má nefna tónlist, bókmenntir, íþróttir, landafræði, sögu og stærðfræði. Snilli annarra sem skilgreindir eru með ofvita-heilkennið nær yfirleitt til eins sviðs. Það sem gerir sögu hans enn makalausari er að greindarvísitala Kims var metin 87, en geta hans til að leggja upplýsingar á minnið jókst alla hans ævi. Darold Treffert, geðlæknir við Háskólann í Wisconsin, sagði kannski allt sem segja þarf þegar hann líkti Kim við Google-leitarvélina.

Kim Peek lést af völdum hjartaáfalls 19. desember síðastliðinn. Verðmætasta eign hans var Óskarinn sem Barry Morrow gaf honum en styttuna skildi hann aldrei við sig. Það skemmtilegasta sem hann gerði var að spyrja fólk um fæðingardag þess; segja þeim á hvaða vikudegi það fæddist – og reyndar líka hvaða fréttir voru á forsíðum tíu stærstu dagblaða Bandaríkjanna þann daginn.

# Vor ævintýri Heimsferða

Vinsælustu ferðahelgar vorsins
- tryggðu þér sæti strax!



Heimsferðir kynna glæsilegar vorferðir sínar árið 2010. Við bjóðum beint leiguflug til vinsælustu borga Evrópu, fyrsta flokks golfferðir til Spánar, auk spennandi ferða í sólina í vor og yfir páskana.
Athugið að framboðið er takmarkað og því nauðsynlegt að tryggja sér sæti strax.

## GLÆSILEGAR BORGARPERLUR!



## Barcelona frá 69.900 kr.

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Verð á flugi og gistingu frá kr. 99.900, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Villa Olimpic Suites & Spa með morgunverði í 4 nætur.

22. apríl – 4 nætur

Beint flug með Icelandair



## Búdapest frá 79.900 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ibis Váci út í 4 nætur með morgunverði, 29. apríl.

22. apríl – 4 nætur • 29. apríl – 4 nætur




## Costa del Sol frá 119.950 kr.

**Frá 119.950 kr.**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Aguamarina í 10 nætur. Aukalega fyrir hálft fæði kr. 30.000 fyrir fullorðna en kr. 15.000 fyrir börn. Innifalið er flug, skattar, gisting og ferðir til og frá flugvellinum í Sevilla.

**Frá 138.835 kr.**
**- með „öllu inniföldu“**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, á Hotel Roc Flamingo *** með „öllu inniföldu“ í 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 159.900. Innifalið er flug, skattar, gisting með „öllu inniföldu“ og ferðir til og frá flugvellinum í Sevilla.



## Prag

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ilf í 3 nætur með morgunverði, 22. apríl.

22. apríl – 3 nætur

frá 79.900 kr.



## Sevilla

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Silken Al Andalus **** í 4 nætur með morgunverði, 13. maí.

13. maí – 4 nætur

frá 108.500 kr.

Beint flug með Icelandair



**Beint flug með Icelandair**

frá 159.900 kr.

26. mars – Páskar – UPPSELT
5. apríl – 7 nætur – UPPSELT
12. apríl – 7 nætur
19. apríl – 10 nætur

## GOLFVEISLA Í VOR!

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í viku á Nuevo Portil, 12. apríl.
Innifalið: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði, ótakmarkað golf alla daga, ferðir til og frá flugvelli, kerrur og æfingaboltar.

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**1** **Hjaltalín**
**Terminal** 51 stig



**2** **Hjálmar**
**IV** 45 stig



**3** **Kimono**
**Easy Music For difficult People** 22 stig



**4** **Bloodgroup**
**Dry Land** 17 stig



**5** **Dikta**
**Get It Together** 17 stig



**6** **Sudden Weather Change**
**Stop Hand-grenade In The Name Of Crib Death 'nder-stand?** 13 stig



**7** **Ben Frost**
**By The Frost** 12 stig



**8** **Morðingjarnir**
**Flóttinn mikli** 11 stig



**9** **Egill Sæbjörnsson**
**Egill S.** 10 stig



**10** **múm**
**Sing Along To Songs You Don't Know** 8 stig

# Bestu íslensku plötur ársins

Útgáfan Borgin er með fjórar plötur af tíu að mati valinna sérfræðinga sem Fréttablaðið leitaði til um valið á plötum ársins 2009. **Terminal** með hljómsveitinni Hjaltalín var valin besta plata ársins en fjórða plata Hjálma fylgir í kjölfarið.

Terminal, önnur plata Hjaltalín, er besta plata ársins samkvæmt kosningu Fréttablaðsins. Högni Egilsson, aðalsprauta sveitarinnar, er eðlilega upp með sér. „Frábært! Það er gaman að fólk hafi tekið plötunni vel. Hún fer um víðan völl og það er gott að fólk kunni að meta það. Hún er fjölbreytt í tónflórunni og það var markmiðið með henni: að fjölga litunum sem hægt er að nota í poppheiminum," segir Högni. Hann vonar að toppnum sé ekki náð á sínum höfundarferli: „Mér fannst Sleepdrunk Seasons (sú plata var í þriðja sæti í kosningu Fréttablaðsins 2007) geðveikt góð þegar hún kom út, en nú heyri ég fullt af hlutum sem eru að henni. Við erum öll voða ánægð með Terminal núna, en ég get alveg ímyndað mér að maður finni eitthvað að henni eftir fimm ár. Það verður alltaf þannig."

Árið í fyrra var mjög erilsamt hjá Hjaltalín, bandið spilaði út um allt og gerði plötu. „Við erum að fara á Norðurpólinn í byrjun febrúar, eða nálægt honum. Spilum á hátíð í Kirkjunesi við landamæri Noregs og Rússalands og þar er víst meðalhitinn mínus 14 gráður á þessum tíma. Annars erum við bara að taka smá pásu."

Högni getur engu spáð um næstu plötu, hvenær hún komi út eða hvort hún komi á annað borð. „Það væri þó vissulega ákjósanlegt því bandið er heitt eftir mikið samstarf. Árið reyndi mikið á hljómsveitina og allir eru vel tengdir og geta lesið hver annan á skilvirkan hátt. Það væri synd að fara að slíta því samstarfi. Jú, ég býst við að við gerum aðra plötu seinna."



**HEIT EFTIR NÁIÐ SAMSTARF** Önnur plata Hjaltalín, Terminal, er besta plata ársins samkvæmt spekingum Fréttablaðsins.

### Um könnunina

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um hverjar eru bestu plötur ársins 2009. Tuttugu manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá hlýtur sú plata sem fær stig frá fleiri aðilum hærra sæti á listanum.

Tvær plötur hafa nokkra yfirburði í könnuninni. Hjaltalínplatan Terminal fær 51 stig og þrettán tilnefningar og fjórða plata Hjálma fylgir á eftir með 45 stig og ellefu tilnefningar. Kimono–platan Easy Music For Difficult People nær þriðja sæti með 22 stig frá fimm þátttakendum. Dry Land Bloodgroup er í fjórða sæti með 17 stig og átta tilnefningar og Get It Together Diktu er í fimmta sæti líka með 17 stig, en fimm tilnefningar.

Annars vekur athygli að allar plöturnar á Topp tíu eru gefnar út af ungum og upprennandi plötuútgáfum. Bedroom Community, Kölski og Record Records eiga eina plötu hver á listanum, Kimi á þrjár en hin nýstofnaða útgáfa Borgin er með fjórar plötur og þar af þær tvær efstu þannig að hún telst tvímælalaust vera plötuútgáfa ársins!

## Sérfræðingar Fréttablaðsins

**Alexandra Kjeld – Rjóminn**
**1.** Anna Guðný Guðmundsdóttir – Vingt regards sur l'enfant–Jésus
**2.** Hjálmar – IV
**3.** Víkingur Heiðar Ólafsson – Debut
**4.** Árni Heiðar Karlsson – Mæri
**5.** Bloodgroup – Dry Land

**Andrea Jónsdóttir – Rás 2**
**1.** Hjaltalín – Terminal
**2.** Hjálmar – Hjálmar IV
**3.** Lights On The Highway – Amanita Muscaria
**4.** Elíza – Pie In The Sky
**5.** Fabúla – In Your Skin

**Anna Margrét Björnsson – Fréttablaðið**
**1.** Kimono – Easy Music For Diffficult People
**2.** Nolo – Nolo
**3.** Ólafur Arnalds – Found Songs
**4.** Sudden Weather Change – Stop Handgrenade In The Name Of Crib Death 'nderstand?
**5.** Hermigervill – Leikur vinsæl íslenzk lög

**Árni Þór Jónsson – Zýrður rjómi**
**1.** Hjaltalin – Terminal
**2.** Eberg – Antidode
**3.** Bloodgroup – Dry Land
**4.** Pascal Pinon – Pascal Pinon
**5.** Feldberg – Don't Be A Stranger

**Bob Cluness – Grapevine**
**1.** Ben Frost – By The Throat
**2.** Kimono – Easy Music For Difficult People
**3.** Bloodgroup – Dry Land
**4.** Sólstafir – Köld
**5.** Sudden Weather Change – Stop Handgrenade In The Name Of Crib Death 'nderstand?

**Bobby Breiðholt – breidholt.blogspot.com**
**1.** Hjálmar – IV
**2.** Hjaltalín – Terminal
**3.** Snorri Helgason – I'm Gonna Put My Name On Your Door
**4.** Retron – Swordplay & Guitarslay
**5.** Hermigervill – Leikur vinsæl íslenzk lög

**Brynjar Már Valdimarsson – FM 957**
**1.** Dikta – Get It Together
**2.** Hjaltalín – Terminal
**3.** Gus Gus – 24/7
**4.** Hjálmar – IV
**5.** Our Lives – We Lost The Race

**Dr. Gunni – Fréttablaðið**
**1.** Hjaltalín – Terminal
**2.** Bloodgroup – Dry land
**3.** Morðingjarnir – Flóttinn mikli
**4.** Múm – Sing Along To Songs You Don't Know
**5.** Feldberg – Don't Be A Stranger

**Egill Harðar – Rjóminn**
**1.** Kimono – Easy Music For Difficult People
**2.** Hermigervill – Leikur vinsæl íslenzk lög
**3.** Hjálmar – IV
**4.** Múm – Sing Along To Songs You Don't Know
**5.** Hjaltalín – Terminal

**Einar Bárðarson – Kaninn**
**1.** Hjálmar – IV
**2.** Ingó og veðurguðirnir – Góðar Stundir
**3.** Feldberg – Don't Be a Stranger
**4.** Dikta – Get It Together
**5.** Jogvan og Friðrik Ómar – Vinalög

**Freyr Bjarnason – Fréttablaðið**
**1.** Hjaltalín – Terminal
**2.** Hjálmar – IV
**3.** Bloodgroup – Dry Land
**4.** Egill Sæbjörnsson – Egill S.
**5.** Snorri Helgason – I'm Gonna Put My Name On Your Door

**Frosti Logason – Xið 977**
**1.** Dikta – Get It Together
**2.** Egill Sæbjörnsson – Egill S
**3.** Hoffmann – Your Secrets Are Safe With Us
**4.** Me, The Slumbering Napoleon – The Bloody Core Of It
**5.** Our Lives – We Lost The Race

**Haukur S. Magnússon – Grapevine**
**1.** Ben Frost – By The Throat
**2.** Sudden Weather Change – Stop! Handgrenade In The Name Of Crib–Death 'nderstand?
**3.** Hildur Guðnadóttir – Without Sinking
**4.** Morðingjarnir – Flóttinn mikli
**5.** The Go–Go Darkness – The Go–Go Darkness

**Heiða Ólafsdóttir – RÚV/Poppland**
**1.** Hjaltalín – Terminal
**2.** Dikta – Get It Together
**3.** Ellen – Draumey
**4.** Lights On The Highway – Amanita Muscaria
**5.** Bloodgroup – Dry Land

**Hildur Maral – Rjóminn**
**1.** Hjálmar – IV
**2.** Ruxpin – Where Do We Float From Here ?
**3.** Hjaltalín – Terminal
**4.** Sudden Weather Change – Stop! Handgrenade In The Name Of Crib–Death 'nderstand?
**5.** Bloodgroup – Dry Land

**Höskuldur Daði Magnússon – Fréttablaðið**
**1.** Kimono – Easy Music For Difficult People
**2.** Egill Sæbjörnsson – Egill S
**3.** Hjaltalín – Terminal
**4.** Ske – Love For You All
**5.** Dikta – Get It Together

**Jens Kr. Guð**
**1.** Sólstafir – Köld
**2.** Morðingjarnir – Flóttinn mikli
**3.** Hjálmar – IV
**4.** Egó – 6. október
**5.** Eivör – Live

**Kjartan Guðmundsson – Fréttablaðið**
**1.** Hjálmar – IV
**2.** Sudden Weather Change – Stop! Handgrenade In The Name Of Crib–Death 'nderstand?
**3.** Sykur – Frábært eða frábært
**4.** Hjaltalín – Terminal
**5.** Ívar Bjarklind – Tíu fingur og tær

**Ólafur Páll Gunnarsson – Rás 2**
**1.** Hjálmar – IV
**2.** Hjaltalín – Terminal
**3.** Egó – 6. október
**4.** Morðingjarnir – Flóttinn mikli
**5.** Lights On The Highway – Amanita Muscaria

**Trausti Júlíusson – Fréttablaðið**
**1.** Hjaltalín – Terminal
**2.** Múm – Sing Along To Songs You Don't Know
**3.** Kimono – Easy Music For Difficult People
**4.** Ben Frost – By The Throat
**5.** Bloodgroup – Dry Land

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
janúar 2010

## Nestið mikilvægt

Góð ráð þegar farið er með litlu börnin á skíði

SÍÐA 3





## Breikdans og meiri lestur

Mæðgurnar Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl og Ísabella Mist Thomasdóttir fagna nýju ári SÍÐA 2



# Gengu á Snækoll á skíðum

**Ekki myndu allir treysta sér til þess að ganga á Snækoll á skíðum, hvað þá með tvö börn. Gunnhildur Jónsdóttir vílaði það ekki fyrir sér enda skíðakona mikil, rétt eins og fjölskyldan öll.**



Skíði og skíðaskór eru í stöflun á heimili Gunnhildar enda stunda allir í fjölskyldunni þá íþrótt. Bæði voru þau Gunnhildur og Garðar Þorvarðsson skíðafólk frá barnæsku og það þurfti því ekki að ræða það neitt sérstaklega þegar íþróttin var kynnt fyrir sonunum, Jóni Hákoni og Stefáni Leó, á unga aldri.

„Þeir byrjuðu báðir þegar þeir voru þriggja og hálfs árs gamlir, árinu áður voru þeir of litlir,“ segir Gunnhildur sem fór með þá yngri í fjöllin en þá varð þotan frekar fyrir valinu. „Við byrjuðum bara í mjög litlum halla og svo settum við þá báða í kennslu, það er óhætt að mæla með því. Það er svolítið þannig að þegar foreldrarnir eru að kenna á skíði þá verða litlu börnin fljótt aum, þau eru duglegri hjá kennara,“ segir Gunnhildur.

Strákarnir sem í dag eru fjögurra og sjö ára gamlir eru færir í flestan sjó og hafa fylgt foreldrunum á skíði innanlands sem utan. Fyrir rétt rúmu ári, 20. desember, var fyrsti opnunardagurinn í Bláfjöllum það árið og mætti fjölskyldan á skíði þann daginn. „Þá fór sá litli á skíði í fyrsta sinn og var svo mjög duglegur það sem eftir lifði vetrar.“ Um áramótin fór fjölskyldan til Svíþjóðar á skíði í Dölunum svokölluðu þar sem skíðað var með frændfólki. „Þar náði hann þessu órúlega vel,“ segir Gunnhildur sem mælir óhikað með skíðaferð í Dalina með börn. „Brekkurnar voru ekki eins háar og í Ölpunum en þetta var mjög skemmtilegt svæði fyrir börn, hægt að skíða í gegnum Tröllaskóg með tréfígúrum svo dæmi séu tekin.“

Síðasti vetur var svo einkar ákjósanlegur til skíðaiðkana eins og margir muna eflaust og því margar ferðir sem farnar voru í Bláfjöllin en einnig fór fjölskyldan tvisvar á skíði til Siglufjarðar. „Þar voru reyndar mjög góðar aðstæður fyrir Stefán því þar náði hann sjálfur upp í skíðalyftuna, hún er lægri en í Bláfjöllum og meiri snjór.“

Skíðamennskunni síðasta vetur lauk svo með glæsbrag – reyndar þegar komið var fram á sumar. „Við fórum í Kerlingarfjöll í júní og gengum upp á Snækoll í sól og blíðu. Yngri strákurinn fékk stundum að fara á hestbak og ferðin upp tók þrjá tíma en þetta hafðist,“ segir Gunnhildur ánægð með ferðina.

FRAMHALD Á SÍÐU 3

**Yogastöðin Heilsubót**
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is
**Kæru barnshafandi konur**
**Yogaleikfimi fyrir ykkur!**
Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
**Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!**


**Kæru þið! Upp með gleði og kjark**
Hin vinsælu byrjendanámskeið halda áfram í
**Yogastöðinni Heilsubót**
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is
**Nýtt námskeið hefst 7. janúar** **Innritun hafin.**
**Vanir yogaiðkendur hjartanlega velkomnir**
**Í morguntíma, hádegis, síðdegis og kvöldtíma.**





**Mæðgur og vinkonur** Erla Ósk Lilliendahl og Ísabella Mist Thomasdóttir eru miklar vinkonur og segjast ætla að hafa árið 2010 á skapandi nótum með góðum fjölskyldustundum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Breikdans og meiri lestur árið 2010

**Mæðgurnar Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl og Ísabella Mist Thomasdóttir, ellefu ára, hlakka til ársins sem er að hefjast. Á þeirra dagskrá er meðal annars meiri bóklestur.**

Erla Ósk og Ísabella eru þessa dagana staddar sín í hvorri vampýrubókinni og segja stundirnar á kvöldin, rétt fyrir svefninn, þar sem þær eru báðar niðursokknar í lestur, vera einar af þeim bestu. Þær hafi því meðal annars ákveðið að eyða meiri tíma á nýja árinu í bókalestur og vera minna við tölvur og sjónvarp.

„Nýja árið leggst bara vel í okkur. Árið hefur verið nokkuð erfitt, eins og hjá mörgum, með mikilli vinnu, og maður vonar auðvitað að fram undan séu bjartari tímar. Maður er glaður að hafa átt í sig og á og allt umfram það er plús. Ég hugsa að hugsunarháttur margra séu breyttur hvað þetta varðar og flestir hugsi á þessum nótum í dag,“ segir Erla Ósk.

Ísabella Mist er í 6. bekk í Melaskóla og segist hafa ýmislegt í huga þegar nýtt ár gengur í garð. Ofarlega á listanum sé námið og heimalærdómurinn, sem hún hyggst reyna að stunda af kappi. „Ég ætla mér líka að læra dans árinu og fara á námskeið í breikdansi eða „freestyle“. Mig langar að dansa við einhverja skemmtilega tónlist.“

Erla Ósk segir þær mæðgur sækja í að skapa, það gefi þeim mikið og hún hugsi sér líka árið 2010 fyrir námskeið í keramik en henni líði best þegar hún nái að bæta við sig einhvers konar þekkingu og menntun. Á dagskránni sé annars að taka einn dag í einu, eins og reynst hafi best síðasta ár. Það sé erfitt að plana langt fram í tímann í árferði sem þessu. Annars finnst þeim mæðgum árið 2010 hljóma svolítið stór tala. „Mér finnst þetta svipuð upplifun og þegar árið 2000 var að ganga í garð og manni finnst eins og þetta hljótið að þýða eitthvað nýtt. Við Ísabella erum allavega bjartsýnar og vitum, út frá því hvað við erum góðar vinkonur, að það sem skiptir mestu máli er fjölskyldan og að hlúa að sínum nánustu. Það kemur ekkert í stað fjölskyldunnar.“ *- jma*








**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** skrifar

## Móðir mín Pollýana

Um þessar mundir eru tvö ár frá því ég yfirgaf heim óslitins nætursvefns, daglegra kaffihúsa- og barferða og annarra hringferða um sjálfa mig. Síðan sonur minn fæddist hefur hann fært mér svo mikla hamingju að smáfórnir eins og þessar hafa ekkert vægi.

En ýmsar aðrar tilfinningar en hamingja fylgdu fæðingu þessa ljóshærða krulluhnokka. Svo sem dæmigerður og stöðugur ótti um að eitthvað komi fyrir hann. En ég hafði ekki átt von á þránni að feta í fótspor mömmu minnar þegar kæmi að uppeldinu. Fram að þessu hafði ég ekki skeytt mikið um að líkjast foreldrum mínum frekar en aðrir „unglingar“.

Ég held að mamma hafi lesið bókina um Pollýönu á áhrifagjarnasta skeiði lífs síns. Hún er Pollýana. Hún sér alltaf björtu hliðarnar, jafnvel á svörtustu aðstæðum, og fer brosandi í gegnum lífið. Þetta getur verið óskiljanlegt fyrir okkur sem eigum vel haldinn fýlupúka inni í okkur sem við fóðrum reglulega. Svo er mamma ofurkona. Hún eignaðist fjóra óþekka krakka, þann fyrsta þegar hún var nítján ára og þann fjórða 33 ára (og minnir mig stöðugt á – með bros á vör – að ég sé að nálgast hennar fjórða barns aldur). Samhliða barneignunum gegndi hún krefjandi störfum sem fólu meðal annars í sér reglulegar langferðir til útlanda og vinnu uppi á fæðingardeild.

Það er ekkert grín að ætla að feta í fótspor þessarar konu. Ég fann hins vegar fyrir ákveðnum létti núna yfir hátíðarnar þegar rann upp fyrir mér ljós. Ég á aldrei eftir að fylla fullkomlega út í þessi spor. Þau eru alltof djúp fyrir minn spörfuglsfót.

Þrátt fyrir annir var mamma nefnilega alltaf eins og frú sveinka í aðdraganda jóla. Hún sveif syngjandi um húsið, bakaði ætíð nokkrar sortir, var búin að fylla heimatilbúna jóladagatalið með girnilegum pökkum og setja saman jólasveinahúsið 1. desember. Með mitt eina barn átti ég hins vegar fullt í fangi með að halda öllum þráðum saman á aðventunni. Og oft þakkaði ég guði fyrir að sonur minn er þó ekki nema tveggja ára og mun að öllum líkindum ekki muna eftir öllu því ójólalega sem gekk á heima hjá okkur fyrir jól.

Ég mun standa mig betur á næsta ári, ég lofa! En ef mér tekst ekki að halda loforðið lifi ég í þeirri blekkingu að fullorðinn sonur minn muni líta til baka, hugsa um kaos og stress aðventu minnar, fá nostalgískar stjörnur í augun og hugsa: „Svona eiga jólin að vera!“


Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið


**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Pennar: Júlía Margrét Alexandersdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið
Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

**TAKIÐ Í SPIL** Það hafa án efa margir fengið spil í jólagjöf. Um helgina er tíminn til þess að hóa í vini og ættingja og halda spilakvöld. Það mætti prófa hin ólíku spil og finna hvað fellur best í kramið. Það er oft notaleg stund að vera inni í janúarstrekkingi með góðum gestum og iðulega myndast gleði og galsi.




FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig • Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

ÚTSALA
20 – 50% AFSLÁTTUR
OPIÐ Í DAG FRÁ 10 – 18
SUNNUDAG FRÁ 12 – 18
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518



Sigrún Einars lumar á góðum ráðum fyrir fólk sem ætlar í makaleit á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Drykkja flækir makaval

**Sigrún Einars skrifar reglulega um samskipti kynjanna á Pressunni enda fjölfróð um málefnið. Hér gefur hún einhleypum góð ráð í makaleitinni árið 2010 en þar ber hæst drykkju og munnræpu um fyrrverandi.**

Eitt af áramótaheitum fjölmargra einhleypra er að ná sér í maka en það er auðveldara sagt en gert er álit Sigrúnar Einars. „Makaleit á Íslandi er dálítið erfið því Íslendingar eiga erfitt með að drekka áfengi í hófi. Flestir kynnast maka sínum á djamminu en gallinn við það er að hvort sem það er hún eða hann sem er kófdrukk/in þá er áttavitinn yfirleitt dálítið laskaður og fólk veit þá ekkert nákvæmlega hvert hann er að miða og miðar oft rangt. Þá muna margir ekki eftir orði af því sem fór fram í samskiptunum, sem er frekar leiðinlegt, sérstaklega ef manneskjan var nú áhugaverð,“ segir Sigrún.

Hún nefnir sérstaklega að konur skuli vara sig á karlmönnum sem tala mikið um sína fyrrverandi. „Sumir fara nú bara fínt í það en aðrir tala ekki um neitt annað, og viðkomandi fær bara að heyra sólarsöguna frá a-ö, strax við fyrstu kynni. Það er ef til vill ágætt að vera vel í glasi á slíkum stundum,“ segir hún og hlær. „En í alvöru, slíka karlmenn ber að forðast, því þeir eru yfirleitt ekki tilbúnir í nýtt samband og þurfa að vinna betur í sínum málum. Það sama á vitaskuld um konur sem haga sér á sama hátt.“

Sigrún segir að fólk í makaleit ætti að drekka minna þegar það fer út að skemmta sér og vera duglegra að fá símanúmer hjá hvort öðru frekar en að fara strax heim með einhverjum. „En þá er líka lykilatriði að fólk hringi í hvort annað! Fólk mætti líka almennt vera aðeins hugrakkara. Það er ekkert að því að vera hafnað, það má ekki taka það persónulega, það hafa einfaldlega ekki allir sama smekk.”

Varðandi kynni á Fésbókinni segir samskiptagúrúinn það ágætan stefnumótastað. „En líkt og með stefnumótasíðurnar þá er kosturinn við þetta að á Netinu erum við mun fljótari að kynnast dekkri hliðum fólks vegna þess að það er opnara þar og þorir frekar að láta eðli sitt í ljós og því auðveldara og fljótlegra að sía út óæskilega einstaklinga en á djamminu.“

En hvað ætlar Sigrún að gera um helgina? Helgin er að mestu óráðin, ég ætla bara að leyfa forlögunum að koma mér á óvart og ráða fram úr því fyrir mig. Lífið er langskemmtilegast þannig,“ segir Sigrún samskiptagúrú.

*unnur@frettabladid.is*




20 ÁRA
1989-2009
Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hiphop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýtt! Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir
Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645
Frístundakortið
Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.
DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur
Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is

Rope Yoga
Námskeið hefjast 4. janúar


www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

;ALLT
HEILSA
þriðjudaga
Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473



**SKAUTAÐ TIL GLEÐI** Fátt er rómantískara fyrir pör eða skemmtilegra fyrir fjölskylduna en að fara á skauta á veturna. Upplýsingar um afgreiðslutíma Skautahallarinnar í Reykjavík er að finna á heimasíðu hennar, www.skautahollin.is og á heimasíðu Skautahallarinnar á Akureyri, www.sasport.is







ENSKAFYRIRALLA.IS
Enskuskóli Erlu Ara
Auglýsir enskunám í Hafnarfirði
• Tíu vikna námskeið með áherlsu á tal –verð 24 þúsund
• Styrkt af starfsmenntunarsjóðum
Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@simnet.is
Þú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!



Skipuleggjum námsferðir til Englands fyrir unglinga, fullorðna






Dolce & Gabbana sýndi leður í brúnum og gráum tónum fyrir sumarlínu ársins 2010.

GETTY/NORDICPHOTOS



Á tískuvikunni í París sýndi Jean-Paul Gaultier þennan ljómandi fína leðurfrakka.

# Leður allsráðandi 2010

**Árið 2010 verður leðurunnendum afar gott en nafntoguðustu tískuhönnuðir heims létu leðrið leika stórt hlutverk í fatalínum sínum fyrir næsta ár. Að leðrið hafi verið áberandi síðustu vetur eru engin ný sannindi. Hins vegar munum við kynnast glænýrri veröld í leðri á komandi ári samkvæmt tískuspekúlöntum en leðrið mun ekki aðeins sjást í jökkum, heldur buxum, pilsum, leggins, húfum og jafnvel undirfötum.**

*- jma*



Kate Moss er þekkt fyrir aðdáun sína á leðri og nú í haust klæddist hún þessum guðdómlega leðurkjól úr smiðju Miu Miu.



Victoria Beckham klæddist þessum níðþröngu leðurleggings í París fyrir um þremur vikum.



Michelle Pfeiffer klæddist leðri í Batman.




Breska tímaritið Vogue birti 22. desember lista yfir best klæddu konur ársins. Á þeim lista voru meðal annarra franska leikkonan Audrey Tautou.



www.vogue.co.uk

# Yfirvélstjóri

Erlent útgerðarfyrirtæki leitar að yfirvélstjóra á frystitogara sem stundar veiðar í Barentshafi. Viðkomandi þarf að hafa full réttindi (4. stig) og reynslu af frystitogara vélstjórn. Enskukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða langtímastarf. Yfirvélstjóri er á aflahlut og er kauptrygging 10.000 evrur per mánuð. **Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: barentstrawl@live.com.**

---

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**

# Bæklunarlæknir!

Heilbrigðisstofnun Suðurlands óskar eftir að ráða bæklunarlækni til starfa við stofnunina.

Starfið byggir á stofumóttöku og minni aðgerðum.

Starfshlutfall samkomulagsatriði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2010.

Við mat á umsóknum verður mikið lagt upp úr eiginleikum sem lúta að samstarfi og sveigjanleika, skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og hæfni í samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri lækninga Óskar Reykdalsson í síma 480-5180 og 868-1488.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð 1. sept. 2004 við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustusvæði stofnunarinnar nær til um 20.000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu. Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 31 sjúkrarúm og 40 hjúkrunarrúm. Alls eru um 227 stöðugildi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

---

# Mannauðsstjóri ÁTVR

ÁTVR leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að taka að sér ábyrgðarmikið og fjölbreytt starf mannauðsstjóra.

**Helstu verkþættir:**
- Ráðgjöf til stjórnenda í mannauðstengdum málum
- Mat á mannaflaþörf, skipulag og umsjón með ráðningum
- Eftirfylgni með mannauðsstefnu
- Samskipti við stéttarfélög og þátttaka í gerð kjarasamninga
- Umsjón með og þróun á frammistöðumatskerfi
- Ábyrgð á launavinnslu

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Háskólamenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Oracle er kostur
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og ögúð vinnubrögð
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Upplýsingar veita:**
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is og Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

HAGVANGUR

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

---

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ **www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

---

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI
## MARKAÐS- OG VIÐSKIPTAÞRÓUNAR

Landsvirkjun

Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur mikilvæga sérstöðu meðal raforkufyrirtækja í Evrópu þar sem það nýtir eingöngu endurnýjanlega orkugjafa. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

**Breytingar á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Þess vegna hefur verið ákveðið að stofna nýtt svið markaðs- og viðskiptaþróunar og ráða framkvæmdastjóra þess. Starfið heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins og verður núverandi markaðsstarf þess fært yfir á nýja sviðið. Jafnframt er gert ráð fyrir að styrkja það enn frekar.**

**Verksvið markaðs- og viðskiptaþróunar er að:**
- gera Landsvirkjun að leiðandi fyrirtæki í markaðsstarfi fyrir hátækni- og stóriðjufyrirtæki
- eiga samskipti og semja við núverandi og nýja viðskiptavini
- efla greiningu á erlendum mörkuðum
- efla greiningu á mörkuðum fyrir vistvæna orku
- greina ný viðskiptatækifæri

**Menntunarkröfur og reynsla:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af alþjóðlegu sölu- og markaðsstarfi
- Reynsla af greiningu markaða og viðskiptavina
- Reynsla af stjórnun og samningagerð
- Reynsla af stefnumótun

**Leitum að einstaklingi sem hefur:**
- leiðtogahæfileika
- stefnumótandi hugsun
- greiningarhæfni
- mjög góða samskiptahæfileika
- mjög góða enskukunnáttu

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Sviðsstjóri þjónustusviðs

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum stjórnanda til að veita þjónustusviði fyrirtækisins forstöðu. Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum stjórnanda til starfa, einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Þjónustusvið annast afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini Orkuveitunnar ásamt því að afla þeirra upplýsinga sem liggja til grundvallar orkureikningum, sér um gerð þeirra, birtingu og innheimtu. Þá hefur sviðið umsjón með álestri á raforku-, heitavatns- og kaldavatnsmælum. Sviðið skiptist í þrjár deildir þar sem starfa um áttatíu starfsmenn.




### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Sviðsstjórinn ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri sviðsins og mótar framtíð þess. Sviðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra Fjármála.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannaforráðum skilyrði
- Góð þekking á rekstri og fjármálum
- Gott vald á greiningu og túlkun gagna
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á töluðu og rituðu máli
- Metnaður, fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar

capacent RÁÐNINGAR

**Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa**
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningu. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: capacent.is

• Orkuvinnsla í sátt við umhverfið: Gengið er út frá umhverfismálum í allri starfsemi OR.

www.or.is

---

LYFJA - Lífið heil

www.lyfja.is

## Lyfjafræðingur – Lyfja Blönduósi




Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

**Lyfja hf.** leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til að veita lyfjaútibúi í flokki 1 á Blönduósi forstöðu.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. apríl 2010.
Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað í vaxandi bæjarfélagi.

### Hæfniskröfur:

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Á Blönduósi býr um 1.000 manns, þar er öflugt félags- og menningarlíf og aðstæður til uppeldis barna hinar ákjósanlegustu. Í sveitarfélaginu er grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, vel útbúið sjúkrahús og heilsugæsla. Þar er sundlaug, ný íþróttamiðstöð, hótel, kaffihús og banki auk allrar almennrar þjónustu.

**Nánari upplýsingar veitir** Hallur Guðjónsson, starfsmannasviði, sími **530-3800, hallur@lyfja.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2010** og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

***Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.***

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

---

## LAGER- OG ÚTKEYRSLUMAÐUR ÓSKAST TIL STARFA

Þarf að hafa góða þjónustulund, vera nákvæmur og samviskusamur. NOKK ehf þjónustar matvælaiðnaðinn með krydd, hjálparefni, umbúðir, vélar, hnífa og önnur áhöld.

Aðeins tekið á móti skriflegum umsóknum í tölvupósti eða í pósti. Umsóknarfrestur er til 8. janúar 2010

NOKK ehf

Heildverslun fyrir matvælaiðnaðinn
Kjalarvogur 5, 104 Reykjavík
nokk@nokk.is

---

REYKJAVIK GEOTHERMAL

## Sérfræðingar á sviði jarðhita

Reykjavik Geothermal ehf. er fyrirtæki sem fyrst og fremst sinnir verkefnum tengdum jarðhita. Félagið var stofnað árið 2008. Verkefni fyrirtækisins eru flest erlendis, bæði á sviði ráðgjafar og í eigin þróunarverkefnum. Núverandi verkefni RG eru m.a. í Mið Austurlöndum, Afríku og á Indlandi.

**Leitað er að starfsmönnum á eftirtöldum sviðum innan jarðhitageirans:**

**- jarðvísindi**
**- verkfræði**
**- verkefnastjórnun**
**- umhverfis- og gæðamál**

Umsækjendur þurfa að hafa menntun sem hæfir starfinu, reynslu af jarðhitaverkefnum og getu og vilja til að starfa erlendis um lengri eða skemmri tímabil. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í starfi á erlendri grund.

Vinna í verkefnum RG fer fram á ensku og er nauðsynlegt að umsækjendur hafi góð tök á málinu.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2010 og ber að póst-leggja umsóknir eða skila þeim innan þess tíma í lokuðu umslagi á skrifstofu félagsins að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.
Frekari upplýsingar veitir Vilhjálmur Skúlason á skrifstofu félagsins eða í síma 892 0018.

---

## Spennandi viðskipta-tækifæri á góðum stað

Sveitarfélagið Rangárþing eystra leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingum til að taka að sér rekstur Sögusetursins á Hvolsvelli. Æskilegt er að viðkomandi aðilar hafi menntun eða reynslu á sviði menningar-, viðskipta- eða ferðamála. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir að reka Sögusetrið af lífi og sál, setjast að á Hvolsvelli og byggja upp öflugt fræðslu- og menningarsetur í samstarfi við sveitar-félagið. Húsnæði og góð þjónusta á öllum sviðum í boði.

**Sögusetrið á Hvolsvelli er brautryðjandi í menningartengdri ferðaþjónustu**

Sögusetrið á Hvolsvelli var stofnað 1997. Þar er að finna tvær fastar sýningar; Á Njáluslóð, sem kynnir tíðaranda og persónur Njáls sögu, og Kaupfélagssafnið, sem segir sögu kaupfélaga og verslunar á Suðurlandi í 100 ár. Í Sögusetrinu er einnig Söguskálinn, salur í anda langhúsanna, sem hentar fyrir veislur, fundi, fyrirlestra og hvers konar uppákomur; Gallerí Ormur, sýningarsalur fyrir fjölbreyttar listsýningar og tónlistarviðburði og verslun með minjagripi. Upplýsingamiðstöð ferða-manna hefur verið staðsett í setrinu og hyggst sveitarfélagið starfrækja hana áfram. Árlega sækja um 9000 gestir Sögusetrið heim.
Undanfarin tólf ár hefur Sögusetrið verið byggt upp sem menningarsetur sveitarfélagsins og þar eru miklir möguleikar fyrir áhugasama og hugmyndaríka einstaklinga.

Umækjendur þurfa að skila inn viðskiptaáætlun til næstu 3-5 ára með umsókn sinni. Þar þarf að koma fram rekstaráætlun auk áætlunar um verkefni setursins í tengslum við þær sýningar sem þar eru. Umsóknir skulu berast fyrir 29. janúar 2010. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða umsóknum sem er eða hafna öllum.

**Nánari upplýsingar má nálgast í síma 488-4200;**
**Elvar Eyvindsson, sveitarstjóri, netfang: elvar@hvolsvollur.is eða Þuríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi, thuri@hvolsvollur.is**

SÖGUSETRIÐ Á HVOLSVELLI



## Au pair óskast til Svíþjóðar

Íslensk fjölskylda búsett í nágrenni við Stokkhólm óskar eftir au pair frá 10. febrúar nk. Óskað er eftir glaðlyndri, barngóðri, sjálfstæðri og ákveðinni manneskju á aldrinum 18-26 ára. Ökuleyfi er skilyrði.

**Áhugasamir vinsamlega sendið email mtt. frekari upplýsinga á jakk@skaftfell.com**



marine harvest
excellence in seafood

Marine Harvest Norway AS is Norway's largest aquaculture company which produces 25% of the total Norwegian salmon production, and had a turnover of 5.4 billion in 2008. The company operates in the entire value chain from broodstock, eggs, salmon, fish, processing, distribution and sales. Our highly experienced 1100 people are spread along the coast from North to South and our products are sold mainly in Europe, Asia, USA and Russia. The headquarters of the Marine Harvest Norway is located in Bergen.
Marine Harvest Norway AS is a subsidiary of Marine Harvest ASA listed on Oslo Stock Exchange and has operations in 20 countries.
Marine Harvest Norway – Processing Herøy, is a factory for slaughtering and freezing of farmed salmon. The facility was substantially renovated in 2008 and stands today as one of the most modern salmon slaughterhouses. The plant is located on Herøy in Nordland, which has daily ferry and boat connections to the regional center Sandnessjøen. The plant currently has approximately 140 employees.

In connection with the building of our new filèdepartment second quarter of 2010, we are looking for new employees in 100% permanent position.

## Employees filèproduction

- **Department manager (administrative, HR)**
- **Shift manager (operational)**
- **Operators**

**Qualifications:** It is desirable to have college education (department manager), certificate of apprenticeship, or a background from filèproduction.

**We can offer:**

- Exciting and challenging positions in an international business
- Hectic, but positive and good working environment with skilled employees.
- A rewarding job with many different tasks
- Competitive salary and pension conditions
- Bonus

We plan to have an interview session in Iceland, and will give further information individually.

Questions about the position may be directed to the Production Manager Randi Andersen. Tel 21562609 / 95071227

Written application with CV sent by 15.01.20 as e-mail to randi.andersen@marineharvest.com
Or by mail to:

Randi Andersen
Marine Harvest Norway AS
Processing Herøy
8850 Herøy
Norway

**The application must be marked, respectively:**
**Employee filèt**



Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



# Spennandi störf við framleiðslu alþjóðlegrar tölvuteiknimyndar

**CAOZ hf. óskar eftir fólki í tengslum við framleiðslu á spennandi alþjóðlegri tölvuteiknimynd sem komin er á fullan skrið. Hluti starfanna er laus fljótlega og ráðið verður áfram á næstu mánuðum. Bæði er um tímabundin og framtíðarstörf að ræða.**

### Verkefnastjóri / Production Manager
Reynsla af stjórnun á stórum flóknum alþjóðlegum verkefnum er nauðsynleg, ásamt því að hafa haldgóða þekkingu á tölvukvikmyndaframleiðslu og ferlum tengdri henni. Helstu tæki verkefnastjóra eru skipulaghæfileikar, jákvæður hugsanaháttur, styrk teymisstjórnun, auk þess að hafa gott vald á töflureiknum og skýrslugerð. Reiprennandi enskukunnátta þarf að vera til staðar og góð kunnátta í þýsku er plús.

### Aðstoðarmanneskja / Assistant
Leitað er að manneskju í fjölbreytt starf. Meðal daglegra verkefna er aðstoð við framleiðslustjóra og leikstjóra, stöðuskýrslur, samskipti við erlenda samframleiðendur, upplýsingagjöf, innkaup og annað sem til fellur, auk hefðbundinna skrifstofustarfa. Góð enskukunnátta og leikni í hefðbundum skrifstofuforritum er nauðsynleg, ásamt góðu skapi og lifandi framkomu.

### Módelsmiðir / Modellers
Módelsmiðir hjá CAOZ kunna sína iðn í Maya-forritinu og geta skapað hvað sem er út frá teikningum og fyrirmælum hönnunarstjóra. Bæði er í boði starf til lengri tíma og í tímabundnar ráðningar. Gerð er krafa um færni í persónumódelvinnu, hlutum og umhverfi. Umsækjendur eru beðnir um að senda með umsókn vísanir á fyrri verk og vera tilbúnir til að gera prufuverk sem hluta af umsóknarferli. Tímabundnar og lengri tíma ráðningar.

### Myndskreytir / Texture Artist
Myndskreytir hefur reynslu í að mála beint í tölvuforritum og vinna áferðir, útlit og annað slíkt á tölvugerð módel. Gerð er krafa um góða þekkingu á Photoshop og áferðarvinnu í tengslum við þrívíddar forrit. Tímabundin ráðning.

### 3D Tæknistjórar / 3D Technical Directors
Tæknistjórar eru með reynslu úr vinnu við tölvugerðar teiknimyndir, sérstaklega hvað viðvíkur beinun (e. character rigging) og forritun fyrir Maya forritið (Mel Scripting og Phython). Skilyrði er að tæknistjórar hafi víðtæka reynslu og hafi tekið þátt í fullvinnslu á tölvugerðum teiknimyndum sem unnar hafa verið í Maya. Enskukunnátta skilyrði. Tímabundnar ráðningar.

### Aðstoðartæknimenn / Assistant TD's - Renderers
Aðstoðartæknimenn vinna við hlið tæknistjóra og eru þeim innan handar við persónuhreyfingar og undirbúning undir hreyfimyndagerðina sjálfa. Þeir vinna jafnframt að undirbúningi fyrir lýsingu, framköllun og annað sem til fellur í framleiðslunni. Gerð er krafa um góða þekkingu á Maya forritinu. Enskukunnátta skilyrði. Tímabundnar ráðningar.

### Kvikarar / Animators
Óskað er eftir kvikurum (e. animators) með reynslu úr vinnu við tölvugerðar teiknimyndir. Eingöngu þeir sem hafa reynslu úr slíkum verkefnum koma til greina í þessi störf. Gerðar eru strangar kröfur til kvikara um vikuleg skil og gæði þeirrar vinnu sem frá þeim kemur. Kvikarar vinna undir stjórn yfirkvikara og leikstjóra. Enskukunnátta skilyrði. Ráðningar frá 1. mars 2010.

### Stjórnendur lýsingar / Lighters
Óskað er eftir fólki til að stýra vinnu við lýsingu í tölvuumhverfi. Nauðsynlegt er að hafa staðgóða þekkingu á lýsingu og rafrænni framköllun (e. rendering) og að hafa reynslu af vinnu við tölvugerðar teiknimyndir. Fyrstu ráðningar í þessar stöður er 1. apríl 2010.

### Fjármálastjóri / Finance Manager
Leitað er að manneskju með víðtæka fjármála- og uppgjörsreynslu. Meðal daglegra verkefna er utanumhald um áætlanir, uppgjör, skýrslugerð og dagleg fjármálastjórn. Fjármálastjóri vinnur náið með stjórnendum og á auðvelt með að kynna niðurstöður á aðgengilegan hátt. Kunnátta í TOK+ er skilyrði. Ráðning er sem fyrst.

*CAOZ hf. er tölvuteiknimyndafyrirtæki og stofnað árið 2001. Félagið er í eigu fagfjárfesta og helstu starfsmanna. Fyrirtækið er nú með í framleiðslu fyrstu íslensku tölvugerðu teiknmyndina í fullri lengd sem kemur á markað 2011.*

*Umsóknir með ferilskrám og slóðir á sýniverk sendist á jobs@caoz.com þar sem starf sem sótt er um kemur fram í efnislínu tölvupóstsins. Fyrir öll störfin er gerð krafa um að geta unnið í hópastarfi í opnu umhverfi.*

***Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar!***



© & © CAOZ 2009 - All rights reserved

C A O Z

CAOZ HF | GRANDAGARÐI 8 | IS 101 REYKJAVIK | ICELAND | TEL +354 512 3550 | FAX +354 511 3551 | WWW.CAOZ.COM | INFO@CAOZ.COM

CAOZ



Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent


skemmtilegri
WIPEOUT ÍSLAND
SPENNA, GRÍN, GLEÐI, BÍÓ
OG SJÓNVARPSÆVINTÝRI Í JANÚAR
SUNNUDAGAR
RAMSAY'S KITCHEN NIGHTMARES
SJÁLFSTÆTT FÓLK
COLD CASE
THE MENTALIST
24
MÁNUDAGAR
GLEE
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
AMERICAN IDOL
ÞRIÐJUDAGAR
TWO AND A HALF MEN
BIG BANG THEORY
CHUCK
HUNG
DAILY SHOW WITH JON STEWART
ENTOURAGE
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
MIÐVIKUDAGAR
OPRAH'S BIG GIVE
MERCY
MEDIUM
TELL ME YOU LOVE ME
FIMMTUDAGAR
AMAZING RACE
NCIS
FRINGE
FIVE DAYS
FÖSTUDAGAR
AUDDI OG SVEPPI
WIPEOUT ÍSLAND
LOGI Í BEINNI
BESTU GRÍNMYNDIR SÖGUNNAR
LAUGARDAGAR
THE SIMPSONS THE MOVIE
THE BROTHERS GRIMM
THE PURSUIT OF HAPPYNESS
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Skoðaðu úrvalið af námskeiðum og fyrirlestrum með Guðjóni Bergmann á www.gudjonbergmann.is.



**Smáskipanámskeið - Skemmtibátanámskeið**
Smáskipanámskeið 25.1. - 6.3., fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið, fjarnám 25.1 - 6.3, staðarnám, 27.2. - 6.3. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Skemmtanir




# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Tibet Spaniel**
Er með einn gullfallegann og yndisleg-ann 9 vikna prins sem er tilbúinn að fara á gott heimili. Smáhundur, loðinn með smá klesst tríni til sölu. Ættbók HRFÍ. Uppl. í s. 894 6470.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



**Húsnæði til leigu**
245 fm endaraðhús í Hvassaleiti sem skiptist í 5 svefnherbegi og tvær stofur. Sérinngangur og herbergi með baði í kjallara. Allt nýuppgert. Uppl. í s. 860 2077. Verðtilboð óskast.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2ja herb kjíbúð í einbýli til leigu í R-109. Verð 73þús. Upplýsingar á takkar@visir.is

120 fm iðnaðarbil að Trönuhauni Hfj. Stór innkeysluhurð. Hægt er að búa í hluta af húsnæðinu. Aðg. að baði, eldh. þvottav. og þurrkara. S. 892 5309.

Herb. á svæði 109. Verð 25 þús. S. 898-2722.

Herbergi til leigu/Room for rent í Reykjavik 104. Includet WC, kitchen and washing machine. Tel. 691 4858.

Til leigu 2-5herbergja, fyrsti mán frír, 3ja mánaða trygging. Grafarholt, Norðlingaholt, Hafnarfjörður, 105 Reykjavík Sjá nánar á buseti.is s. 520-5788.

**HRINGBRAUT - HFJ**
Glæsileg 3-4h. íbúð á efri hæð með sérinng. í nýlegu húsi. Íbúðin er um 80 fm auk um 20 fm svefn/sjónvarpslofts og sérstæði í bílageymslu. Mikið útsýni frá íbúð. Langtímaleiga, reyklaus. V. 130 þ. á mán. Uppl. í s. 861 8701.

Fullbúið herb/baðherb, sérinngangur í einbýli. R.108. ge224@simnet.is

180fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Góð staðsetning, stór lóð, 3herb. 180þ. mán. + rafm. og hiti. s. 896 5430.

Room with everything, downtown in a quiet place. Available now. Tel 692 1681, Sandra.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði til sölu

skiptidíl,sala eða leiga. 223 fm Einbýlishús m/bílskúr í VESTURBERG S:6937815

## Atvinnuhúsnæði

Leiga Dugguvogi 6 Skrifstofuhúsnæði ca 60 fm,2 hæð Góð bílastæði og góð aðkoma. Uppl, 6937815

Snyrtilegt 320 fm pláss á Smiðjuvegi til leigu. Hentar vel fyrir lager eða heildsölu. Uppl. í síma 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hlölli á Höfaðnum**
**Óskar eftir afgreiðslu fólki, ekki yngra enn 18 ára. Vaktavinna. Upplýsingar í s. 892 9846 eftir kl. 14:00 á daginn eða á staðnum.**



**Ert þú fyrirsæta?**
Á kanínunni (The Purple Rabbit) bjóðast íslenskum konum allskonar möguleikar til að hagnast á fegurð sinni og kynþokka. ATH: Nú leitum við sérstaklega að smekklegum en svolítið djörfum klippum og vídeómyndum. Kynntu þér málið. PurpleRabbit.is

Starfsfólk óskast strax á nuddstofu. Í nudd, afgreiðslu, hreingerningar og matseld. Íslensku og enskumælandi. Vinnutími 12-18. Uppl. s. 823 8280.

**Gula Bókin!**
Gula bókin óskar eftir fersku fólki sem vill stuðla að auðgun viðskipta og þjónustu hjá fyrirtækjunum í landinu. Taktu á móti nýju ári með bjartsýnu brosi á vör. Þetta gæti verið rétta tækifærið fyrir þig... Þeir sem eru áhugasamir mega gjarnan senda inn umóknir á: gunna@sagaz.is

Hármódel, Fudge á Íslandi leitar eftir módelum til að koma fram á sýningu í janúar. Leitað er eftir kvenkynsmódelum á aldrinum 16-30ára með gott heilbrigt hár, má ekki vera litað svart. Svör sendist á har@kaupsel.is

## Atvinna óskast



Maður með reynslu getur bætt við sig verkefnum í dreifingu og sölu í verslanir. Kæli/frysti bíll. Uppl. Einar 899 4629.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við um áramótin. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**
**908 1616.**


# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



## ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.




Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.



# snjórinn

*skemmtilegasta vetrarsportið*

**EITT FYRIR ALLA** Skíði ganga auðveldlega á milli systkina þannig að hafi verið fjárfest í útbúnaði fyrir elsta systkinið þá er fyrstu skíðum reddað fyrir þau yngri.



FRAMHALD AF FORSÍÐU



**Að lokinni göngu** Fjölskyldan búin að renna sér niður í blíðviðrinu í Kerlingarfjöllum í júní – Garðar, Stefán Leó, Gunnhildur og Jón Hákon.

Hún sér fram á eilítið færri ferðir á skíði í vetur því von er á þriðja stráknum í janúar þó að skíðaferðir séu vissulega á dagskránni. Þess má geta að fyrir utan að fara á venjuleg svigskíði nota þau hjónin líka fjallaskíði til að ganga á fjöll og renna sér niður. „Þau eru með sérstakar bindingar þar sem hægt er að hafa hælinn lausan á göngu og festa svo niður á niðurleið. Við höfum gengið á þannig skíðum á fjöll eins og Móskarðshnjúka,“ segir Gunnhildur sem segir þessar ferðir ekki við hæfi strákanna enn. Þau eiga líka gönguskíði og bregða sér stundum á þau. Snjóbretti er svo á óskalista eldri stráksins þannig að ekki dregur úr skíðaútbúnaðinum á næstunni á heimilinu.

Gunnhildur mælir sannarlega með skíðum sem íþrótt fyrir fjölskylduna og lumar á nokkrum góðum ráðum fyrir þá sem eru að leið með börnin sín á skíði í fyrsta sinn. „Það er um að gera að hafa gaman af þessu, það má heldur ekki vera of erfitt. Þessi minnstu þreytast fljótt og þá er um að gera að hafa nesti með, fá sér kakó og hafa það notalegt. Þetta hefur virkað vel, Stefán skíðar gjarnan syngjandi Indiana Jones-lagið niður brekkur.“



**Skór í röðum** Nóg er til af skíðabúnaði á heimilinu sem sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Fjögurra ára í Frakklandi** Hér er Jón Hákon ásamt jafngamalli frænku sinni, Aðalheiði Guðrúnu Kolbeinsdóttur, árið 2006 í skíðaferð í Ölpunum.

## Á skíðum skemmti ég mér



Þegar byrjað er að fara með börn á skíði er um að gera að ætlast ekki til of mikils af þeim, lítil börn þreytast fljótt og þurfa á góðum nestispásum að halda.

Snjóþotan á að sjálfsögðu að vera með í för, það er gaman að prófa hana þar sem það má á skíðasvæðum.

Hægt er að leigja skíði á skíðasvæðum og ágætt að gera það í byrjun.

Kaupa má notuð eða ný skíði, en hjálm er nauðsynlegt að kaupa nýjan.

Á vorin eru iðulega hægt að gera góð kaup á skíðum auk þess sem sumar verslarnir selja notuð skíði og íþróttafélög hafa gert það sömuleiðis.




BETRI HEILSA BORGAR SIG

**Bakleikfimi** *með mjúku sambaívafi*
**Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara**
Hádegis- og eftirmiðdagstímar
*Námskeið hefst 7. janúar*
Upplýsingar og skráning í síma 897-2896 og á *www.bakleikfimi.is*

**Heilsulausnir**
**Sérsniðnar lausnir til að fyrirbyggja heilsubrest**
Heilsumat, fræðsla og hreyfing
*Námskeið hefjast 11. janúar*

**Reykleysisnámskeið**
**„Já, en ég fitna ef ég hætti að reykja“ er engin afsökun lengur!**
Fræðsla, stuðningur, ráðgjöf og hreyfing.
*Námskeið hefst 11. janúar*

**Heilsuhópur 60+**
**Námskeið fyrir 60 ára og eldri**
Markviss hreyfing í góðum félagsskap
*Námskeið hefst 11. janúar*

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is



Skólar og námskeið

Kemur út þriðjudaginn 12. janúar 2010

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband

Benedikt Freyr • benediktj@365.is • Sími 5125411
Bjarni Þór • bjarnithor@365.is • Sími 5125471
Hlynur Þór • hlynurs@365.is • Sími 5125439
Sigríður Dagný • sigridurdagny@365.is • Sími 5125462

## FRÓÐLEIKUR

**33**
drengir á aldrinum 0 til 4 ára voru skráðir undir heitinu Kári í janúarbyrjun 2008 og var það nafn vinsælasta nafn drengja sem einungis báru eitt nafn. Á hæla þess fylgdu Dagur, Alexander, Gabríel og Tómas.

**209**
á þessum sama aldri báru hins vegar nafnið Jón sem var vinsælasta fyrra nafn af tveimur. Þar á eftir fylgdu Daníel, Aron, Viktor og Alexander. Vinsælustu seinni nöfn 0 til fjögurra ára drengja voru Þór, Máni, Örn, Freyr og Ingi.

**33**
stúlkur á aldrinum 0 til 4 ára hétu Sara í ársbyrjun 2008 og var það nafn í fyrsta sæti stúlkna sem eitt nafn báru. Í sætin þar á eftir röðuðu sér Freyja, Katla, María og Katrín.

**187**
stúlkur í þessum yngsta aldurshópi báru nafnið Sara sem fyrra nafn af tveimur og var Sara líka vinsælasta nafnið af tvínefnum stúlkna. Þar á eftir fylgdu Anna, Emelía, Eva og Katrín. Vinsælustu seinni nöfn stúlkna voru María, Ósk, Rós, Sól, Lind.

## GAGN&GAMAN




**Heimsbókmenntir fyrir börn** Bókin um munaðarleysingjann Oliver Twist er tvímælalaust eitt þekktasta verk Charles Dickens og telst til sígildra heimsbókmennta. Sagan hefur verið efniviður fjölda kvikmynda og leikrita, og upp úr henni er sprottinn söngleikurinn Oliver! en hann var frumsýndur við góðar undirtektir um jólin. Bókin er fáanleg í íslenskri þýðingu Hannesar J. Magnússonar og því hægur vandinn fyrir börn sem fullorðna að rifja upp kynnin við Oliver áður eða eftir að farið er á sýningu Þjóðleikhússins. Þess má geta að bókin er skreytt upphaflegum koparstungumyndum eftir George Cruikshank.



**Liðið yfir ísinn** Það er eitthvað rómantískt við skautaíþróttina, ekki síst þegar hún er stunduð á tjörnum og vötnum landsins. Heldur betur hefur viðrað vel til skautaiðkunar úti undanfarið í öllu frostinu. En þegar ekki viðrar til skautahlaups utandyra er hægt að nýta sér aðstöðuna í Skautahöllinni í Laugardal. Þar er börnum einnig kennd grundvallaratriði íþróttarinnar í skautaskólanum fyrir byrjendur. Byrjendur eru á öllum aldri en yngst eru tekin inn börn sem verða fimm ára á árinu. Nánari upplýsingar á www.skautafelag.is




Mikið úrval ljósa
Fabienne
Picasso
Las Vegas
ÚTSALA
Hefst 4. janúar 10-70% afsláttur
Selene
Msraf002
Anastasia
Tosca
Aves
Aves
Msraf017
Comforty
Twin
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

# Væntir meiri ástar og aðeins meira réttlætis á nýju ári

Rithöfundurinn **Oddný Eir Ævarsdóttir** sendi nýverið frá sér bókina Heim til míns hjarta sem hefur hlotið lofsamlega dóma. *Fréttablaðið* fékk hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Strengdir þú áramótaheit? Ef svo, þá hver?** Já, að fara reglulega í gufubað og vera þar lengi í hvert sinn

**Ertu orðin það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?** Mig langaði að verða bóndi og rithöfundur, ég er að skrifa en á eftir að koma mér upp geitabúi.

**Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til?** Kíev í Úkraínu var framandi á sínum tíma, rétt eftir fall múrsins og nýja kerfið ekki komið í gang, ég lenti í millibili og ómögulegt að kaupa miða þaðan.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ég myndi fara aftur til endurreisnartímans til að kanna hvernig þeir komu saman upplýsingarkanónunni, athuga hvað það var sem þeir áætluðu að brenna, taka það í skjóðu og koma með það hingað í gegnum eldinn.

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Mér finnst oft gott að vinna um nætur en jú, stundum ligg ég andvaka. Þá er ég yfirleitt að reyna að skipuleggja komandi dag en svo bjarga draumarnir mér.

**Hvaða bækur eru á náttborðinu?** Að morgni var ég alltaf ljón eftir Arnild Lauveng í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur, Mynd af Ragnari í Smára eftir Jón Karl Helgason og ljóðabókin Rennur upp um nótt eftir Ísak Harðarson.

**Hvaða bók vilt þú sjá sem bíómynd?** Sandárbókina eftir Gyrði Elíasson.

**Eftirlætislykt?** Af brenndum laufblöðum.

**Hvar er fallegast á Íslandi?** Inni á öræfum þar sem sandurinn er svartastur.

**Ertu með einhverja kæki? Hverja?** Til dæmis að syngja sömu línu úr lagi aftur og aftur.

**Hvað gerist að loknu þessu jarðlífi?** Ég held að þá taki við hressandi hreinsunareldur í öllum litum en ekkert helvíti.

**Hver er leiðin út úr kreppunni?** Róttæk virkjun borgarasamfélagsaflsins og þróunarvinna í átt að sjálfbærni með skærgrænum og voguðum lausnum.

**Hvers væntir þú af nýju ári?** Enn meiri ástar og aðeins meira réttlætis í heiminum.



**Á EFTIR AÐ KOMA SÉR UPP GEITABÚI** Oddnýju dreymdi um að vera rithöfundur og bóndi þegar hún var lítil, annar draumurinn ef tveimur hefur ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir:

Styrkir til náms og rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála

Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrki og verkefnastyrki

Í boði eru styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi og styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.

Heildarupphæð styrkja að þessu sinni er allt að 50 m. kr.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsoknasjodur@lv.is**.
Umsóknarfrestur er til **15. janúar 2010**.

Landsvirkjun

# útsala

útivistarfatnaður gönguskór sportfatnaður íþróttaskór barnafatnaður o.fl.

## í öllum verslunum Útilífs

# 30 til 50 prósent afsláttur

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 48597 12/09

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is

ÚTILÍF

**MATTHÍAS JOHANNESSEN SKÁLD ER FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1930**

*Mér er til efs að ljóðið gegni lengur einhverju sérstöku hlutverki eins og áður fyrr. Við lifum ekki á ljóðrænum tímum ef svo mætti segja. Við erum fædd inn í plast og umbúðirnar um líf okkar eru úr gerviefni.*

***Matthías er rithöfundur og ljóðskáld og var ritstjóri Morgunblaðsins frá 1959 til 2000.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. JANÚAR 1871

## *Drög lögð að íslenskri krónu*

Stöðulög voru sett 2. janúar 1871 um að fjárhagur Íslands og Danmerkur skyldi aðskilinn frá og með 1. apríl þetta sama ár. Þá var settur á laggirnar Landssjóður Íslands og þegar Stjórnarskrá Íslands var samþykkt árið 1874 fékk Alþingi vald til þess að semja lög um hann.

Fram að þessum tíma voru ríkisdalir opinber gjaldmiðill á Íslandi, sem fylgdi tilskipun 20. mars 1815. Þeir voru prentaðir af Kurantbanken í Kaupmannahöfn sem var fyrsti banki Danmerkur.

Landssjóður fékk leyfi með lögum árið 1885 til þess að gefa út íslenska peningaseðla fyrir allt að hálfri milljón króna og skyldi það verða fyrsta starfsfé Landsbanka Íslands. Fyrsti seðillinn, fimm krónur, fór í umferð 21. september 1886. Hann var 105 sinnum 160 mm að stærð, grár að lit en brjóstmynd af Kristjáni IX og letur var í svörtu. Í júlí sama ár komu tíu og fimmtíu króna seðlar. Bakhliðin á fimmtíu króna seðlinum var með áprentaðri fjallkonu en bahkliðin á hinum seðlunum var auð.




## MERKISATBURÐIR

**1653** Mikið tjón verður á Eyrarbakka og víðar í sjávarflóði sem nefnt er Háeyrarflóðið.

**1793** Rússland og Prússland skipta Póllandi á milli sín.

**1871** Stöðulögin eru sett. Þau kveða á um að Ísland verði óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis en með sérstök landsréttindi.

**1887** Prentarafélagið, fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi, er stofnað.

**1900** Chicago-skurðurinn er opnaður.

**1959** Sovétríkin skutu á loft fyrsta geimfarinu, Luna 1, sem fór á braut um sólina tveimur dögum síðar.

**1908** Lögbirtingablaðið kemur fyrst út.



†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi*

**Þorvaldur Steingrímsson,**

fiðluleikari

sem lést sunnudaginn 27. desember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. janúar kl.11.00.

**Jóhanna Cortes**
**Börn, barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær faðir okkar, sonur, fóstursonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Daði Hreiðarsson**

lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, miðvikudaginn 30. desember.

**Anton Örn Daðason**
**Viktor Guðni Daðason**
**Daðey Steinunn Daðadóttir**
**Birgir Tómasson**
**Gerður Hreiðarsdóttir** **Sigurður Ingi Sigurðsson**
**Hanna Kristín Birgisdóttir**
**Fjóla Björk Birgisdóttir**
**Daðey Steinunn Sigurðardóttir**
**Sóley María Sigurðardóttir**
**Sigurður Kristinn Sigurðsson**
**Birgir Sigur Sigurðsson**

†

*Elskulegur eiginmaður,*

**Haraldur Árnason**

Laugarvegi 33, Siglufirði,

lést þriðjudaginn 29. desember á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Karólína F. Hallgrímsdóttir.**


Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS: 35 ÁR FRÁ STOFNUN

# Mikil framför orðið í varðveislu söguminja kvenna

Kvennasögusafn Íslands var stofnað þann 1. janúar 1975 að frumkvæði Önnu Sigurðardóttur sem gegndi stöðu forstöðukonu safnsins til ársins 1996. Í dag gegnir Auður Styrkársdóttir, doktor í stjórnmálafræði, stöðu forstöðukonu og hefur gert frá árinu 2001. „Hlutverk Kvennasögusafnsins hefur verið að safna saman skjölum og öðru slíku sem geymir sögu íslenskra kvenna, má þar nefna til sögunnar mikið af skjölum kvenfélaga í Kvennasögusafni, fundargerðum og bréfum, og líka frá einkaaðilum,“ segir Auður. „Hitt hlutverkið er að halda á lofti sögu íslenskra kvenna og koma henni á framfæri eins og hægt er, til dæmis með því að aðstoða þá sem eru í heimildaleit.“

Auður segir sögu kvenna oft vilja gleymast og týnast. „Í þessum málum hefur þó orðið mikil vitundarvakning og framför frá því sem áður var og búið er að grafa upp mikið efni er varðar sögu kvenna. Þar á Kvennasögusafnið stóran hlut í máli en aðalstarf okkar, sem lifandi safns, er stöðug söfnun,“ segir Auður og minnir á að betra sé að fólk ráðstafi sjálft hvað gera eigi við skjöl og bréf eftir þeirra dag í stað þess að bíða eftir því að einhver annar geri það. Því miður lendi menningarverðmæti oft hreinlega á haugunum og hvert einasta snifsi geti verið dýrmætt.

Kvennasögusafnið er til húsa í Þjóðarbókhlöðunni og er hluti Landsbókasafns, líkt og draumur stofnenda þess var. Safnið heldur einnig úti öflugri heimasíðu, www.kvennasogusafn.is, en á síðunni má finna margs konar fróðleik og upplýsingar um konur fyrr og nú, fréttir og annað slíkt og er síðan uppfærð reglulega. Nýlega var svæði opnað þar tileinkað Laufeyju Valdimarsdóttur, stofnanda Mæðrastyrksnefndar.

Auður segir mikilvægi Kvennasögusafnsins og þörf fyrir slíkt safn ekki minni í dag en það var við stofnun þess. „Þegar kvennasögusafnið var stofnað var lítið viðtal við Önnu Sigurðardóttir í sjónvarpi, og sá bútur er enn þá til í safni, þar sem hún var einmitt spurð að þessu sama – hver þörfin væri fyrir Kvennasögusafn, enda töldu margir þá jafnréttinu náð. Þá var búið að setja jafnréttislög og almenni tóninn var að þá væri þetta allt saman komið. Jafnréttið var vissulega ekki komið þá og það er það ekki í dag heldur, því miður.“ **juliam@frettabladid.is**



**SAGA KVENNA VILL TÝNAST** Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands, segir að mikilvæg skjöl og bréf vilji oft fara forgörðum ef fólk ráðstafi slíkum skjölum ekki sjálft fyrir sinn dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NAFNIÐ MITT:** HÖRN HRAFNSDÓTTIR

## *Verður fyrir barðinu á klámsíum*

„Þegar ég var skírð voru foreldrar mínir á báðum áttum með nafnið. Til að ganga úr skugga um að allt væri í lagi hringdu þau í þá einu sem þau vissu til að héti þessu nafni og spurðu hvort hún hefði nokkuð orðið fyrir barðinu á stríðni eða einhverju slíku. En þegar um er að ræða óvenjulegt nafn er þetta auðvitað allt spurning um skapgerð. Ef maður leiðir stríðni hjá sér þá er manni ekki strítt, þannig að það hefur aldrei verið neitt vandamál,“ segir Hörn Hrafnsdóttir, söngkona og verkfræðingur.

Hún segir að hina sögulegu skýringu á nafninu megi rekja til Snorra-Eddu, en þegar maður Freyju, Óður, hvarf leitaði hún hans lengi meðal ókunnra þjóða og tók sér mörg nöfn eins og Hörn, Mardöll, Gefn og Sýr. Foreldrar Harnar rákust á nafnið í ljóðinu Sorg vinar míns eftir Leif Haraldsson frá Háeyri, ömmubróður Harnar, en þar segir í lok ljóðsins: „Sorgin er hjarta þíns seiðandi spil. Haltu áfram leiknum, uns Hörn finnur til!“ Hörn hefur margar skemmtilegar sögur að segja af nafninu sínu. „Ég þarf alltaf að segja nafnið mitt tvisvar þegar ég kynni mig. Nafnið er líka mjög hart í framburði, sérstaklega þar sem ég er Hrafnsdóttir. Margir, meira að segja fólk í ættinni, reyna óméðvitað að lina nafnið upp með því að breyta mér í Hrönn, föður mínum í Hörð eða hvort tveggja. Ég segi stundum í gríni að ég hafi í raun verið karlmaðurinn Örn, en farið í aðgerð og bætt einu litlu H-i við nafnið,“ segir Hörn og hlær.

Hún segir nafnið einnig bjóða upp á athyglisverðan misskilning í tölvupóstsamskiptum. „Mörg forrit eru hönnuð til að stöðva vitleysu á borð við klám og fleira. Þegar kommurnar úr Ö-inu eru teknar út stendur eftir Horn, sem nær ansi langt upp í Horny, og þá stöðvast tölvubréfin mín í einhverjum klámsíum,“ segir Hörn að lokum og skellir upp úr.



**HÖRN HRAFNSDÓTTIR** Hefur skemmtilegar sögur að segja af nafninu sínu.

# SPRENGJA

FARTÖLVUR
**50.000 AFSL.**
ALLT AÐ 50.000kr. AFSL.

VEFMYNDAVÉLAR
**30% AFSL.**
ALLT AÐ 30% AFSL.

VINNSLUMINNI
**65% AFSL.**
ALLT AÐ 65% AFSL.

# ALLT AÐ 80% AFSL.

LOKADAGUR • EKKI MISSA AF ÞESSU • LOKADAGUR




**Samsung 923NW**
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p uppl., 5ms viðbrt., 1000:1 skerpu ofl.

**19.990**



## HÁTALARAR

Logitech
**Logitech Z320 2.0**
10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem gefur góðan hljóm allstaðar.

**11.990**



Logitech
**Logitech H330**
USB heyrnatól með Noise-canceling hljóðnema. Windows og Mac.

## HEYRNARTÓL HLJÓÐNEMI

**5.990**




## TÖLVUTILBOÐ

**119.990**

**Ace SPRENGJUTILBOÐ 1**
- AM3 DualCore Athlon II 240
- 2GB DDR2 vinnsluminni
- 640GB WD Caviar diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- MSI GeForce N210 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort
- Windows 7 Premium



## OFFICE HOME

**Microsoft Office Home and Student 2007**
Fullur pakki með Excel, OneNote, PowerPoint og Word 2007 fyrir 3 tölvur.

**12.990**



| OPNUNARTÍMI | |
|---|---|
| Lau. | 2. jan. 11-18 |

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1398
KR.KG
K.F FERSKT LAMBALÆRI
KRYDDAÐ MEÐ ÍSL VILLIJURTUM.



1139
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI




1798
KR.KG
SS FERSKT
KAMPAVÍNSKRYDDAÐ LAMBALÆRI




598
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




179
KR.STK
BÓNUS BRAUÐ 1 KG



798
KR.KG
N.F ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR




379
KR.STK
BÓNUS LÝSI 500ML




359
KR.PK
E.S MÚSLÍ ÁVAXTA 1 KG




259
KR.PK
E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG
VINSÆLASTA HAFRAMJÖLIÐ Í BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR 2010

## OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00-18:00

799 KR.KG
VÍNBER FRÁ SUÐUR-AFRÍKU
NÝ UPPSKERA - *STEINALAUS VÍNBER*

179 KR.KG
RAUÐ MELÓNA -VATNSLOSANDI OG FRÁBÆR Í ALLA KÚRA.

1398 KR.KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR

1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

98 KR.PK
E.S RÍSKÖKUR 100G

FRÁBÆRT VERÐ
998 KR.PK
N.F FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG

FRÁBÆRT VERÐ
359 KR.PK
E.S FROSIÐ BROCCOLI 1 KG

FRÁBÆRT VERÐ
359 KR.PK
E.S FROSIN BROCCOLI/
GRÆNMETISBLANDA 1 KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

ÚTSALAN BYRJAR Í DAG

25% VIÐBÓTARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

Hettupeysa, m/áletrun



Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 3.746

Hettupeysa, m/áletrun



Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 3.746

Soft Shell jakki
Fyrir dömur og herra



Outlet verð kr. 9.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 7.496

Gallabuxur fyrir dömur



Outlet verð kr. 3.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 2.996

Gallabuxnaleggings



Outlet verð kr. 2.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 2.246

Flíspeysa fyrir dömur



Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
VERÐ kr. 3.746

Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook.
Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!

*Gildir ekki af DVD-diskum.

Opið: Mán.-lau. 11 til 18
Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400


# Rassgöt


BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar




Bankahrunið hafði í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar; margar sem eru hrikalegar fyrir fjölskyldur landsins og éta upp hvern fréttatímann á fætur öðrum. Aðrar eru hvimleiðar, eins og til dæmis dauði bloggsins eins og við þekktum það.

**EINU** sinni var rosalega gaman að fara nokkra blogghringi á dag. Skapandi og spennandi pennar lak af hverju strái eins og smjör og hnyttnar færslur flæddu um netheima eins og bjór um götur Aspen.

**Í DAG** er öldin önnur. Sumir tala um að skoðanir séu eins og rassgöt, vegna þess að allir séu með slíkt. Það er satt, en við klæðum okkur til að fyrirbyggja að sýna rassgatið hvar sem er, hvenær sem er. Það á enginn skilið að fara út í búð og fá rassgat framan í sig óumbeðið. Það væri afar ómannúðleg meðferð á fólki.

**ÞANNIG** er Netið orðið í dag. Sjálfviljugur vafrar maður um í leit að upplýsingum, afþreyingu og öðru, en á leiðinni fær maður framan í sig rassgöt sem maður kærir sig ekki um. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri staðreynd að sumum finnst gaman að skoða alls konar rassgöt, ég ætla ekki heldur að neita því að sjálfur hef ég gerst sekur um slíkt. Þau eru bara svo mörg og ógeðsleg að leitin að gæðarassgötunum inni á milli verður sífellt erfiðari.

**KJÖTHEIMAR** hafa enn þá ótvíræða kosti fram yfir netheima. Samfélagið krefst þess að fólk hylji á sér rassgötin og kjósi maður að sjá þau hefur maður val. Undantekningin sannar regluna þar eins og í öðru og stöku sinnum rekst maður óviljugur á rassgat hér og rassgat þar. Í bloggheimum er önnur regla. Þar neyðist maður til að gramsa í rassgötum í leit að einhverju sem mark er takandi á.

**EINU** sinni voru bloggarar almennt vel skrifandi fólk, sem nýtti miðilinn af kunnáttu og röksemi. Svo sprakk sprengjan og ormarnir skriðu upp úr holunni. Í dag eru margir af góðu bloggurunum í felum, blogga örsjaldan eða eru hreinlega hættir. Eftir stendur hópur af fólki, sem er með rassgöt eins og annað fólk, en röltir bert að neðan um götur netheima, aðdáendum fortíðardrauganna til ama og leiðinda.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Lægra verð á Fruitmint og Spicemint
Nú hefur verðið verið lækkað á öllum pakkningum af Nicorette Fruitmint og Spicemint
nicorette fruitmint 2 mg nicotin
nicorette spicemint 2 mg nicotin
nicorette nicotin
KRAFTUR
Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.
Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

! **ath. kl. 17.30 á mánudag**
*Fyrsti viðburður á Bókasafni Seltjarnarness á þessu nýja ári eru tónleikar í röðinni Te og tónlist. Þeir verða á mánudaginn kl. 17.30. Á tónleikunum er boðið upp á samleik Sólrúnar Gunnarsdóttur á fiðlu og Sólveigar Thoroddsen á hörpu.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Fimm sýningar eru eftir*

Í lok þessa mánaðar lýkur sýningum á Söngvaseiði í Borgarleikhúsinu, það eru fimm sýningar eftir á sýningarskrá Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi. Þegar þeim er lokið verða sýningar á verkinu orðnar 86 en það var frumsýnt í byrjun maí og voru þegar þrjátíu sýningar seldar upp í rjáfur þegar tjaldið var dregið frá á frumsýningu. Er sviðsetning Þórhalls Sigurðssonar nú orðin ein aðsóknarmesta sýning í Borgarleikhúsi frá opnun þess 1989 og áhorfendur nú um 42.000. Fyrri sviðsetningar á verkinu hér á landi nutu einnig mikilla vinsælda, bæði hjá Þjóðleikhúsinu og hjá Litla leikklúbbnum á Akureyri. Má


**LEIKLIST** Valgerður Guðnadóttir syngur hlutverk Maríu. MYND LR/GRÍMUR BJARNASON

það þakka sígildum söngperlum sem skrýða verkið og svo merkilega skýru hlutverki Maríu sem Valgerður Guðnadóttir leikur. Þá er þátttaka barna í veigamiklum hlutverkum þakklát viðbót því áhorfendur undrar að sjá vel þjálfuð börn á sviði eins og vinsældir Olivers sýna enn og sanna.

Sviðsetningin mun lifa áfram því LR réðist í að láta hljóðrita öll helstu lögin og komu þau á disk í haust sem notið hefur mikilla vinsælda hjá ungum og eldri leikhúsgestum.

Næsta sýning er á morgun en vafalítið er orðið fátt um miða á sýningarnar sem þá verða eftir þegar þetta er ritað.

**> Ekki missa af**

sannkallaðri tónlistarveislu í Kvosinni. Tilefnið er Duplex-samkoma á tónleikastöðunum Sódómu og Batteríinu, þar sem vinabarinn Bakkus stendur á milli í alfaraleið á milli staðanna. Fram koma: Dikta, Kimono, Sin Fang Bous, Hudson Wayne, Rökkurró, For a Minor Reflection, Foreign Monkeys og Sunday Parlours. Dagskráin hefst kl. 21.30.

# Styrkur veittur

Fyrir skömmu hlaut Hákon Bjarnason píanóleikari styrk að fjárhæð kr. 1.500.000 úr Minningarsjóði um Birgi Einarsson apótekara. Þetta er 16. styrkurinn sem veittur er úr sjóðnum. Hákon Bjarnason er 22 ára gamall og varð fyrir skömmu sigurvegari í flokki háskólastigs í píanókeppni Íslandsdeildar EPTA, samtaka evrópskra píanókennara, í fjórðu keppninni sem haldin er hér á landi. Vegna styrkveitingarinnar úr Minningarsjóði um Birgi Einarsson kemur Hákon Bjarnason fram á tónleikum í Selinu á Stokkalæk á þrettándanum, 6. janúar 2010 kl. 20. Hann mun leika þar verk eftir Joseph Haydn, Hanns Eisler, Rachmaninoff og Johann Sebastian Bach. Aðgangur er ókeypis.






# Ríkisrevían síðasta árið

Leiklist ★★★

**Áramótaskaupið**

Höfundar: Anna Svava Knútsdóttir, Ari Eldjárn, Gunnar Björn Guðmundsson, Halldór E. Högurður, Ottó Geir Borg og Sævar Sigurgeirsson.

**Leikstjóri:** Gunnar Björn Guðmundsson

Hin árlega revía Ríkisútvarpsins sjónvarps kallar til sín sögulegt áhorf á vestrænan mælikvarða, hvorki ávörp þjóðarleiðtoga, stórir kappleikir eða stærri viðburðir ná jafn miklu áhorfi í nokkru samfélagi og Áramótaskaupið. Sú staða er býsna merkileg í menningarsögulegu tilliti og í sögu miðlunar. Þessi heljartök má líta bæði jákvæðum og neikvæðum augum. Skörp persónuleg, jafnvel meiðandi satíra, um nafnkunna einstaklinga, er vissulega til marks um frekar opinská umræðu, en á hinn bóginn er það dálítið kyndugt að einu sinni á ári skuli íslensk sjónvarpsstöð, sem bæði er ríkisstyrkt og getur sótt sér auglýsingatekjur – haft bæði belti og axlabönd, halda úti einu svo stóru dæmi. Þá spretta menn upp og segja Spaugstofan, Spaugstofan. Jú, en er sá margbreytilegi höfunda- og listamannahópur sem kom að skaupinu í fyrra og árin þar á undan ekki einmitt sönnun þess að Þórhallur Gunnarsson á að fara að skipta Spaugstofukröftunum út og hleypa nýrri og ferskari höfundum að.


**SKAUP** Erling sem Jón Ásgeir. MYND SJÓNVARPIÐ

Skaupið er hreint revíuform: liðnir atburðir skoðaðir og eins langt gengið í eftirhermu á ímynd opinberra einstaklinga og mögulegt er: Það er hið merkilega við bæði Skaup og Spaugstofu að þar ríkir handbragð og listfengi Rögnu Fossberg sem ár eftir ár býr til hermigervi af lifandi fólki sem gefa svo leikurum tækifæri að bæta í og fylla persónuna: Sigmundur Davíð verður eltur af Hannesi Óla meðan sá fyrrnefndi er í pólitík, rétt eins og Örn Árnason hefur fylgt Davíð og gerði raunar betur nú í Össuri og Sigurjóni bankastjóra. Hvert Skaup er upp á sín býtti, þó formgerðir þeirra haldi oftast í hendur frá ári til árs: upphafið að þessu sinni var stæling á atriði úr amerísku bíómyndinni Hangover, raunar eitt atriði innan úr Skaupinu líka. Í lagi þó ekki sé það frumlegt. Meginþungi var á ástand okkar í fjármálum og pólitík, þó það væri nú flest léttvægt. Þó stóðu upp úr afgreiðslur á nokkrum einstaklingum: Sigmundi Erni, Margréti Tryggvadóttur, Bjarna Ármannssyni svo dæmi séu nefnd. Sketsar lögðust í nokkrar raðir: Sandra Sól og hennar unga afgreiðslufólk var ein slík og vel heppnuð. Og í þessum atriðum mátti sjá fáséð snilldarbrögð í leik: Bjarni Haukur, Steinn Ármann, Þorsteinn Bachmann, Víkingur, þessi augnablik er mörg sýna snerpu í leikstjórn á hugmynd sem er góð, þar sem brandarinn liggur bæði í grunnhugmynd, textaútfærslu og loks framkvæmd. Gunnar getur því verið ánægður með sinn hlut.

Svo er annað sem gekk miður: langt lokadansatriði með Páli Hjálmtýssyni, var of langt, ekki vel dansað í rými sem var of þröngt og hvatningaróðurinn sem fylgdi var prýðilega saminn en átti einhvern veginn ekki við. En það var líka botn til að ljúka upphafsatriðinu úr Hangover.

Skaupið verður sent út aftur í dag, kl. 19.40. Það ætti að koma út á DVD með aukaefni strax eftir áramót og raunar ætti sá réttur að vera aðskilinn hinni árlegu sjónvarpssýningu. Var Skaupið betra nú en áður: það er fáránlegasta umræða sem til er. Því er ætlað margt erindið og það er erfitt að gera öllum til hæfis. Bara ekki hægt.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Skemmtilegt Skaup, víða beitt með mörgum fínum augnablikum.


**Ný og persónuleg jógastöð**

**Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 4. Janúar. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org Verð 14.900 kr.**

Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið Meðgöngujóganámskeið

Stakur tími 1.500 kr. • Mánaðarkort 10.900 kr. • 3 mánaðakort 23.900 kr. • 6 mánaðakort 36.000 kr. • 10 tíma klippikort 10.000 kr.

**Meðgöngujóganámskeið 10.500 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org


# Gott kvöld keppir um verðlaun

Valnefnd á vegum Leiklistarsambands Íslands hefur valið íslenskt leikskáld sem tilnefnt verður til leikskáldaverðlauna Norðurlanda 2010.

Í valnefndinni sátu Silja Aðalsteinsdóttir útgáfustjóri, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og tónlistarmaður og Jórunn Sigurðardóttir dagskrárgerðarmaður. Valnefndin komst að þeirri niðurstöðu að barnaleikritið Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur skuli hljóta tilnefningu til Norrænu leikskálda-verðlaunanna af Íslands hálfu að þessu sinni. Alls bárust 7 tilnefningar um barnaleikverk. Þess má geta að Áslaug hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bókina sem leikritið er gert upp úr. Norrænu leiklistarsamböndin standa að Norrænu leikskáldaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár í tengslum við Norræna leiklistardaga. Að þessu sinni var ákveðið að verðlauna leikskáld fyrir barnaleikrit þar sem norrænu leiklistardagarnir verða haldnir í tengslum við barnaleikhúshátíðina BIBU í Lundi í Svíþjóð dagana 5.-8 maí 2010.

Í umsögn valnefndar um Gott kvöld segir: Gott kvöld er vel skrifað leikverk, klassískt í byggingu og skiptast á leikin atriði og sungin.


**BÓKMENNTIR** Áslaug Jónsdóttir myndlistarmaður og leikskáld.

Þetta er frumlegt verk sem leikur sér á einstakan hátt að tungumálinu í þrívíðu samhengi leikhússins. Það er hugsað fyrir börn undir skólaaldri en virkar fyrir fólk á öllum aldri af því hvað það notar ímyndunaraflið og tungumálið á frjóan og skemmtilegan hátt. Persónur eru margar en hægt er að velja leiðir til að sýna þær: leika þær, teikna þær eða sýna þær á skuggamyndum á tjaldi. Þar gefur verkið leikhúsinu frjálsar hendur þó að verkið sé að öllu leyti fullunnið. Engar myndir fylgja af hinum óvæntu gestum þannig að hvert tungumál getur skapað þá í sinni mynd. Það léttir verkefni þýðandans.

Áslaug lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983 og stundaði síðan nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1984-1985.

Áslaug nam við Listiðnaðarskólann í Kaupmannahöfn árin 1985-1989 og lauk lokaprófi frá teikni- og grafíkdeild skólans. Frá því að Áslaug lauk námi hefur hún starfað sem teiknari, rithöfundur, grafískur hönnuður og bókverkakona. Hún hefur skrifað og myndskreytt fjölda barnabóka og tekið þátt í samsýningum, bæði hér heima og erlendis. - pbb

# Rokkað á Sódómu



ÞÚSUND KALL! Kimono er hluti af Duplex-veislu kvöldsins.

Duplex er ný tónleikasería og er haldin samtímis á Sódómu Reykjavík og Batteríinu fyrsta laugardag hvers mánaðar. Í kvöld er komið að þriðja Duplexinu. Fyrir þúsund krónur fá gestir armband og geta flakkað á milli staðanna tveggja og tékkað á rokkinu. Boðið er upp á svignandi hlaðborð að þessu sinni: hljómsveitirnar Dikta, Kimono, Sin fang bous, Hudson Wayne, For a Minor Reflection, Rökkurró og nokkrar enn munu skemmta gestum. Veislan hefst klukkan 21.

Tónlist ★★★

**Elíza Newman**

Pie in the Sky



## Sumarpopp í skammdeginu

Léttleikinn er allsráðandi á þessari annarri sólóplötu Elízu Newman, sem var áður í hljómsveitinni Kolrassa krókríðandi. Elíza vann plötuna bæði á Íslandi og í London með upptökustjóranum Gísla Kristjánssyni, sem gaf sjálfur út plötuna How About That á vegum EMI árið 2007.

Elíza var meira í rokkgírnum á sinni fyrstu sólóplötu sem kom út fyrir tveimur árum. Sama var uppi á teningnum í hljómsveitinni Skandinavia sem hún stofnaði eftir að Kolrassa lagði upp laupana. Núna hefur Elíza vent kvæði sínu í kross og syngur lauflétt ástar-popplög með ukulele að vopni, krydduð með krúttlegum hljómborðsleik. Bloom Again er til dæmis sérlega sólskinsríkt og er mjög í anda hinnar bresku Lily Allen. Star Wars Bar er poppslagari plötunnar, létt, skemmtilegt og grípandi.

Pie in the Sky gæti verið hárrétta platan til að koma út núna í skammdeginu til að létta fólki lundina. Annars virkar hún örugglega mjög vel í sumarhitanum þar sem sólin skín hvað bjartast. **Freyr Bjarnason**

**Niðurstaða:** Lauflétt poppplata frá fyrrverandi rokkgellu.

# Conan út - Seinfeld inn?

Það blæs ekki byrlega fyrir snillingnum Conan O'Brien sem settist í sæti Jays Leno í Tonight Show í sumar. Áhorf á þáttinn hefur hrunið um heil 52 prósent síðan hann tók við. Í nóvember mældist áhorfið hið minnsta í fimmtán ár svo það er ljóst að framsækið grín Conans er ekki að virka sem skyldi á Kanann. Eðlilega eru yfirmenn Conans hjá NBC farnir að svitna og tvístíga yfir þessu öllu saman og nú berast þau tíðindi að innanhúss gerist þær raddir háværari sem vilja að grínistinn Jerry Seinfeld taki við þættinum og það sem fyrst. Svona megi þetta ekki ganga öllu lengur. Enginn hefur þó fengist til að staðfesta þessi tíðindi, Jerry kannast ekki neitt og fólkið sem vinnur við þátt Conans segir þetta úr lausu lofti gripið.



**ÞÁTTASTJÓRNANDI?** Tekur Jerry Seinfeld við keflinu?



**VAN MORRISON** Ekki fjórða barnið.

# Morrison ekki pabbi

**Einhverjir ráku upp stór augu þegar tilkynnt var að norðurírski söngvarinn Van Morrison hefði orðið pabbi í fjórða sinn á milli jóla og nýárs. Átti tónlistarmaðurinn að hafa eignast son. En ekki var allt sem sýnist.**

**Einhverjir tölvuþrjótar höfðu brotist inn á vefsvæði hans og búið til þessa frétt og meira að segja gefið syninum nafn. Van er mikið í mun að vernda einkalíf sitt, svo ekki hefur verið gefið upp hvort hann og meint barnsmóðir séu gift, og ekki einu sinni hvort þau séu saman. Flestallir fjölmiðlar gleyptu við fréttinni og birtu hana á vefsíðum sínum og Van Morrison neyddist því til að senda frá sér tilkynningu um að barnsfæðingin ætti ekki við rök að styðjast.**



**> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR**

**Madonna í auglýsingaherferð** Söngdívan Madonna er stjarnan í nýrri auglýsingaherferð Dolce & Gabbana fyrir vor og sumar 2010. Myndirnar eru teknar af Steven Klein og á þeim er Madonna að borða spagettí og vaska upp, líkt og týpísk ítölsk „mamma“.

# stíll

utlit@frettabladid.is




Eldrauðan Mac varalit sem er gífurlega fallegur við vetrarfölvann.




Fegurðarleynd-armálið Beauty Flash Balm frá Clarins. Bjargar þreyttri húð!

## OKKUR LANGAR Í …




Nýja ilminn frá Marc Jacobs sem nefnist Lola. Seiðandi, sexí og í fallegri flösku.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Hið árlega heilsuátak

Sjaldan man ég eftir jólum þar sem ég hef farið í svona mörg jólaboð. Ég er þannig gerð að þegar ég borða mjög saltan eða reyktan mat, í gervi hangikjöts, síldar, salamipylsu og þar fram eftir götunum vakna ég næsta dag með augun á mér stokkbólgin og ekki frýnileg og auk þess gerir þetta mikla kjötát mann þreyttan og orkulausan. Auðvitað



vissi maður þetta fyrir fram enda fáránlegt að vera með einhverja stæla yfir jólin og segjast ekki borða hitt eða þetta. Fólk sem talar stanslaust um mataræði og aðhald er líka ótrúlega leiðinlegt og því hálfkvíðir maður næsta mánuði, janúar, þegar öll þjóðin er komin í megrun og á fullt í ræktinni, og Facebook-statusar uppfullir af þessum endalausu „farin í gymmið“-setningum. Samt getur líka verið mjög gaman að heyra þegar fólki tekst vel upp við að skipta algerlega um lífsstíl. Ég hitti vini frá New York um daginn sem höfðu ákveðið að hætta að reykja bæði tvö og fóru út að hlaupa í staðinn. Þetta uppátæki gekk svo vel að þau líta frábærlega út, reykingarnar algjörlega gleymdar og grafnar og enga bauga að sjá. Eins hallærislegt og það kann fyrst að virðast þá mæli ég samt mjög mikið með samstilltu heilsuátaki á heimilum. Það getur verið frábært að skella sér með betri helmingnum í ræktina, í sund og í pottinn og eiga virkilega góðan dag saman. Við því má búast að á næstu vikum verði blöð og tímarit uppfull af ráðum til að koma sér í form eftir jólin, líkt og fólk hafi bætt á sig tuttugu kílóum á einni viku af saltáti. Slíkt er væntanlega ómögulegt en ég er hins vegar fullviss um að þegar þessir myrku og köldu vetrarmánuðir hellast yfir okkur þá er bráðnauðsynlegt að hreyfa sig til þess að vinna bug á sleni eða mögulega skammdegisdepurð fyrir þá sem þjást af henni. Smávegis heilsuátak þarf heldur ekkert að kosta mikið. Farðu í sund eða út að hlaupa og vertu duglegur að borða ferskt grænmeti og ávexti, og mundu eftir að demba í þig D-vítamíni sem okkur Íslendinga skortir í skammdeginu!








**MJÚKAR LÍNUR KOMA AFTUR** Fyrirsætan Lara Stone sló í gegn á síðasta ári en hún er ekki ofurgrönn og strákaleg eins og margar fyrirsætur, heldur með mjaðmir, mitti og stóran barm. Því er spáð að „alvöru“ konur séu að koma sterkar inn.



**RYKIEL VINSÆL** Aldrei fyrr hafa föt frönsku tískudrottningarinnar Soniu Rykiel verið jafn vinsæl. Ekki spillti fyrir að keðjan H&M fór að selja ódýra Rykiel-línu í verslunum sínum. Hér sést pallíettugalli frá Rykiel fyrir haustið 2009.



HVAÐ BAR HÆST Á LIÐNU ÁRI?

# ÁRIÐ 2009 Í TÍSKUNNI

Hvert ár hefur sitt sérkenni hvað varðar strauma og stefnur í tísku. Hönnuðirnir Alexander McQueen og Manish Kapoor heilluðu heiminn með ævintýralegum litum og sniðum, Sonia Rykiel fór að selja föt í H&M, þrýstnir barmar eru aftur í tísku og áhrifa Michaels Jackson gætti víða. Hér er stutt yfirlit yfir hápunkta síðasta árs. -



**NÝ JAGGER STJARNA Í SVIÐSLJÓSIÐ** Yngsta dóttir Micks Jagger og Jerry Hall heitir Georgia May og fetar nú í fótspor móður sinnar og systur, Jade, sem fyrirsæta. Þrýstnar varir, langir leggir og ljósir lokkar en umfram allt skemmtilegt frekjuskarð hafa skotið henni á toppinn.



**TÍSKUKÓNGUR DEYR** Lát popparans Michaels Jackson hafði áhrif á tískuna um stund. Pallíettujakkar, hermannajakkar, hvítir hanskar og hattar verða eflaust vinsælir langt fram á næsta ár.



**GEIMVERUR HJÁ MCQUEEN** Ein sú sýning sem mesta athygli vakti á árinu var hjá hönnuðinum Alexander McQueen. Sýning hans fyrir næsta vor einkenndist af stórfenglegum klæðum sem minntu helst á íbúa Atlantis eða hreinlega frá annarri plánetu. Hér gefur að líta hælaskó frá línunni.

**LITADÝRÐ** Indverski hönnuðurinn Manish Aurora sló rækilega í gegn á vorsýningu sinni sem var haldin í París síðastliðinn október. Föt hans einkennast af ævintýralegri litadýrð.



**SKRAUTLEG ÍSLENSK HÖNNUN** Hjónin Magni og Hugrún í KronKron gerðu góða hluti með skólínu sína Kron by Kron Kron. Skórnir hafa notið gífurlega vinsælda hér heima og fengið lofsamlega umfjöllun í tímaritum ytra.

# 40%

afsláttur af
öllum vörum!

## Gleðilegt nýtt ár!

## Útsalan er hafin

## Opnum kl. 07:00

Kringlunni • Sími 551 3200

next

## > EKKERT HÚÐFLÚR

Leikkonan **Katie Holmes** vill fá sér húðflúr í líkingu við það sem Victoria Beckham fékk sér í tilefni af tíu ára brúðkaupafmæli þeirra Davids Beckham. Bóndi Katie, Tom Cruise, er þó ekki hrifinn af hugmyndinni þar sem húðflúr stríða gegn trú hans, en hann er sem kunnugt er meðlimur í Vísindakirkjunni.



Fólk

folk@fret

# Fullt á Hundahótelinu um jólin

Fullt var á Hundahótelinu á Leirum yfir hátíðarnar og að sögn Hreiðars Karlssonar, eiganda hótelsins, hefur það verið svo undanfarin ár.

„Það er yfirbókað allar hátíðar og sérstaklega yfir jól og áramót. Fólk er að flækjast fram og til baka í matarboð og það eru margir sem leysa hundana undan jólastússinu með því að gefa þeim frí. Það eru einnig margir hundar hræddir við flugelda og þeim líður betur hér hjá okkur. Við erum aðeins fyrir utan bæinn þannig að lætin eru minni hér,“ útskýrir Hreiðar. Hann segir fastagestum hótelsins hafa fjölgað til muna og hjá þeim dvelji oft sömu hundarnir nokkrum sinnum yfir árið.

Aðspurður segir hann hundana fljóta að aðlagast breyttum aðstæðum og eru það frekar eigendurnir sem eiga bágt með aðskilnaðinn. „Hundarnir væla kannski í tíu mínútur og svo er það búið, hundar eru fljótir að aðlagast breyttum aðstæðum, þeir hafa líka nóg fyrir stafni á meðan þeir dvelja hér. Eigendurnir eru viðkvæmari og sumir hafa grátið þegar þeir skilja hundana eftir, en svo verða mikil fagnaðarlæti við endurfundina.“

Hreiðar segist mæla með því að hundaeigendur panti pláss á hótelinu fram í tímann séu þeir að hugsa um að fara í frí. „Það er alltaf hægt að afpanta plássið verði ekkert úr fríinu, þá hringir fólk bara og lætur mig vita.“ **-sm**



**FULLT ÚT ÚR DYRUM** Hreiðar Karlsson segir mikið hafi verið að gera á Hundahótelinu yfir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**DÓRI Í STUÐI** Dóri DNA fór mikinn á Litla-Hrauni og þótti standa sig með hreinum ágætum þegar hann flutti gamanmál fyrir fangana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fóru á kostum á Litla-Hrauni

**Gamanhópurinn Mið-Ísland og hljómsveitin Hjaltalín gerðu sér ferð austur fyrir fjall um jólin og skemmtu föngum á Litla-Hrauni.**

Ferðin var farin þann 29.desember en það hefur færst í vöxt að íslenskir skemmtikraftar sinni föngum um hátíðirnar og þeir eru fyrir löngu orðnir fastur punktur í tilveru þeirra, tónleikar Bubba Morthens og vina hans á aðfangadag.

Góður rómur var gerður að uppistandi Mið-Íslands-hópsins og svo fyndnir þóttu þeir að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins braut einn fanginn stólinn sinn þegar hann fékk hláturskast yfir einum brandaranum. Og þótt tónlist Hjaltalín sé kannski ekki mikið „fangelsisrokk“ þá kunnu vistmenn á Litla-Hrauni vel að meta fagmannlega popptónlist hljómsveitarnnar en plata Hjaltalín, Terminal, var valin sú besta á árinu að mati gagnrýnenda Fréttablaðsins. **- fgg**



**ENGINN FANGELSISBLÚS** Hjaltalín flutti lög af sinni nýjustu plötu sem var valin sú besta á þessu ári að mati gagnrýnenda.



**Á LITLA-HRAUNI** Ari Eldjárn gaf fyrr á þessu ári út geisladisk með gamanmálum sínum og hér hlusta fangarnir á hvað hann hefur fram að færa.






# Skírði barnið í Póllandi

**Írski leikarinn Colin Farrell fór nýverið til Póllands ásamt kærustu sinni þar sem þau skírðu son sinn Henry sem fæddist í október. Athöfnin fór fram í kirkju í Kraká en kærasta Farrells er pólska leikkonan Alicja Bachleda. Henry er annað barn Farrells, sem átti fyrir hinn sex ára James með sinni fyrrverandi Kim Bordenave.**



**COLIN FARRELL** Írski leikarinn fór nýverið til Póllands þar sem sonur hans var skírður.

# Slæmir nágrannar

Leikarinn Mark Wahlberg er ósáttur við það að Beckham-fjölskyldan hafi flutt í götuna hans þar sem hann segir mikið ónæði fylgja henni. „Beckham-fjölskyldan! Ég bjó í rólegri götu þar til David flutti þangað með fjölskyldu sína. Skyndilega er allt krökkt af ljósmyndurum í hverfinu. Þeir elta alla þá bíla sem keyra niður götuna. Ég er ekki að segja að Beckham eigi að flytja burt, ég er bara ekki viss af hverju þau komu hingað til að byrja með. Við höfum engan áhuga á fótbolta. Það er borin von að Bandaríkjamenn fái áhuga á að horfa á níutíu mínútna langan leik þar sem menn hlaupa um en lítið gerist. Takk fyrir að reyna, en við munum halda okkur við hafna- og körfubolta,“ sagði leikarinn, heldur súr í bragði.



**ÓSÁTTIR NÁGRANNAR** Mark Wahlberg er ósáttur við Beckham-fjölskylduna og finnst of mikið ónæði fylgja þeim. Walhberg segist jafnframt lítinn áhuga hafa á fótbolta og kýs heldur körfubolta.


Laugar
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Spöngin
DWC
Dansstudio World Class
Vorönn hefst 11. janúar
ÞÚ LÆRIR ALLT Á EINUM STAÐ
HIPHOP-FUNKJAZZ-BARNADANSAR-CONTEMPORARY-LYRICAL-
MICHAEL JACKSON DANSAR-BROADWAY
NÝTT!
Frítt líkamsræktarkort á meðan á námskeiði stendur fyrir 15 ára og eldri
Glæsileg nemendasýning í lok annar !
KOMDU og vertu með !
ÍTR
Skráning í s: 553 0000
WWW.WORLDCLASS.IS
WWW.FACEBOOK.COM/DANSSTUDIOWORLDCLASS

# Mikið stuð á Mömmu Gógó



Feðgarnir Guðmundur Andri og Thor Vilhjálmsson voru að sjálfsögðu á frumsýningu Mömmu Gógó ásamt Þórgunni Önnu Örnólfsdóttur.



Þau voru heldur betur kát, þau Dóra Einars (í miðjunni), myndlistarkonan Annabelle (t.h) og kvikmyndagerðarmaðurinn Philip Clemo.



Leikstjórarnir Guðný Halldórsdóttir og Hrafn Gunnlaugsson voru meðal gesta í Háskólabíói en Hrafn tók son sinn með, hann Aron Daníel.

**Kvikmyndin Mamma Gógó eftir Friðrik Þór var frumsýnd í gær en blásið var til sérstakrar hátíðarsýningar í Háskólabíói 30. desember þar sem margt var um manninn.**

Sex ár eru liðin síðan Friðrik Þór sendi frá sér leikna kvikmynd en hann leikstýrði síðast Sólskinsdrengnum sem nú fer sigurför um heiminn og mun væntanlega taka þátt í Óskarsforvalinu 2011. Myndin segir frá Gógó sem reynir að ná áttum eftir að hafa verið greind með Alzheimer-sjúkdóminn. Kristbjörg Kjeld fer, að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins, algjörlega á kostum í hlutverki Gógóar en gamlar klippur úr hinni sögulegu mynd Eriks Balling, 79 af stöðinni, eru notaðar þar sem þau Kristbjörg og Gunnar Eyjólfsson léku einmitt aðalhlutverkin eins og í mynd Friðriks. Leikstjórinn kallaði á gamla samstarfsmenn til að gera þessa mynd; bak við tökuvélina er Ari Kristinsson, um tónlistina sér Hilmar Örn Hilmarson og leikmyndina gerir Árni Páll Jóhannsson. - fgg



Þau Friðrik Þór Friðriksson og Guðrún Edda Þórhannesdóttir eru fólkið á bak við Mömmu Gógó. Þau eru framleiðendur myndarinnar en Friðrik situr síðan auðvitað líka í leikstjórastólnum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Systurnar Arnhildur Reynisdóttur og Elín Reynisdóttir létu sjá sig á hátíðarsýningunni.



Birkir Kristinsson og Ragnhildur Gísladóttir láta sig ekki vanta þegar íslenskir menningarviðburðir eru annars vegar.



Þeir voru tveir góðir saman, Jón Egill Bergþórsson og Ásgrímur Sverrisson, á frumsýningunni.



Björn Karlsson brunamálastjóri og Rebekka Ragnarsdóttir voru meðal gesta í Háskólabíói.




## Best og verst á árinu

Megan Fox var kosin versta leikkona ársins 2009 af notendum vefsíðunnar Moviefone, hún var einnig valin kynþokkafyllsta leikkonan. Það kemur líklega fáum á óvart að almenningur kaus kvikmyndina New Moon sem vinsælustu mynd ársins, í öðru sæti var stórmyndin Avatar í leikstjórn James Cameron.

Besta leikkona ársins var Sandra Bullock fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Blinde Side og þótti George Clooney sýna góðan leik í kvikmyndinni Up in the Air.

Hasarmyndin Transformers fékk fjölda tilnefninga og var valin bæði versta kvikmyndin og besta hasarmyndin. Það er því augljóst að skiptar skoðanir eru um hvað séu góðar myndir.



**LÉLEG EN FALLEG** Megan Fox var kosin versta leikkona ársins 2009.

## Erfitt í Hollywood

Leikkonan Natalie Portman sagði í viðtali við þýskt tímarit að það væri henni nauðsynlegt að eiga stuðning foreldra sinna. Portman sagði að það væri vegna þeirra sem hún hefði styrk til að takast á við duttlunga Hollywood. „Fjölskylda mín og vinir hafa alltaf verið til staðar fyrir mig og það er mér mikilvægt því í Hollywood skiptast á skin og skúrir. Einn daginn er verið að hrósa manni og næsta dag er verið að rífa þig niður. Það er mjög lýjandi fyrir mann,“ sagði Natalie.



**FJÖLSKYLDAN NAUÐSYNLEG** Natalie Portman segir nauðsynlegt að hafa stuðning fjölskyldunnar.


Regatta
GREAT OUTDOORS
LAGER
SALA
CRAGHOPPERS
dare2b
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
verslun
heildverslun
ÚTIVIST
&SPORT
Faxafen 12 S. 533-1550.

NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEGT ÁR! NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 1 - 3 - 6 - 8 - 10.35 | L |
| MAMMA GÓGÓ LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.40 - 8 - 10 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 2 - 3.10 - 4.10 - 5.20 - 6.20 - 8.30 | L |
| 2012 | kl. 10.40 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.30 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 | L |
| WHATEVER WORKS | kl. 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓÓ | kl. 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4* - 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 5* - 8 | 10 |

*Einungis laugardag og sunnudag

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| TAKING WOODSTOCK | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| AVATAR 2D | kl. 3.20 - 6.45 - 10.10 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

ATH: SÝNINGARTÍMAR GILDA 2. OG 3. JANÚAR



NÝTT Í BÍÓ! LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus GLEÐILEG JÓL




AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2 og 4 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 3.50, 6, 7, 9 og 10.10 | 10 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2 | L |









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali | kl. 1:30 - 2 - 3:40 - 4:10 - 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:30 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:50 - 5:40 - 8 - 9 - 10 - 10:20 - 11:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4:10 - 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 8 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6:20(3D) | 7 |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 1. 2. 3. og 4. jan í Álfabakka
Kynnið ykkur tímana fyrir 2. - 4. jan. í kringlunni, Akureyri, Selfossi og í Keflavík á www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 8:30 - 10:20 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| SORORITY ROW | kl 10:40 | 16 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




FER Á KOSTUM „Gjörsamlega magnaður leikur hjá Kristbjörgu Kjeld sem deyr í augunum á hvíta tjaldinu eftir því sem sjúkdómurinn hroðalegi ágerist,“ segir gagnrýni Fréttablaðsins.

# Börn náttúrunnar 2 - glettin elliglöp

Kvikmyndir ★★★★

**Mamma Gógó**

Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson

**Aðalhlutverk:** Kristbjörg Kjeld, Gunnar Eyjólfsson og Hilmir Snær Guðnason

Friðrik Þór hefur gert frábærar myndir. Djöflaeyjan og Englar alheimsins komast auðveldlega inn á topp 10 íslenskra kvikmynda. Börn náttúrunnar líka. Hún snart mig djúpt þegar ég sá hana í Stjörnubíói 1991. Ég hef aldrei grenjað jafn mikið í bíó. Það var bara eitthvað við það að sjá Gísla Halldórsson staulast um í sveitinni í Skagafirði sem hitti svona í mark. Dramatísk strengjatónlist Hilmars Arnar, sem var glæný fyrir manni á þessum tíma, ýtti líka mikið undir táraflóðið. Ég grenjaði látlaust fyrir hlé, fór bólginn huldu höfði í hléinu og reyndi svo að harka af mér eftir hlé. Ég sagði Friðriki Þór frá þessu skömmu síðar þegar ég hitti hann á bar. Hann glotti og sagði að með Börnum náttúrunnar hafi hann viljað fá fólk til að borga sig inn á jarðarför afa síns og ömmu.

Ég veit ekki hvað hann myndi segja núna um Mömmu Gógó – kannski að hann hafi viljað fá fólk til að borga sig inn á reynsluna af Alzheimer-sjúkdómi mömmu sinnar – en nú felldi ég engin tár. Fékk reyndar oft kökk í hálsinn, en hló þess meira, bæði upphátt og inn í mig af því mér fannst eitthvað „við hæfi“ að hlæja upphátt að „þessu“. Myndin er fyndin og sorgleg til skiptis eða bæði í senn. Það er undarlegt að hlæja og fá kökk í hálsinn í einu – en það er margt skrýtið sem getur gerst í bíó.

Mamma Gógó er um Alzheimer-sjúkdóminn, gerist í nútímanum en samt á óræðum tíma þar sem atburðir liðinna ára hrærast skemmtilega saman. Gógó (Kristbjörg Kjeld) er mamma leikstjórans (Hilmir Snær), sem frumsýnir Börn náttúrunnar í byrjun myndarinnar. Börn náttúrunnar er algjört flopp og leikstjórinn berst í bökkum með bullandi yfirdrátt. Hann vonar að gæfan snúist sér í vil ef myndin verður tilnefnd til Óskarsverðlauna. Við bankastjórann viðurkennir leikstjórinn að hann viti ekki hvað hann var eiginlega að spá með að gera nítíu mínútna kvikmynd um gamalmenni að vafra um í íslenskri þoku. Eins mætti kannski spyrja hver markhópurinn sé fyrir grátbroslega mynd um heilabilun.

Í Mömmu Gógó er mikið vitnað í Börn náttúrunnar og hún og önnur snilldarmynd eldri, 79 af stöðinni, fléttuð inn í myndmálið. Það er áhrifaríkt og sniðugt því þannig geta Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyjólfsson (framliðinn eiginmaður Mömmu Gógóar) verið þau sjálf fimmtíu árum fyrr. Leikurinn er góður á línuna, en gjörsamlega magnaður hjá Kristbjörgu Kjeld. Hún deyr í augunum á hvíta tjaldinu eftir því sem sjúkdómurinn hroðalegi ágerist. Óhætt er að segja að Kristbjörg haldi þessari mynd uppi. Samband hennar og Hilmis er sannfærandi og fallegt. Hilmir er enn og aftur þögla tvístígandi týpan. Hann og Margrét Vilhjálmsdóttir endurtaka hjónin úr Brúðgumanum, nema nú er Margrét ekki geðveik heldur bara frekar þurr.

Tæknilega er Mamma Gógó frábær. Útlit myndarinnar er í hreinræktuðum „Friðriks Þórs-anda“ þökk sé Árna Páli Jóhannssyni leikmyndahönnuði og Hilmar Örn er til taks með táraflóðurnar. Eins og vera ber í mynd eftir Friðrik Þór eru til staðar hægar tökur af landslagi, bílum að keyra hægt á þjóðvegi og gömlu fólki í bælinu að díla við draugagang. Handritið er fínt, myndin rennur vel en er þó full snubbótt í endann. Fannst mér að minnsta kosti þegar ég kom út. Þegar ég hugsaði þetta betur sætti ég mig þó við endinn: Lífið er snubbótt.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð og grátbrosleg mynd um heilabilun, frábærlega leikin og mjög „Friðriks Þórs-leg“.


# Jóga

í Kirkjuhvoli í Garðabæ

Framhaldstímar byrja 4. janúar. Mánud. og fimmtud. kl. 18.00-19.15
Byrjendanámskeið hefst 11. janúar. Mánud. og fimmtud. kl. 19.30-20.45

Kennari er Anna Ingólfsdóttir
Krípalu Jógakennari

Upplýsingar og skráning í símum 565 9722 og 893 9723 og einnig á www.annaingolfs.com

Frír jógatími 9. janúar kl 11



Anna Ingólfsdóttir



Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ bara lúxus
Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ 550 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# HELGIN 2.-3. JANÚAR

**Seljum síðustu eintök og útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti núna um helgina.**




## Sjónvörp
## Ísskápar
## Frystiskápar
## Frystikistur




## Ofnar
## Helluborð
## Þvottavélar




## Þurrkarar
## Háfar
## Eldavélar
## Uppþvottavélar ofl.

**Opið til kl. 18 laugardag og til kl. 18 sunnudag**

| | |
|---|---|
| Opið mán. - fös. | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Heiðar á óskalista Newcastle



Enskir fjölmiðlar fullyrtu í fyrrakvöld að enska B-deildarfélagið Newcastle hefði áhuga á að fá landsliðsmanninn Heiðar Helguson í sínar raðir en hann hefur verið á láni hjá Watford frá QPR. Bæði þessi lið leika í ensku B-deildinni. Lánssamningur Heiðars er útrunninn og mun hann því ekki spila með Watford gegn Chelsea í ensku bikarkeppninni á morgun. Fram kemur í The Daily Mail að forráðamenn Newcastle hafi boðið 1,25 milljónir punda í Jermaine Beckford hjá Leeds en þar sem því tilboði hafi verið hafnað muni þeir næst snúa sér að Heiðari.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÍVAR INGIMARSSON: READING MÆTIR LIVERPOOL Í ENSKU BIKARKEPPNINNI Í DAG

# *Vonandi tækifæri til að gefa okkur klapp á bakið*



Fjölmargir leikir fara fram í þriðju umferð ensku bikarkeppninnar í dag. Íslendingaliðið Reading mætir Liverpool á heimavelli sínum klukkan 17.15 og má búast við því að þrír Íslendingar verði í eldlínunni: Ívar Ingimarsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Sá fjórði, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, samdi við Reading í vikunni en fær ekki keppnisleyfi fyrr en eftir helgi.

„Það er hið besta mál að fá Gunnar, hann mun vonandi reynast okkur góður liðsstyrkur og ná sér vel á strik," sagði Ívar við Fréttablaðið. „Okkur veitir alls ekki af því að skora fleiri mörk."

Gengi Reading á leiktíðinni hefur verið langt undir væntingum. Liðið er í 20. sæti ensku B-deildarinnar, aðeins tveimur stigum frá fallsæti. Ívar segir það því kærkomið að fá stórlið eins og Liverpool í heimsókn í bikarkeppninni.

„Það verður örugglega fullur völlur, mikil stemning og eftirvænting hjá stuðningsmönnum. Það vilja allir sjá leikmenn eins og Gerrard og Torres og verður líka gaman fyrir leikmenn að fá að spreyta sig gegn þeim," segir Ívar. „Við höfum átt nokkuð erfitt í deildinni og vonandi brýtur það aðeins mynstrið að fá núna stóran bikarleik og vonandi getum við notað hann til að gefa okkur klapp á bakið fyrir síðari hluta tímabilsins."

Ívar segir þó að liðið eigi ekki meira skilið en liðið hefur fengið hingað til á tímabilinu. „Ekki eins og staðan er núna. Við höfum nú spilað 23 leiki og það er ekki alltaf hægt að vera óheppinn. Hluti af fótbolta er að nýta færin sín og það höfum við ekki gert vel. Við erum í þeirri stöðu sem við erum og það er engin tilviljun. Hins vegar er ég sannfærður um að við munum fara hratt upp stigatöfluna ef við förum að spila saman sem lið og gera færri einstaklingsmistök."

Liverpool hefur ekki heldur þótt standa undir væntingum en þykir þó talsvert sigurstranglegri aðilinn í leiknum. „En það er sama hver andstæðingurinn er – mér finnst aldrei gaman að skíttapa leikjum. Við munum leggja okkur alla fram í leiknum og vonandi dugar það til að ná góðum úrslitum."



**985 STIG** Helena Sverrisdóttir er bara 15 stigum frá 1000 stigum fyrir TCU. MYND/AP

Helena Sverrisdóttir hjá TCU:

## Að nálgast þúsundasta stigið

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir var einu stigi frá því að jafna persónulega stigametið sitt með TCU þegar hún skoraði 26 stig í 66-61 útisigri á Houston í bandaríska háskólaboltanum á gamlárskvöld.

Helena hitti úr þremur af fimm þriggja stiga skotum sínum og tók sex fráköst í leiknum. TCU-liðið vann þarna sinn fjórða leik í röð og hefur alls unnuð 9 af 12 leikjum sínum á tímabilinu.

Helenu vantar nú ekki nema 15 stig til að verða ellefti leikmaðurinn í sögu TCU til að skora þúsund stig og þá er hún aðeins sex stoðsendingum frá því að gefa stoðsendingu númer 300. Næsti leikur TCU er á móti Texas A&M Corpus Christi á laugardaginn.

- óój



**KOMINN TIL VALS** Haukur Páll Sigurðsson í leik með Þrótti sumarið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haukur Páll Sigurðsson:

## Samdi við Val

**FÓTBOLTI Haukur Páll Sigurðsson er genginn í raðir Vals en hann gerði tveggja ára samning við félagið á gamlársdag.**

**Haukur er 22 ára gamall og er uppalinn Þróttari. Hann hefur leikið þar alla sína tíð en var í láni hjá norska liðinu Alta IF í haust. Hann skoraði sex mörk í fimmtán deildarleikjum með Þrótti í sumar og á alls að baki 83 leiki með liðinu á ferlinum.**

**Haukur á einnig að baki sex leiki með yngri landsliðum Íslands.**

- esá

# Íþróttaárið 2009 í máli og myndum

**Þó svo að hvorki Ólympíuleikar né stórmót í knattspyrnu fór fram á þessu ári kenndi ýmissa grasa í heimi íþróttanna á árinu sem er að líða. Hér verður stiklað á því helsta sem átti sér stað hér heima sem og ytra.**



**KVADDI CIUDAD MEÐ STÆL** Ólafur Stefánsson lék sjötta og síðasta tímabilið sitt með Ciudad Real á Spáni. Liðið varð spænskur meistari og vann Meistaradeildina annað árið í röð. Hér er Ólafur á háhesti eftir seinni úrslitaleik Meistaradeildarinnar á móti THW Kiel þar sem Ólafur spilaði frábærlega, skoraði 8 mörk og hjálpaði Ciudad að vinna upp 5 marka forskot þýska liðsins úr fyrri leiknum. MYND/NORDICPHOTOS/BONGARTS



**EINSTÖK ÞRENNA** Eiður Smári Guðjohnsen varð fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til að vinna Meistaradeild Evrópu og jafnframt sá fyrsti til að vinna þrennuna. Eiður Smári var í liði Barcelona sem vann spænska titilinn, spænska bikarinn og Meistaradeild Evrópu. Eiður Smári sat á bekknum í úrslitaleiknum í Meistaradeildinni og fékk ekki mikið að spreyta sig með liðinu. Hann var síðan seldur til franska liðsins Mónakó í haust þar sem hann hefur ekki fundið sig. Hér fylgjast Thierry Henry og Lionel Messi með Eiði með Meistaradeildarbikarinn. MYND/NORDICPHOTOS/AFP



**ÓTRÚLEG SAGA CASTER** Hin átján ára gamla Caster Semenya fagnaði sigri í 800 metra hlaupi kvenna á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum í Berlín í ágúst síðastliðnum. Skömmu fyrir hlaupið var henni tilkynnt að henni yrði gert að gangast undir kynjapróf. Niðurstöður þess hafa ekki verið formlega kynntar en því var lekið í fjölmiðla að samkvæmt prófinu væri hún tvíkynja. Hún fékk þó að halda verðlaunum sínum en áhugi heimspressunnar á þessu ótrúlega máli verður væntanlega til þess að líf hennar verður aldrei samt og að hennar íþróttaferli sé nú lokið. NORDIC PHOTOS/AFP



**HENRY Í HANDBOLTA** Thierry Henry kom Frökkum á HM í Suður-Afríku með því að leggja upp mark fyrir William Gallas í framlengdum leik Frakka og Íra í umspili undankeppninnar í Evrópu. Henry lagði boltann fyrir sig með höndinni eins og sást bersýnilega í sjónvarpi en markið fékk að standa óhaggað. Írar bálreiddust en komast ekki á HM þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá úrslitum leiksins breytt. NORDIC PHOTOS/AFP



**SEXTUGA ÖSKUBUSKAN** Hinn gamalreyndi Bandaríkjamaður Tom Watson kom golfheiminum í opna skjöldu þegar hann var lengst af í forystu og komst svo í umspil á opna breska meistaramótinu – 26 árum eftir að hann vann síðast stórmót á ferlinum. Hann varð þó að játa sig sigraðan fyrir Stewart Cink í umspilinu. NORDIC PHOTOS/GETTY



**DÝRASTI LEIKMAÐUR HEIMS** Cristiano Ronaldo varð dýrasti knattspyrnumaður heims eftir að Real Madrid keypti hann frá Manchester United á 94 milljónir evra, um sautján milljarða króna. Eins og gefur að skilja var áhugi Madrídinga á portúgalska töframanninum gríðarmikill. NORDIC PHOTOS/GETTY

# ÁRANGUR
## FYRIR KONUR



Góður árangur og frábær vitnisburður viðskiptavina okkar er okkur hvatning til að vinna stöðugt að endurbótum á þessum öflugu námskeiðum. Kynntu þér hvað hentar þér!

## Árangur



**Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur**
Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tökum og komast vel í gang.

6-vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar, árangursríkar.
Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú náir þínum markmiðum.

Innifalið:
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtun og fitumælingar

Hefst 11. janúar.
Verð 22.900 kr.

**Barnagæsla** Frábært starfsfólk tekur börnunum opnum örmum.
Kynntu þér opnunartíma á hreyfing.is



## LÍKAMI OG SÁL

**Styrktu líkamann og losaðu þig við streitu.**
Þú styrkist, liðkast og endurnærist á líkama og sál.
Góðar og árangursríkar styrktaræfingar, teygjur og slökun.
Æfingar úr jóga, Pilates, Tai Chi og öðrum góðum æfingakerfum.
6- vikna námskeið – 2x í viku

NÝTT!

Hefst 11. janúar.
Verð 16.900 kr.



## Árangur / Síðustu 5 kílóin

**Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló!**
Fjölbreytt námskeið með mjög miklu aðhaldi.
Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna. Losnaðu við eilífa sætindaþörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

- Mataræðið er tekið í gegn
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan
- Þú færð hvatningu, fróðleik og uppskriftir í tölvupósti 5x í viku

Hefst 11. janúar
Verð 22.900 kr.

6-vikna námskeið –3x í viku

NÝTT!



## Árangur / EFTIRBRUNI

**Fyrir vanar konur**
Í hverjum tíma er leitast við að ná að mynda hinn svokallaða eftirbruna. Þá verður aukinn fitubruni í margar klukkustundir eftir að æfingu lýkur. Námskeið fyrir þær sem hafa æft reglulega á árinu og vilja hámarka árangur sinn.
Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna.

6-vikna námskeið –3x í viku

Hefst 11. janúar
Verð 22.900 kr.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



**MEISTARADROTTININGIN** Florentina Stanciu var lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Stjörnunnar og hefur unnið titilinn síðustu fjögur ár, fyrst með ÍBV (2006) og svo með Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SIGURGLEÐIN ENGU LÍK** Jón Arnór Stefánsson varð Íslandsmeistari með KR í vor, spilaði skömmu seinna með Benetton í úrslitakeppninni á Ítalíu og fór síðan til Spánar í haust. Jón Arnór meiddist fyrir tímabilið en sýndi mikinn dugnað og sneri til baka tveimur mánuðum á undan áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SKEMMTILEGASTA STUÐNINGSLIÐIÐ Á EM** Íslenska kvennalandsliðið tók þátt í EM í Finnlandi og þrátt fyrir að liðið hafi ekki unnið leik í Finnlandi þá settu íslensku stuðningsmennirnir stóran svip á stúkuna á mótinu. Hér fer Íris Björk Eysteinsdóttir, eiginkona þjálfarans, fyrir íslensku stuðningsmönnunum en Ísland fékk seinna sérstök háttvísiverðlaun fyrir fyrirmyndar framkomu á Evrópumótinu. NORDICPHOTOS/AFP



**ÓTRÚLEGUR ENDASPRETTUR** Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum varð Íslandsmeistari í golfi í fyrsta sinn og 37 árum eftir að faðir hans, Loftur Ólafsson, vann titilinn 1972. Ólafur Björn átti frábæran endasprett þegar hann vann upp fimm högga forskot Stefáns Stefánssonar á síðustu sex holunum. Hér fagnar Ólafur einu af mögnuðum púttum sínum á lokaholunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ** Valskonur unnu tvöfalt í kvennafótboltanum og fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum fjórða árið í röð. Laufey Ólafsdóttir (til vinstri) tók fram skóna á miðju sumri eftir tæplega fjögurra ára fjarveru og átti mikinn þátt í að liðið vann langþráðan bikarsigur. Rakel Logadóttir (til hægri) átti einnig flott tímabil með Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SÖGULEG ÞJÁLFARABYRJUN Í EFSTU DEILD** Heimir Guðjónsson gerði FH-liðið að Íslandsmeisturum annað árið í röð og hefur þar með fyrstur þjálfara gert lið að Íslandsmeisturum á tveimur fyrstu árum sínum sem þjálfari í meistaraflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MEISTARAR Á NÝ** Arnar Pétursson, fyrirliði Hauka, sést hér með Íslandsmeistarabikarinn sem karlalið Hauka vann annað árið í röð. Arnar kvaddi Haukaliðið sem meistari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**AFTUR Á TOPPINN** Haukakonur urðu Íslandsmeistarar í kvennakörfunni í þriðja sinn á fjórum árum eftir sigur á bikarmeisturum KR í frábærum oddaleik um titilinn. Hér fagna Ragna Margrét Brynjarsdóttir, Kristrún Sigurjónsdóttir og Helena Hólm titlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VERÐUR BETRI MEÐ ALDRINUM** Ryan Giggs átti ótrúlegt ár. Hann varð leikjahæsti leikmaður í sögu Manchester United, var valinn leikmaður ársins af samtökum leikmanna og íþróttamaður ársins í Bretlandi. Hann er eini maðurinn sem hefur skorað á öllum keppnistímabilum ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi og skoraði sitt 100. úrvalsdeildarmark á ferlinum í leik gegn Portsmouth í nóvember. Enginn hefur unnið ensku úrvalsdeildina oftar, en hann varð meistari með United í ellefta sinn í vor. NORDIC PHOTOS/GETTY



**MARADONA AFTUR Í SVIÐSLJÓSINU** Hinn skrautlegi Diego Maradona var mikið í fréttum á árinu en hann þótti afar umdeildur í starfi sínu sem landsliðsþjálfari Argentínu. Liðið hikstaði mjög undir hans stjórn og skreið liðið inn á HM eftir sigur á Úrúgvæ í undankeppninni í Suður-Ameríku. Eftir leikinn úthúðaði hann öllum þeim sem höfðu gagnrýnt hann og gekk hann svo langt að hann var dæmdur í tveggja mánaða bann í kjölfarið fyrir ósæmilega hegðun. NORDIC PHOTOS/GETTY



**FALL RISANS** Þegar fréttir bárust af því að Tiger Woods hafi lent í bílslysi fyrir utan heimili sitt seint í nóvember höfðu flestir áhyggjur af heilsufari hans enda gáfu fyrstu fregnir til kynna að hann væri alvarlega slasaður. Það átti eftir að breytast fljótt og atburðurinn tengdur við frétt slúðurblaðsins National Enquirer um meint framhjáhald hans við Rachel Uchitel. Á næstu vikum kom í ljós að Tiger hafði ítrekað haldið framhjá eiginkonu sinni, hinni sænsku Elin Nordegren, með fjölda kvenna. Hann tilkynnti ótímabundið frí sitt frá golfi, margir styrktaraðilar yfirgáfu hann og hjónaskilnaður blasir við. Í nánast einni svipan var flekklaus ímynd Tigers Woods í molum. NORDIC PHOTOS/AFP



**TÍU TITLA MAÐUR** Phil Jackson varð fyrsti þjálfarinn í sögu NBA-deildarinnar til að vinna tíu meistaratitla á ferlinum er LA Lakers vann Orlando Magic í úrslitum NBA-deildarinnar í vor. Jackson vann sex titla með Chicago Bulls á síðasta áratug og hefur unnið fjóra með Lakers á þessum. Þar að auki vann hann tvo titla sem leikmaður með New York Knicks. NORDIC PHOTOS/GETTY




**RÓS Í HNAPPAGATIÐ** Jenson Button fagnaði sigri á afar sérstöku keppnistímabili í Formúlu-1. „Korteri“ fyrir mót var keppnislið Brawn GP myndað úr rústum Hondu-liðsins sem hætti við þátttöku. Button fagnaði sigri í flokki ökuþóra og lið hans, Brawn GP, í flokki bílasmiða. NORDIC PHOTOS/GETTY



**GAF Í BOTN** Ólíkt því sem gerðist á Ólympíuleikunum í Peking gaf jamaíski spretthlauparinn Usain Bolt ekkert eftir á lokakaflanum í 100 metra hlaupi sínu á HM í Berlín í ágúst. Enda stórbætti hann eigið heimsmet í greininni er hann kom í mark á 9,58 sekúndum. Hann endurtók svo leikinn í 200 metra hlaupi er hann hljóp vegalengdina á 19,19 sekúndum. Bolt virðist einfaldlega ómennskur. NORDIC PHOTOS/AFP



JÖRUNDUR RAGNARSSON
JÓN GNARR
PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON
BJARNFREÐARSON
YFIR 30.000 BÍÓGESTIR!
SÝND Í SAMBÍÓUNUM UM LAND ALLT
... Skærasti logi íslenskrar afþreyingar...
Verulega vönduð og góð kvikmynd... Einstaklega vel skrifuð með ótrúlegum endaspretti...
Frábær tónlist Péturs Ben, frábær myndataka... Bjarnfreðarson er frábært drama...
Það var lagið!
★★★★
DV / Dóri DNA
Falleg saga um ómótstæðilegar persónur...
Jón, Jörundur og Pétur Jóhann standa sig frábærlega...
Tónlist myndarinnar er frábær...
Bjarnfreðarson á mikið erindi við íslenska þjóðarsál...
Miðjan.is / Bergur Ebbi
Meinfyndin...
Allsherjar flugeldasýning frá upphafi til enda... Aldrei dauður punktur...
Alfyndnasta sem bálkurinn hefur boðið upp á...
Afar fullnægjandi málalok á bestu sjónvarpsþáttum sem gerðir hafa verið hér á landi.
... Fullnægjandi lyktir á frábærum bálki.
★★★★
Fréttablaðið / Bergsteinn Sigurðsson
sagafilm
Coca-Cola
SAMFILM
vodafone



> **Michael C. Hall**

„Fólk hvíslar því að mér að því líki vel við Dexter. Það þorir ekki að segja það upphátt.“

***Hall leikur dagfarsprúða morðingjann Dexter í samnefndum þætti sem sýndur er á Skjá einum. Fjórða þáttaröðin hefst í kvöld kl. 21.50.***

# dagskrá
## sunnudagur

### SUNNUDAGSKVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.35**

**Cold Case**

